# ÁRSSKÝRSLA 2013

1. ÁGÚST 2012–31. JÚLÍ 2013

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**
Iceland Academy of the Arts

# ÁRSSKÝRSLA 2013 – EFNISYFIRLIT


4 **Skýrsla rektors**
19 **Deildir**

- *Hönnunar- og arkitektúrdeild*
- *Leiklistar- og dansdeild (nú sviðslistadeild)*
- *Listkennsludeild*
- *Myndlistardeild*
- *Tónlistardeild*

57 **Stoðsvið**

- *Alþjóðamál*
- *Bókasafn*
- *Rannsóknarþjónusta*
- *Náms- og kennsluþjónusta*
- *Tölvu- og vefþjónusta*

71 **Lykiltölur**
75 **Viðaukar**

## SKÝRSLA REKTORS – EFNISYFIRLIT


4 **Starfsemi stjórnar**
4 **Fundir stjórnenda og samráð**
- *Framkvæmdaráð*
- *Fagráð*
- *Aðrir samráðs- og vinnufundir*
- *Samstarf við nemendur og nemendaráð*
- *Fundir rektors með nemendum*
- *Menningarferð starfsmanna og árshátíð*

5 **Starfsfólk**
- *Fjöldi starfsmanna og stöðugildi*
- *Rektor*
- *Framkvæmdastjóri*
- *Akademískir starfsmenn*
- *Starfsmenn á stoðsviðum*

6 **Nemendur**
6 **Skipulag stjórnsýslu**
7 **Fjármál og rekstur**
- *Ársreikningur 2012–2013*
- *Fjárhagsstaða skólans*

8 **Húsnæði og byggingamál**
- *Núverandi aðstaða*
- *Áform um byggingu*

9 **Þróun og gæðamál**
- *Innra mat fagsviða / fagúttektir*
- *Stofnanaúttekt*
- *Gæðahópur*
- *Gæðahandbók*

10 **Stefnumótun 2013–2017**
11 **Siðareglur**
11 **Störf kennara**
- *Reglur um veitingu akademískra starfa*
- *Viðmið um mat á þekkingu og reynslu háskólakennara*
- *Skilgreiningar á störfum kennara*
- *Rannsóknamisseri*
- *Starfsþróunarsjóður kennara*
- *Rannsóknasjóður og Útgáfusjóður*

9 **Rannsóknir og nýsköpun**
13 **Samstarfsverkefni og tengsl við samfélagið**
- *Ný stefnumótun*
- *Samráðsvettvangur*
- *Verkefni 2012–13*
- *Nýsköpunarsjóður námsmanna*

14 **Alþjóðamál**
- *Samstarfsnet og samstarfssamningar*
- *Nemenda- og kennaraskipti*
- *Alþjóðaskrifstofan*

15 **Nýtt nám**
- *Meistaranám í myndlist og hönnun*
- *Meistaranám í leiklist*
- *Kvikmyndanám*

16 **Styrktarsjóður Halldórs Hansen**
16 **Dansmennt**
17 **Helstu verkefni 2013–2014**

# SKÝRSLA REKTORS

## STARFSEMI STJÓRNAR

Ársfundur Listaháskólans 2012 var haldinn 21. nóvember í tónlistarsal skólans við Sölvhólsgötu. Á fundinum var kynnt ársskýrsla skólans 2012, sem innifelur skýrslu rektors, skýrslur deilda og stoðviða, tölfræðilegar upplýsingar um ýmsa þætti í starfseminni starfsárið 2011–2012 og yfirlit úr ársreikningi skólans fyrir sama tímabil. Fundargerð frá fundinum og skýrslur liggja fyrir á vefsvæði skólans.

Alls voru haldnir 12 bókfærðir stjórnarfundir á tímabilinu 1. ágúst 2012 til 31. júlí 2013. Auk þess hélt stjórnin nokkra aukafundi á tímabilinu vegna ráðningar nýs rektors skólans.

Stjórn skólans er þannig skipuð:

- *Kolbrún Halldórsdóttir, formaður*
- *Kolbeinn Einarsson, varaformaður*
- *Anna Líndal*
- *Markús Þór Andrésson*
- *Jón Ólafur Ólafsson*

Á aðalfundi Félags um Listaháskóla Íslands sem haldinn var 4. desember var Jón Ólafur Ólafsson tilnefndur til áframhaldandi setu sem stjórnarmaður til næstu þriggja ára. Mennta- og menningarmálaráðherra tilnefndi fyrir sína hönd Kolbrúnu Halldórsdóttur til áframhaldandi setu til næstu þriggja ára með ráðherrabréfi dags. 22. apríl 2013.

Stjórn skólans starfar í samræmi við skipulagsskrá skólans og eftir sérstökum starfsreglum frá 2004 þar sem kveðið er á um skipulag stjórnarstarfa, starfshætti, hlutverk og skyldur stjórnarinnar. Starfsreglur stjórnarinnar og skipulagsskrá er að finna á vefsvæði skólans.

## FUNDIR STJÓRNENDA OG SAMRÁÐ

### Framkvæmdaráð

Framkvæmdaráðið er helsti vettvangur skólans varðandi sameiginleg málefni deilda og stoðsviða, og þar eru teknar ákvarðanir um flest mál sem tengjast kennslu og kennsluskipulagi, þróun og rannsóknum, og skipulagi starfseminnar almennt. Ráðið undirbýr tillögur að stefnu fyrir skólann í helstu málefnum og er bakhjarl rektors í daglegri stjórn. Fundargerðir framkvæmdaráðs eru aðgengilegar öllum starfsmönnum á innra neti skólans.

Alls voru haldnir 22 fundir í framkvæmdaráði starfsárið 2012–13, þar af tveir tveggja daga vinnufundir sem haldnir voru utan veggja skólans. Á vinnufundum er farið yfir öll helstu málefni skólans, allt frá skólareglum og stoðþjónustu til skipulagningu skólastarfs, stefnumótunar og þróunarstarfs. Til vinnufunda eru auk þess kallaðir til forstöðumenn stoðsviða og sérfræðingar á sviði stjórnsýslu skólans.

### Fagráð

Fagráðið er samráðs- og upplýsingavettvangur stjórnenda, kennara og nemenda skólans. Ráðið fjallar um fagleg markmið, frammistöðu skólans og gæði, og veitir rektor og stjórn stuðning við ákvörðunartöku um akademísk málefni.

Fundir fagráðs voru alls fimm starfsárið 2012–13. Ráðið er fjölmennt, en minni vinnuhópar úr ráðinu starfa á milli funda. Meðal helstu verkefna sem ráðið fjallaði um voru gæðamál og gæðaúttektir, tillögur um nýtt nám á meistarastigi í sviðslistum, tillögur að siðareglum, tillögur um breytingar á reglum um veitingu akademískra starfa, tillögur um viðmið um mat á þekkingu og reynslu háskólakennara, og undirbúningur stefnumótunar skólans 2013–17.

### Aðrir samráðs- og vinnufundir

Þá voru að venju haldnir ýmsir fundir með öllum starfsmönnum skólans, eða með kennurum sérstaklega og starfsmönnum stoðsviða hins vegar. M.a. hefur framkvæmdastjóri boðað til reglubundinna funda með forstöðumönnum stoðsviða og sérfræðingum á stjórnsýslusviði. Þá boðaði rektor ásamt með viðkomandi deildarforseta til funda í september og október með kennurum hverrar deildar um rannsóknir þeirra og annan afrakstur sem heyrir undir rannsóknarþátt í störfum þeirra. Til grundvallar á þeim fundum liggur framtal kennara um sjálfstæða vinnu í sérhönnuðum gagnabanka skólans.

Samkvæmt þjónustusamningi skólans við ríkið skal halda reglubundna samráðsfundi með embættismönnum mennta- og menningarmálaráðuneytis og æðstu stjórnendum skólans. Þessir fundnir voru á síðasta starfsári haldnir þann 5. október og 22. maí. Á fundum er farið yfir framkvæmd samningsins og jafnframt þau helstu mál sem snerta starf skólans og framgang.

Með stofnun alþjóðlegs Gæðaráðs hefur verið komið á reglubundu samráði á milli háskólanna og ráðsins. Í því felst m.a. að fulltrúi ráðsins heimsækir skólann a.m.k. einu sinni á ári og fundar með stjórnendum hans, fulltrúum kennara og starfsfólks, og fulltrúum nemenda. Fulltrúi ráðsins, Rita McAllister, heimsótti skólann þann 29. maí og helstu málefnin á fundum hennar með fulltrúum skólans voru: framvinda fagúttekta og niðurstöður þeirra, undirbúningur næstu heildarúttektar á starfsemi skólans, og ný stefnumótun Listaháskólans 2013–17. Þá fundaði fulltrúi Gæðaráðs jafnframt með stjórn skólans, m.a. um breytingar á skipan yfirstjórnenda hans.

### Samstarf við nemendur og nemendaráð

Eins og kom fram í síðustu ársskýrslu hefur samstarf stjórnenda og nemenda eflst og styrkst síðustu árin. Nemendur hafa skipulagt starfsemi nemendafélaganna með markvissari hætti en áður, og innan félaganna er nú kosið til helstu trúnaðarstarfa með lýðræðislegum og opnum hætti. Eitt félag er í hverri deild og mynda formennirnir með sér nemendaráð sem kemur fram fyrir hönd allra nemenda skólans. Formaður nemendaráðsins síðustu þrjú árin, Jón Cleon Sigurðsson, hefur verið afar virkur gagnvart stjórnsýslu skólans og skapað nauðsynlega tengingu við nemendahópinn sem heild.

Rektor boðar til funda með nemendaráði þar sem farið er yfir helstu málefni skólans. Fulltrúar nemenda sitja í ýmsum ráðum og nefndum skólans, m.a. í fagráði, gæðahópi, og í úrskurðarnefnd um réttindamál nemenda, auk þess sem nemendur taka virkan þátt í sjálfsmatsvinnu deilda og í undirbúningi ytri úttekta.

### Fundir rekstors með nemendum

Rektor boðar til funda með nemendum hverrar deildar og eftir atvikum nemendum hverrar námsbrautar á fyrri hluta vormisseris. Á fundunum er farið yfir öll helstu málefni sem brenna á nemendum jafnframt því að rætt er almennt um niðurstöður kennslumats á námskeiðum haustmisseris. Framkvæmdastjóri og forstöðumaður náms- og kennsluþjónustu sitja fundina. Alls voru þessir fundir 8 á síðasta starfsári og voru þeir haldnir í lok janúar og fyrri hluta febrúar.

Nemendur hafa sýnt síaukinn áhuga á rekstri skólans og óska eftir að fylgjast með hvernig skólinn ráðstafar tekjum sínum, og þá ekki síst hvernig skólagjöldin nýtast í því samhengi. Til að mæta þessum áhuga boðar rektor til húsfunda þar sem farið er yfir rekstur skólans í helstu atriðum og svarað spurningum nemenda um þau efni sem vekja áhuga þeirra. Þrír húsfundir voru haldnir á síðasta starfsári, allir í síðari hluta október.

### Menningarferð starfsmanna og árshátíð

Árshátíð starfsmanna Listaháskólans var haldin á Ísafirði þann 9. maí sem hluti af menningarferð skólans til bæjarins dagana 9.–11. maí. Í ferðinni heimsóttu starfsmenn helstu lista- og menningarstofnanir Ísafjarðar og farið var í skoðunarferð um bæinn með leiðsögn sérfróðra heimamanna. Árhátíðin og ferðin í heild þótti takast afar vel og tóku langflestir starfsmanna þátt.

## STARFSFÓLK

### Fjöldi starfsmanna og stöðugildi

Fastráðnir starfsmenn Listaháskólans voru 101 á skólaárinu í rúmlega 77 stöðugildum. Þar af eru rúmlega 45 akademísk stöðugildi og 33 stöðugildi á stoðsviðum. Að auki fylla vinnustundir stundakennara samanlagt 15,5 stöðugildi, en alls komu 339 stundakennarar að kennslu við skólann á starfsárinu. Sjá nánari upplýsingar um tölfræði starfsmanna í sérstökum kafla um lykiltölur.

### Rektor

Hjálmar H. Ragnarsson, sem gegnt hefur starfi rektors frá stofnun skólans, tilkynnti í upphafi starfsárs að hann gæfi ekki kost á sér í starf rektors þegar þriðja ráðningartímabili hans lyki í lok starfsársins. Starf rektors var auglýst laust til umsóknar þann 24. nóvember með fresti til að skila inn umsóknum til 3. janúar. 15 umsækjendur voru um starfið. Að fengnu mati sérskipaðrar dómnefndar og að loknum viðtölum við hæfa umsækjendur ákvað stjórn skólans að ráða Fríðu Björk Ingvarsdóttur í starfið. Fríða Björk tók við starfi rektors þann 1. ágúst síðastliðinn.

### Framkvæmdastjóri

Jóna Finnsdóttir, sem gegnt hefur starfi framkvæmdastjóra frá stofnun skólans, óskaði eftir að láta af störfum frá og með 31. desember. Magnús Loftsson var ráðinn í hennar stað og tók hann við starfi þann 1. janúar síðastliðinn.

### Akademískir starfsmenn

Á starfsárinu 2012 til 2013 var ráðið í störf háskólakennara með starfsheiti lektora við tvær deildir skólans. Ráðið var í stöðu háskólakennara í leiklist/leiklistarfræðum við leiklistar- og dansdeild frá og með 1. apríl. Í starfinu felst að kennarinn fer með fagstjórn námsbrautarinnar fræði og framkvæmd. Þá var ráðið í stöður fjögurra háskólakennara við hönnunar- og arkitektúrdeild frá og með 1. ágúst síðastliðnum. Um er að ræða kennara á sviði vöruhönnunar, grafískrar hönnunar, arkitektúrs og fatahönnunar. Nýráðnir kennarar í vöruhönnun og grafískri hönnun fara jafnframt með fagstjórn á viðkomandi brautum.

Þann 31. desember lét Gunnar Kvaran, prófessor í kammertónlist og strengjaleik við tónlistardeild, af störfum að eigin ósk. Gunnar hefur starfað við skólann allt frá stofnun tónlistardeildar haustið 2001.

Endurráðið var í störf deildarforseta tónlistardeildar, prófessors í arkitektúr, og prófessors í leiktúlkun til þriggja ára frá og með 1. ágúst sl., og í störf lektors í

leiklistarfræðum og prófessors í myndlist á sviði þrívíðrar myndlistar til tveggja ára frá og með sömu dagsetningu. Einn kennari var í rannsóknarleyfi á vormisseri.

Á starfsárinu var ráðið í störf aðjúnkta við fjórar deildir skólans, þ.e. starf aðjúnkts í fræðigreinum og starf aðjúnkts í vöruhönnun við hönnunar- og arkitektúrdeild, starf aðjúnkts í píanóleik við tónlistardeild, starf aðjúnkts í samtímadansi og starf aðjúnkts í söng við leiklistar- og dansdeild, og starf aðjúnkts í videólist við myndlistardeild. Ennfremur var ráðið í starf verkefnisstjóra í myndlistardeild. Aðrar tilfærslur í störfum kennara voru lítils háttar.

## Starfsmenn á stoðsviðum

Á stoðsviðum urðu þær breytingar helstar á starfsárinu að nýr aðalbókari var ráðinn á fjármálaskrifstofu í stað fyrri bókara sem óskaði eftir að láta af störfum. Ráðningin tók gildi í byrjun starfsársins. Fyrri aðalbókari, Anna Biering, hafði starfað við skólann allt frá fyrsta starfsári hans 1999. Þá var ráðið í eitt starf deildarfulltrúa myndlistardeildar og listkennsludeildar en áður hafði verið um aðskilin störf að ræða. Við þær breytingar hættu tveir starfsmenn skólans sem starfað höfðu allt frá fyrsta starfsári hans, þær Helga Pálína Brynjólfsdóttir og Svanborg Matthíasdóttir. Jafnframt var sameinað í eitt starf störf deildarfulltrúa tónlistardeildar og deildarfulltrúa leiklistar- og dansdeildar. Með þeirri breytingu hætti störfum Esther Steinsson, sem starfað hafði hjá skólanum um árabil.

Bætt var við starfsmanni í hálfu starfshlutfalli á alþjóðasviði en starfsemi þess sviðs hefur víkkað mikið á síðustu árum. Þá var ráðið í nýtt starf umsjónarmanns verkstæðis í hönnunar- og arkitektúrdeild og nýr starfsmaður var ráðinn um áramót til tölvu- og vefþjónustu í stað fyrri starfsmanns, Bjarna Þórissonar, sem hvarf til annarra starfa. Þá var ráðinn nýr starfsmaður sem þjónustufulltrúi hönnunar- og arkitektúrdeild í stað fyrri starfsmanns, Bjargar Stefánsdóttur, sem óskaði eftir að láta af störfum. Margrét Rún Guðmundsdóttir, þjónustufulltrúi tónlistardeildar og leiklistar- og dansdeildar lét af störfum í lok starfsársins. Á bókasafni lét af störfum Jóhanna Diðriksdóttir, upplýsingafræðingur, en hún hefur starfað við skólann um langt árabil. Vegna sparnaðar var ekki talið kleift að ráða í starf námsráðgjafa á síðasta starfsári sem þó hafði verið fyrirhugað að gera.

# NEMENDUR

Alls voru 472 nemendur skráðir til náms skólaárið 2012–2013. Þeir skiptast þannig eftir deildum:

| | | |
|---|---|---|
| • *Hönnunar- og arkitektúrdeild* | *177* | *38%* |
| • *Myndlistardeild* | *92* | *19%* |
| • *Tónlistardeild* | *84* | *18%* |
| • *Leiklistar- og dansdeild* | *65* | *14%* |
| • *Listkennsludeild* | *54* | *11%* |

Skipting nemenda eftir námsstigi var eftirfarandi:

| | | |
|---|---|---|
| • *Bakkalárstig* | *390* | *82%* |
| • *Meistarastig* | *82* | *18%* |

Á starfsárinu útskrifuðust alls 150 nemendur, 5 að hausti, 7 við vetrarútskrift, og 138 við vorútskrift. 122 nemendur útskrifuðust með bakkalárpróf, 27 með meistarapróf, og 1 með diplóma.

Fyrir skólaárið 2012–13 bárust 649 umsóknir um skólavist og fengu 188 nemendur inngöngu í skólann. Inntökuhlutfall fyrir skólann í heild var tæplega 30%.

Sjá nánari upplýsingar um tölfræði nemenda í kafla um lykiltölur.

# SKIPULAG STJÓRNSÝSLU

Nýtt skipurit fyrir Listaháskólann tók gildi þann 1. janúar. Mikilvægasta breytingin með nýju skipuriti er sú að öll stoðsviðin eru gerð að einni skipulagslegri heild sem lýtur stjórn framkvæmdastjóra. Eins og skipulagið var áður þá var rektor næsti yfirmaður forstöðumanna allra stoðsviða, en framkvæmdastjóri fór með fjármál, áætlanagerð, og rekstur eigna og mötuneyta. Þetta þýðir að bein umsjón með stoðsviðum færist á hendur framkvæmdastjóra og rektor getur þá einbeitt sér betur en hann áður gat að hinum faglega hluta starfseminnar. Með breytingunni fengu stoðsviðin eitt samheiti, þ.e. „háskólaskrifstofa“.

Innan skólans voru á starfsárinu miklar umræður um skipulag yfirstjórnar skólans og þá sérstaklega með tilliti til breytinga sem gerðar voru á lögum um háskóla og tóku gildi 3. júlí 2012 og athugasemda og ábendinga sem komið hafa fram í ytri úttektum á starfsemi skólans. Sérstaklega hefur verið talin þörf á því að skilgreina betur en gert hefur verið verksvið einstakra stjórnunareininga og aðskilja skýrar faglega (akademíska) stjórnun og stjórnun rekstrar og eignarhalds. Jafnframt hefur verið talin þörf á því að skilgreina betur en gert hefur verið nefndastrúktúr skólans og aðkomu nemenda að stjórnun málefna sem snerta þá sérstaklega.

Til að mæta þeim sjónarmiðum og ábendingum sem fram hafa komið um þessi efni samþykkti framkvæmdaráð heildartillögu til stjórnar skólans um skipulag yfirstjórnar þar sem m.a. er kveðið á um stofnun háskólaráðs sem fari með yfirstjórn fræðastarfs skólans, auk þess sem verksvið stjórnar, framkvæmdaráðs, og fagráðs eru endurskilgreind með tilliti til fyrrnefndra sjónarmiða. Auk þess er gerð tillaga um skipan fastanefnda skólans, þ.m.t. kennslunefndar, rannsóknar- og nýsköpunarnefndar, gæðanefndar og dómnefndar um mat á hæfi akademískra starfsmanna.

Til viðbótar lagði framkvæmdaráðið til nánari útfærslu á skipulagi stoðsviða skólans þar sem lögð er til sú breyting að starfsemi háskólaskrifstofu verði skipt upp í þrjú meginsvið, þ.e. rekstrarsvið, kennslusvið og rannsóknar- og nýsköpunarsvið. Auk þess verði starfandi alþjóðasvið og bókasafn og upplýsingaþjónusta, annaðhvort sem sjálfstæðar einingar eða þau heyri undir rekstrarsvið. Tillögur framkvæmdaráðs um skipulag yfirstjórnar skólans og skipulag stjórnsýslu stoðsviða voru kynntar fyrir stjórn á síðasta fundi hennar á starfsárinu.

# FJÁRMÁL OG REKSTUR

## Ársreikningur 2012–2013

Ársreikningur skólans fyrir starfsárið 2012–2013 var samþykktur af stjórn þann 16. október. Tekjur skólans á árinu 2012–2013 voru 961.5 millj. kr. en voru árið áður 844 millj. kr. sem er hækkun um 117 millj. kr., eða 13,9% hækkun á milli ára. Tekjurnar eru samsettar úr þremur þáttum: tekjum úr ríkissjóði skv. þjónustusamningi, tekjum af skólagjöldum og öðrum tekjum.

Tekjur úr ríkissjóði hækkuðu úr 658.7 millj. kr. í 755.5 millj. kr., eða um 96.8 milljónir, sem er 14,7% hækkun á milli ára. Mestu munar þar um sérstakan húsnæðisstyrk að upphæð 35 milljónir króna vegna flutninga starfsemi úr Skipholti í Þverholt, reiknaðar verðlagsbætur vegna hækkunar launa og framlag vegna nýrra námsbrauta á meistarastigi. Tekjur af skólagjöldum voru 173.5 millj. kr. miðað við 135.3 millj. kr. árið áður. Það er hækkun um 38.2 milljónir miðað við árið áður, eða 28%. Hækkunina má rekja til fjölgunar nemenda og nýs meistaranáms. Aðrar tekjur lækkuðu um 17.8 milljónir króna eða úr 50.3 millj. kr. í 32.5 millj. kr. Sú lækkun stafar af sveiflum í stöðu styrkja, samstarfsverkefna og framlaga vegna ýmissa verkefna.

Gjöldin á móti voru 939 millj. kr. en voru árið áður 929.8 millj. kr. sem er hækkun um aðeins 9.2 millj. kr., eða sem nemur einu prósentustigi. Mikils aðhalds var gætt í öllum rekstri á starfsárinu og hagrætt og skorið niður þar sem hægt var. Þessar aðgerðir skiluðu tilætluðum árangri og voru í takt við samþykkta fjárhagsáætlun skólans.

Þetta þýðir að á starfsárinu 2012–13 er rekstraraafgangur að frádregnum fjármagnsgjöldum sem nemur 20 millj. kr. Á starfsárinu þar á undan, þ.e. 2011–12, var hins vegar tap af rekstrinum upp á 87.8 millj. kr. Því er um að ræða viðsnúning á milli ára sem nemur alls um 107.8 milljónum króna.

Samkvæmt efnhagsreikningi 31. júlí síðastliðinn er eigið fé skólans neikvætt um 56.4 milljónir kr., en var neikvætt árið áður um 76.4 milljónir króna. Staða skólans hefur þannig heldur batnað. Langtímaskuldir og skuldbindingar við lánastofnanir eru samkvæmt reikningnum 4 milljónir miðað við 7 milljónir króna árið áður, sem þýðir að skólinn hefur greitt niður fyrri skuldir að mestu leyti. Bókfærðar eignir skólans eru samkvæmt efnhagsreikningi 51.9 milljónir kr., en voru 59.6 milljónir króna árið áður.

Endurskoðendur Listaháskólans er endurskoðunarstofan Deloitte hf. Ársreikninga skólans má finna aftast í skýrslunni undir *Viðaukar*.

## Fjárhagsstaða skólans

Þegar ársreikningur skólans er skoðaður nánar má sjá að það eru aðallega þrír þættir sem liggja að baki viðsnúningnum á milli ára í rekstri skólans.

Í fyrsta lagi fékk skólinn tímabundið 35 millj. kr. framlag úr ríkissjóði á aukafjárlögum 2012 vegna húsnæðismála. Um er að ræða framlag upp í kostnað vegna flutnings á starfsemi hönnunar- og arkitektúrdeildar og aðalskrifstofu skólans úr Skipholti 1 í Þverholt 11. Skólinn hefur ekki áður fengið fjárveitingu frá ríkinu með þessum hætti.

Þá í öðru lagi var strax haustið 2012 farið í enn frekari aðhaldsaðgerðir sem m.a. fólu í sér endurskipulagningu starfa á stoðsviðum og hagræðingu í kennslu. Meðal þátta sem skornir voru út úr rekstrinum var námsráðgjöf til nemenda og hætt var við framlög í Rannsóknarsjóð skólans og Útgáfusjóð.

Í þriðja lagi fjölgaði nemendum (í BA-námi og nýju MA-námi) á milli ára sem gaf af sér talsverða hækkun tekna af skólagjöldum. Þá enn fremur skilaði sér á vormisseri framlag úr ríkissjóði vegna nýrra námsbrauta á meistarastigi.

Stjórnendum og stjórn skólans er það fullljóst að fjárhagsstaða skólans er ennþá mjög viðkvæm og eigið fé skólans er neikvætt um 56.4 millj. Á móti kemur að skólinn hefur greitt að mestu niður öll lán sem tekin voru á sínum tíma vegna stofnunar deilda. Gert er ráð fyrir jafnvægi í rekstrinum á yfirstandandi starfsári þó svo að lítið megi út af bregða.

Stjórnendur skólans hafa jafnóðum upplýst embættismenn í ráðuneytinu um stöðuna og óskað eftir samvinnu um úrlausnir sem geta styrkt rekstrargrunn skólans og gert það bærilegra fyrir hann að sinna hlutverki sínu gagnvart nemendum og þjóðfélaginu í heild. Í því sambandi lagði skólinn fram rökstuddar tillögur um stuðning við undirbúning fjárlaga fyrir 2014, sem beinast sérstaklega að eflingu rannsókna við skólann, fjölgun nemendaígilda í listkennsludeild, stofnunar náms í tónlistardeild til undirbúnings kennslustarfa við tónlistarskóla, viðurkenningu á mikilvægi uppbyggingar bókasafns skólans sem helsta sérfræðisafns í landinu á sviði lista, og til undirbúnings á stofnun kvikmyndanáms.

Skólagjöld fyrir fullt nám voru á síðastliðnu skólaári 390.000 kr. fyrir bæði misseri og hækkuðu um 11,4% frá árinu áður, en höfðu lítið hækkað frá hruni fram að því. Fyrir starfsárið sem nú er hafið voru skólagjöldin í BA-námi hækkuð í 406.380 kr. eða sem nemur vísitöluhækkun 4,2%. Skólagjöld fyrir nýjar námsbrautir á meistarastigi voru 780.000 kr. og eru óbreytt fyrir þetta ár.

# HÚSNÆÐI OG BYGGINGARMÁL

## Núverandi aðstaða

Listaháskólinn starfar á þremur stöðum í Reykjavík:

- *Þverholti 11 – 4.152 fm:* aðalskrifstofur, aðalbókasafn, tölvu- og vefþjónusta, hönnunar- & arkitektúrdeild, og mötuneyti; leiguhúsnæði: einkaaðili.
- *Laugarnesvegi 91 – 4.463 fm:* myndlistardeild og listkennsludeild, deildarskrifstofur, bókasafn, verkstæði, og mötuneyti; leiguhúsnæði: Fasteignir ríkissjóðs.
- *Sölvhólsgötu 13 ásamt fimm útihúsum – 2.963 fm:* tónlistardeild og leiklistar- og dansdeild (nú sviðslista-deild), deildarskrifstofur, bókasafn, og mötuneyti; leiguhúsnæði: Fasteignir ríkissjóðs (meginhúsið) og einkaaðili (útihús).

Skólinn flutti í húsnæðið að Þverholti 11 snemma vors 2012. Til að koma starfseminni þar fyrir lagði skólinn í umtalsverðar framkvæmdir við innréttingu á stofum fyrir kennslu og verkstæði auk þess sem þurfti að innrétta sérstaklega fyrir mötuneyti. Til viðbótar var keyptur ýmis búnaður sem þurfti til vegna breytinganna. Vinna vegna þessa dreifðist nokkuð jafnt yfir starfsárið. Mikil ánægja ríkir almennt meðal nemenda og starfsfólks með nýja húsnæðið og er staðsetningin ákjósanleg fyrir starfsemina.

Í Laugarnesi og á Sölvhólsgötu voru gerðar litlar breytingar fyrir utan venjulegt viðhald. Þó náðist sá mikilvægi áfangi að vegarspottinn frá Laugarnesvegi að bakhlið hússins þar sem gengið er inn í skólann var allur endurnýjaður og yfirborðið malbikað, og skipulögð bifreiðastæði sem nýtast starfsfólki skólans, nemendum og gestum. Listaháskólinn kann Fasteignum ríkissjóðs mikla þökk fyrir þetta framtak.

Aðstaða tónlistardeildar og leiklistar- og dansdeildar á Sölvhólsgötu er orðin með öllu óviðunandi. Nemendur og starfsólk býr þar við mjög mikil þrengsli, hljóð og hávaði berst miskunnarlaust á milli herbergja og lítið sem ekkert svigrúm er til að laga rýmin að breytilegum kröfum námsins. Nemendur, kennarar og stjórnendur deildanna hafa ítrekað lagt fram kröfur til skólayfirvalda um bætta aðstöðu og í nóv. 2012 stóðu þeir fyrir háværum mótmælafundi við mennta- og menningarmálaráðuneytið til þess að fylgja eftir kvörtunum sínum yfir aðstöðunni.

Stjórnendur skólans hafa leitað allra leiða til að finna lausnir á bráðavanda deildanna á Sölvhólsgötu. M.a. var kannað hvort mögulegt væri að innrétta ónotað verksmiðjuhúsnæði sem er að finna við gömlu Reykjavíkurhöfn og út við Sund fyrir leiklistar- og dansdeild, látið var reyna á það til þrautar að fá Þjóðmenningarhúsið til tímabundinnar notkunar fyrir tónlistardeild, gerð var úttekt á því hvort hægt væri að flytja starfsemina í áföngum í ónýtt rými í Laugarnesi, og kannaður grundvöllur þess að bæta við útihúsum á Sölvhólsgötulóðinni. Af þessum kostum virtist sá síðasti fýsilegastur að því marki að hann felur í sér að starfsemi deildanna verður þá áfram á einum stað.

Eftir miklar viðræður við stjórnvöld menntamála fékkst síðla vors fyrirheit frá mennta- og menningarmálaráðherra um 50 milljón króna aukaframlag til stuðnings skólanum við að leysa húsnæðisvanda leiklistar- og dansdeildar og til að gera nauðsynlegar breytingar á húsnæði í Laugarnesi til að taka við nýjum árgangi af meistaranemendum í myndlist sem hefja nám haustið 2013. Skólinn óskaði eftir því að þetta framlag deildist á milli framkvæmda vegna nýrra útihúsa við Sölvhólsgötu fyrir leiklistar- og dansdeild annars vegar og hins vegar til breytinga á húsnæði í Laugarnesi fyrir myndlistardeild. Í lok starfsárs var ekki orðið skýrt hvort ráðuneytið yrði við þeirri beiðni. Óskað var eftir byggingarleyfi hjá Reykjavíkurborg fyrir tvö útihús á lóðinni vestan við skólahúsið við Sölvhólsgötu, sem nú er nýtt fyrir bílastæði, og fór nýtt skipulag í grenndarkynningu í ágúst síðastliðnum. Húsin tvö eru þannig teiknuð að annað þeirra verður nýtt sem stúdíó fyrir dansnemendur og hitt sem heimasvæði fyrir nemendur í Fræði og framkvæmd. Ljóst er að bygging húsanna og undirbúningur lóðar tekur a.m.k. 6 mánuði.

Almennt háir það mjög þróun og uppbyggingu náms við skólann að hann getur ekki nýtt sér nema að takmörkuðu leyti möguleikana sem hann hefur til þverfaglegs starfs vegna skiptingu starfseminnar innan borgarlandsins. Þá veldur þessi skipting stórauknum kostnaði við reksturinn þar sem keyra þarf sambærilega starfsemi á mismunandi stöðum og möguleikar til samlegðar og samnýtingar takmarkast mjög.

## Áform um byggingu

Draumurinn um húsnæði fyrir Listaháskólann á einum stað er því miður lítið nær því að rætast en hann var þegar rætt var um byggingamál skólans á síðasta ársfundi. Í raun hefur lítið þokast áfram í þeim málum síðan fyrirætlanir skólans um nýbyggingu við Laugaveg og Hverfisgötu kollvörpuðust með hruni efnahags landsins haustið 2008. Á þeim tíma lá fyrir samningur við ríkið um fjármögnun leigu nýrrar byggingar til 30 ára, ákvörðun hafði verið tekin um hönnun byggingar á grundvelli opinnar tveggja þrepa samkeppni, og unnið var að aðlögun byggingar til að mæta kröfum byggingaryfirvalda í Reykjavík um samsvörun við aðliggjandi byggð. Þegar nú er litið til baka fimm árum síðar verður það að teljast ótrúleg seinheppni að ekki skyldi hafa verið búið að koma skólanum í skjól þegar efnhagsáföllin dundu yfir.

Það hefur verið einbeittur ásetningur stjórnar skólans og stjórnenda að koma byggingamálum hans aftur á dagskrá í umræðu um opinberar byggingaframkvæmdir þótt vitað sé að ekki verði lagðar fram umtalsverðar fjárhæðir á allra næstu árum til að byggja yfir skólann. Leitað hefur verið endurnýjaðs samstarfs við ríkið og

borgina um undirbúning nýrra áforma og jafnframt kannaðir fyrirliggjandi kostir um staðsetningu skólans og fjármögnun framkvæmda.

Starfshópur þriggja ráðuneytisstjóra átti fundi með forsvarsmönnum skólans þar sem ræddir voru hvaða kostir væru helst í stöðunni og gerð var fagleg úttekt á því hvort og þá með hvaða hætti mætti koma allri starfsemi skólans fyrir í Laugarnesi ef valinn yrði sá kostur að byggja upp þar. Þá skipaði þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra þriggja manna starfshóp með aðild skólans, Reykjavíkurborgar og ráðuneytisins til þess að gera ítarlega kostnaðaráætlun vegna byggingar á húsnæði fyrir skólann miðað við tvær ólíkar staðsetningar. Annars vegar að gera breytingar á núverandi húsnæði skólans í Laugarnesi og byggja við, og hins vegar að gera breytingar á núverandi húsnæði skólans við Sölvhólsgötu og byggja við það eða byggja nýtt hús á Sölvhólsgötureitnum.

Starfshópurinn hóf vinnu sína strax í vor en beðið er niðurstaðna. Í hópnum sitja þau Eva Huld Friðriksdóttir, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, skipuð án tilnefningar og er hún formaður hópsins, Dagur B. Eggertsson, tilnefndur af Reykjavíkurborg, og Jóhannes Þórðarson, sem er fulltrúi skólans. Hópurinn fundaði þrívegis fram til 1. ágúst og kom sér saman um verklag fyrir kostnaðaráætlun og skilgreindi ítarlegar grunnforsendur til handa þeim sérfræðingum sem ráðuneytið fengi til að gera samanburðinn og gera áætlunina. Verkfræðistofan Verkís var fengin til verksins en síðast þegar fréttist af málinu hafði ráðuneytið ekki samið við stofuna um þóknun. Gerð áætlunarinnar er því í biðstöðu.

Enn er óvíst hvað kemur út úr þessari sameiginlegu vinnu ríkisins, borgarinnar og skólans, en það verður að undirstrika mikilvægi þess að stjórnvöld setji byggingu Listaháskólans í forgang í sínum framkvæmdaáætlunum, og sýni þannig í verki að þau vilja standa við áratugagömul fyrirheit um byggingu fyrir skólann. Þá er ekki síður mikilvægt að Reykjavíkurborg komi að málinu með beinum hætti þar sem staðsetning skólans innan borgarmarkanna og virkni hans í nærsamfélaginu eru veigamiklir þættir í því hvernig skólanum farnast til lengri framtíðar.

# ÞRÓUN OG GÆÐAMÁL

## Innra mat fagsviða / Fagúttektir

Skólinn hefur á síðasta starfsári fylgt eftir fyrirliggjandi áætlun um innra mat fagsviða sem samþykkt var í lok árs 2011 og síðan staðfest af hinu alþjóðlega Gæðaráði háskóla á Íslandi. Samkvæmt henni lét skólinn gera úttekt á starfsemi tónlistardeildar vorið 2012 með þátttöku sérfræðinga á vegum Samtaka evrópskra tónlistarháskóla (AEC), og á skólaárinu fór fram innra mat á starfsemi myndlistardeildar og hönnunar- og arkitektúrdeildar með þátttöku erlendra sérfræðinga á viðkomandi akademískum sviðum, sem heimsóttu skólann nú á vormisseri 2013.

Niðurstöður fagúttektar á starfsemi tónlistardeildar voru kynntar innan skólans haustið 2012, og er upplýsingar um þær að finna í skýrslu deildarinnar í síðustu ársskýrslu. Án þess að farið sé í einstök atriði í skýrslu úttektarnefndarinnar má þó segja að í heildina hafi niðurstöðurnar verið mjög jákvæðar fyrir deildina og henni er hrósað fyrir að vera í takt við tímann í uppbyggingu kennsluskrár og fyrir gæði kennslu og frammistöðu nemenda. Helstu aðfinnslur lúta að umgjörð og aðstöðu fyrir starfsfólk og nemendur. Margar ábendingar komu fram sem hafa farið í umræðu innan deildarinnar og unnið er úr eftir atvikum. Reynslan af þessari fyrstu fagúttekt skólans hefur nýst öðrum deildum í greiningum þeirra og innra mati.

Í myndlistardeild var hafður sá háttur á við úttekt deildarinnar að skipaður var sjálfsmatshópur með þátttöku akademískra starfsmanna deildarinnar, tveggja fulltrúa nemenda, og tveggja utanaðkomandi sérfræðinga á sviði myndlistarkennslu á háskólastigi. Hópurinn greindi viðfangsefni deildarinnar og vinnuferla, skoðaði kennslufyrirkomulag og stjórnun, fór yfir aðstöðu og aðföng, og mat stöðu og tengsl deildarinnar innan skólans og út í samfélagið. Á grundvelli þessarar vinnu lagði hópurinn fram ítarlega greinargerð með mati á öllum helstu þáttum í starfseminni og ábendingum um hvernig megi efla starfið enn frekar og byggja áfram til framtíðar. Greinargerð hópsins var að mestu tilbúin síðastliðið vor, en beðið er með lokafrágang þangað til nú á haustdögum.

Svipaður háttur er hafður á við gerð innra mats í hönnunar- og arkitektúrdeild og gert er í myndlistardeild. Þó er um að ræða tvær aðskildar úttektir, sem þó tengjast efnislega mjög hvor annarri, önnur fyrir nám í arkitektúr en hin fyrir þær þrjár aðrar greinar hönnunar sem kenndar eru við deildina, þ.e. vöruhönnun, grafíska hönnun og fatahönnun, auk nýstofnaðs meistaranáms í hönnun. Eins og í myndlistardeild hafa verið fengnir utanaðkomandi erlendir sérfræðingar til að taka þátt í greiningu og sjálfsmati með starfsmönnum deildarinnar og fulltrúum nemenda. Vinna við úttektina á arkitektúrnáminu var langt komin í lok starfsársins en innra matið á hinum námsbrautum innan hönnunar- og arkitektúrdeildarinnar hefur að mestu farið fram nú í haust. Áætlað er að lokaskýrslur fyrir báðar úttektir liggi fyrir eigi síðar en í lok þessa almanaksárs.

Verkefnisstjóri þróunar og gæðamála hefur yfirumsjón með framkvæmd fagúttekta skólans í samvinnu við rektor og æðstu stjórnendur deilda. Verkefnisstjóri situr fyrir hönd Listaháskólans í ráðgjafanefnd Gæðaráðs háskóla.

## Stofnanaúttekt

Samkvæmt fimm ára áætlun um starf Gæðaráðs og íslenskra háskóla fer fram svokölluð stofnanaúttekt á hverjum háskóla með fimm ára millibili. Samkvæmt áætluninni fer slík úttekt á starfsemi Listaháskólans fram á næsta ári, þ.e. 2014. Til grundvallar stofnanaúttekt liggja þær fagúttektir sem þá liggja fyrir og ítarlegt sjálfsmat á heildarstarfsemi skólans þar sem tekur þátt breiður hópur starfsmanna og nemenda, auk ýmissa tengdra aðila utan skólans. Rektor háskólans leiðir starfið.

Undirbúningur fyrir stofnanaúttekt á Listaháskólanum hófst síðastliðið vor í samstarfi við Gæðaráð íslenskra háskóla. Þá var samþykkt verkáætlun fyrir undirbúninginn og skipaður stýrihópur sem þá strax hóf störf og mun hafa umsjón með framkvæmd innra matsins og skrifum sjálfsmatsskýrslu. Áætlað er að sjálfsmatsskýrslan verði send Gæðaráði næsta vor og alþjóðleg úttektarnefnd heimsæki skólann og eigi fundi með mismunandi hópum starfsmanna, nemenda og samstarfsaðila vítt og breitt úr þjóðfélaginu haustið 2014. Niðurstöður úr úttektinni ættu því að liggja fyrir snemma árs 2015.

## Gæðahópur Listaháskólans

Sú nýbreytni var tekin upp að skipa sérstakan Gæðahóp skólans, skipaðan fulltrúum frá hverri deild auk fulltrúa starfsmanna stoðsviða og fulltrúa nemenda. Hópurinn starfaði með miklum krafti á síðasta starfsári og átti m.a. mikilverð innlegg í undirbúning heildarstefnumótunar skólans, og lagði m.a. fram tillögur um endurbætur á kennslumati og um endurskoðun á framkvæmd könnunar á afdrifum útskrifaðra nemenda. Á grunni Gæðahópsins hefur nú verið skipuð Gæðanefnd, sem verður vettvangur fyrir umfjöllun um gæðastjórnun innan skólans.

## Gæðahandbók

Gæðahandbók skólans, sem að mestu var skrásett og útfærð í undirbúningi skólans að umsókn um opinbera viðurkenningu 2007, var endurvakin á síðasta starfsári og jafnframt var uppsetning hennar endurskoðuð og farið í skipulagða endurskráningu ferla í samræmi við breytingar sem hafa orðið á starfseminni síðan þá. Bókin er grunnur að gæðakerfi skólans, og er tilgangur útgáfunnar að gera starfsfólki og öðrum viðkomandi kleift að finna á einum stað heildarlýsingu á gangvirki skólans og leiðbeiningar um hvaða vinnubrögðum skuli beitt innan skólans og hvaða reglur og viðmið gilda í samskiptum jafnt inn á við sem út á við. Bókin verður framvegis nefnd Handbók Listaháskóla Íslands og verður tekin til endurskoðunar reglulega.

# STEFNUMÓTUN 2013–2017

Síðastliðið vor birti skólinn nýja stefnu sína til næstu fjögurra ára. Stefnan er unnin í náinni samvinnu innan skólasamfélagsins og endurspeglar áherslurnar og viðfangsefnin sem þykir brýnast að setja í forgang og koma í framkvæmd. Í raun er um að ræða yfirlýsingu um hvert við stefnum og hver við viljum vera. Til grundvallar liggja þau þrjú einkunnarorð sem skólinn hefur tileinkað sér allt frá byrjun: forvitni, skilningur og áræði.

Stefnuskráin skiptist í sex kafla:

- *Hlutverk, viðfangsefni og áherslur*
- *Stefna um nám og kennslu*
- *Stefna um rannsóknir og nýsköpun í listum*
- *Stefna um tengsl við samfélagið*
- *Stefna um alþjóðlegt samstarf*
- *Stefna um mannauð*

Í fyrsta kaflinum er lýst hvernig skólinn lítur á hlutverk sitt og fyrir hvað hann vill standa. Þessi kafli byggir á mikilli greiningarvinnu og umræðum innan skólans sem upphaflega miðuðu að því að móta eins konar manífestó sem gæti orðið okkur vegvísir í öllum okkar störfum. Í þessum upphafskafla er m.a. undirstrikað að skólinn vill vera í „stöðugri mótun“, sem þýðir að skólinn spyr sífellt um hlutverk sitt og tilgang og hann vill ekki staðna. Jafnframt er því lýst yfir að skólinn bjóði fjölbreytileikanum heim og hann vilji vera griðastaður tilrauna og rannsókna á fræðasviði sínu.

Í hinum fimm köflunum er lýst stefnu skólans á afmörkuðum sviðum starfseminnar. Í hverjum kafla er lýst í fáum orðum bakgrunni starfseminnar og síðan eru stefnumiðin talin upp hvert af öðru í fáum hnitmiðuðum setningum. Tengslin við samfélagið skipa mikilvægan sess um leið og alþjóðlegu samstarfi er gert hátt undir höfði. Ennfremur eru mannauðsmálin sett í skarpari fókus en áður hefur verið gert innan skólans. Stefnuskráin er margþætt og tekur á ólíkum þáttum skólastarfsins, en að baki býr sú einfalda hugmyndafræði að með því að spyrja og leita nýrra leiða öðlumst við skilning á því sem ókunnugt er og eflum með okkur áræði til að fylgja eftir sannfæringu okkar og listrænni sýn.

Til að fylgja stefnunni eftir setti skólinn sér tímasetta áætlun, aðgerðaráætlun, þar sem lýst er leiðunum sem unnið verður eftir, helstu mælikvörðum við mat á árangri og hvernig ábyrgðinni á framkvæmd áætlunarinnar er dreift. Áætlunin verður endurskoðuð reglulega út frá því hvernig til hefur tekist og hvernig aðstæður hafa breyst. Stefnan hefur nú verið prentuð og dreift vítt og breitt til samstarfsaðila og annarra þeirra sem talið er að gætu haft áhuga á starfi og viðgangi skólans. Enska þýðingu á stefnunni er að finna á vef skólans.

## SIÐAREGLUR

Það hefur verið í undirbúningi í nokkurn tíma að setja siðareglur fyrir skólann, eins og kveðið er á um að skuli gert í 2. gr. laga um háskóla. Að loknu víðtæku samráði innan skólans þar sem komu að kennarar, nemendur, starfsfólk stoðsviða, stjórnendur og stjórn skólans, var í byrjun desember síðastliðnum samþykktur sáttmáli skólans sem inniheldur siðareglur í 19 liðum sem falla í þrjá sundurgreinda kafla.

Sáttmálinn byggir á grunngildum skólans, þ.e. forvitni, skilningi, og áræði, og eru reglurnar ætlaðar sem viðmið og leiðarljós í allri starfsemi skólans. Kaflarnir þrír bera yfirskriftirnar: almenn samskipti innan skólans, samfélag og umhverfi, og sköpun, kennsla og rannsóknir. Meðal atriða sem kveðið er á í reglunum eru grunnþættir eins og varðveisla trúnaðar gagnvart nemendum, umgengni um huglæg og hlutlæg verðmæti skólans, samband starfsfólks og nemenda, ábyrgð gagnvart kennslu, rannsóknum og listsköpun, efling þekkingar og faglegrar hæfni, akademískt frelsi með tilvísun í listsköpun, fræðistörf, rannsóknir og kennslu, og virðing fyrir höfundarétti.

Siðareglurnar eru fyrst og fremst ætlaðar nemendum, kennurum og starfsfólki skólans. Þær eru ekki tæmandi lýsing á góðum starfsháttum en er ætlað að lýsa andanum sem fylgt er. Þannig eru þær frekar eins konar „stjórnarskrá“ en útfærður reglurammi með tilheyrandi lýsingum á ferlum, málskotsrétti, og úrskurðarvaldi. Miðað er við að tekið sé á sértækari viðfangsefnum í almennum reglum skólans, og í regluverki sem lýtur að einstökum þáttum, s.s. varðandi ráðningar starfsmanna, framkvæmd og meðferð námsmats, meðferð réttindamála nemenda og jafnréttismál.

Sáttmálinn um siðareglur Listaháskólans hefur verið kynntur vítt og breitt um skólann og reglurnar prentaðar á veggspjöld sem nú skreyta veggi hans. Gert er ráð fyrir að reglurnar séu endurskoðaðar með reglubundnum hætti.

## STÖRF KENNARA

### Reglur um veitingu akademískra starfa

Reglur um veitingu akademískra starfa, sem hafa verið í gildi lítið breyttar frá stofnun skólans, voru teknar til gagngerrar endurskoðunar á síðasta starfsári. Í endurskoðuninni var sérstaklega horft til breytinga sem gerðar voru á lögum um háskóla og tóku gildi í júlí 2012. Endurskoðunin fór fram í tveimur áföngum. Í fyrri áfanga var fyrst og fremst tekið á auglýsingu starfa, gerð umsókna og skipan dómnefnda, en í seinni áfanganum var það kaflinn um mat á hæfi umsækjenda sem var mest til umfjöllunar. Þá var jafnframt samþykkt að reglur um veitingu akademískra starfa skyldu ná almennt til ráðninga akademískra starfsmanna.

Fagráð skólans var mjög virkt í þessari vinnu og fóru tillögur nokkrum sinnum á milli ráðsins og stjórnar skólans. Fyrri áfangi endurskoðunarinnar tók gildi þann 10. september og sá síðari þann 5. mars.

### Viðmið um mat á þekkingu og reynslu háskólakennara

Með breytingu á lögum um háskóla er komið inn það ákvæði í 18. gr. laganna að háskólakennarar sem bera starfsheiti lektora, dósenta og prófessora skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við alþjóðleg viðmið fyrir viðkomandi starfsheiti á þeirra fræðasviði og hafa jafnframt sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á viðkomandi sérsviði. Þá er jafnframt kveðið á í lögunum (15. gr.) að rektor skuli uppfylla sömu kröfur hvað þetta varðar á einu eða fleiri viðurkenndum fræðasviðum skólans.

Til að uppfylla skilyrði laganna um skilgreiningu á viðmiðum um mat á þekkingu og reynslu háskólakennara var hafin umræða innan hinna akademísku stjórnunareininga skólans um út frá hvaða forsendum ætti að byggja við þessar skilgreiningar og hver væru hin alþjóðlegu viðmið á fræðasviðinu sem skólinn starfar, þ.e. fræðasviðinu listir. Niðurstaðan varð sú að viðmiðin þyrftu að taka til þriggja þátta, þ.e. til menntunar og prófgráða, árangurs og viðurkenningar í listum og fræðum og til árangurs í kennslu og þekkingar á háskólastarfi. Varðandi fyrri tvo þættina þyrfti að gera mun á því hvort um væri að ræða mat á þekkingu og reynslu háskólakennara í listum eða háskólakennara í fræðigreinum lista og listkennslu.

Tillögur fagráðs skólans voru lagðar fyrir stjórn sem samþykkti þær og staðfesti þann 29. janúar. Viðmiðin, eins og reglur um veitingu akademískra starfa, er að finna á heimasíðu skólans.

### Skilgreiningar á störfum kennara

Eins og kemur fram í ársskýrslu 2012 þá hefur lengi verið rætt um það innan skólans að það þyrfti að skilgreina störf kennara betur en gert hefur verið þar sem aðstæður hafi mikið breyst eftir því sem skólinn hefur byggst upp. Jafnframt þurfi skólinn að finna sínar eigin leiðir varðandi skipulag og nýtingu starfanna sem henti þörfum hans en samræmist um leið þeim kröfum sem almennt eru gerðar í háskólasamfélagi samtímans. Þessar umræður voru aðalefni vinnuferðar kennara og stjórnenda vorið 2012 og hafa komið upp á ýmsum samráðs- og vinnufundum síðan þá.

Þessi undirbúningur leiddi til þess að framkvæmdaráð skólans ákvað að taka málin í sínar hendur og móta heildartillögur sem tækju á flestum þáttum þessa málaflokks. Þeirri vinnu lauk með samþykkt nýrra tillagna á vinnufundi ráðsins 18. og 19. júní síðastliðinn. Tillögurnar voru síðan lagðar fyrir stjórn skólans með

það að markmiði að nýjar reglur um störf og ráðningar kennara, sem byggðar yrðu á tillögum ráðsins, gætu tekið gildi þann 1. janúar 2014.

Tillögur framkvæmdaráðsins eru víðtækar og afgerandi. Í þeim er fjallað ítarlega um ráðningar kennara, flokkun kennarastarfa, starfsheiti kennara eru nákvæmlega skilgreind og hvaða kröfur kennari þarf að uppfylla eftir því hvaða starfsheiti hann ber, störf deildarforseta eru skilgreind, kveðið er á um framgang í starfi og ráðningarfestu og settar ákveðnar viðmiðanir þar um, jafnframt sem gerðar eru tillögur um ráðningalengd, möguleika til endurráðninga og hvernig staðið verði að starfslokum þegar kennari er kominn á aldur.

## Rannsóknarmisseri

Eftir því sem skólanum hefur vaxið fiskur um hrygg hefur verið hægt í auknum mæli að gefa kennurum skólans kost á því að helga sig sjálfstæðum rannsóknarstörfum með því að þeir fái tímabundin leyfi frá öðrum þáttum kennarastarfsins. Ýmist hafa kennarar fengið þessi leyfi til hálfs eða heils árs í senn. Hins vegar hefur á það skort að til séu leiðbeiningar og skilgreind ferli um það hvernig sótt skuli um slík leyfi og hvernig ákvarðanir eru teknar um veitingu þeirra.

Til að bæta úr þessu hefur framkvæmdaráð skólans skilgreint hvaða fagleg skilyrði skuli setja við veitingu rannsóknarmissera og hvernig umsóknir eru meðhöndlaðar. Tillögur þar um voru lagðar fyrir stjórn skólans síðastliðið vor. Í þeim er miðað við að lengd rannsóknarmisseris verði jöfn lengd eins kennslumisseris og að heil þrjú ár líði á milli þess að kennari hafi nýtt sér rannsóknarmisseri þangað til hann skapar sér rétt til nýrrar umsóknar.

## Starfsþróunarsjóður kennara

Starfsþróunarsjóður kennara Listaháskólans hefur það meginhlutverk að styðja við starfsþróun kennara skólans. Rétt til að sækja um styrki úr sjóðnum hafa allir fastráðnir kennarar Listaháskóla Íslands. Auk þess hafa stundakennarar, sem kennt hafa yfir 50 kennslustundir á yfirstandandi misseri (jafngildir 25 fræðifyrirlestrum), rétt á að sækja um styrk.

Á liðnu starfsári voru veittir alls 20 styrkir úr Starfsþróunarsjóði til 17 kennara. Styrkupphæðin nam alls 2.000.000 kr.

## Rannsóknarsjóður og Útgáfusjóður

Eins og kemur fram í ársskýrslu 2012 hefur skólinn stofnað tvo stuðningssjóði fyrir rannsóknar- og útgáfustarf kennara skólans. Reglur um sjóðina hafa verið kynntar innan skólans og fyrir liggja leiðbeiningar fyrir umsækjendur um hvernig staðið skuli að umsóknum um styrki og gerðar hafa verið starfsreglur fyrir stjórnir sjóðanna. Það voru því mikil vonbrigði að hætta varð við áform um fjárveitingar til sjóðanna vegna aðhalds í rekstri skólans. Það er forgangsverkefni hjá skólanum að fá aukin opinber framlög til rannsókna og þegar þau fást verður hægt að gefa þessum stuðningssjóðum það afl sem þarf til að þeir virki.

# RANNSÓKNIR OG NÝSKÖPUN

Þótt Listaháskólinn skilgreini sig ekki sem rannsóknarháskóla hefur hann engu að síður unnið að uppbyggingu rannókna á sviðum þeirra listgreina og menntavísinda sem kennd eru við skólann. Samtímis hefur umræðunni um listrannsóknir sem ákveðið og skilgreint rannsóknarsvið vaxið fiskur um hrygg, og er skólinn þar beintengdur inn í þróunina sem hefur átt sér stað í evrópskum listaháskólum síðasta áratuginn. Með sérstökum samningi við ríkið um uppbyggingu þekkingar og rannsókna á sviðum lista og listsköpunar í lok árs 2006 sköpuðust nýjar forsendur fyrir skólann til að styðja við bakið á sjálfstæðri vinnu kennara skólans og um haustið eftir var komið á fót Rannsóknarþjónustu skólans.

Skólinn hefur unnið skipulega að því að vinna listrannsóknum og rannsóknum í listum aukinn skilning og sterkari stöðu innan vísindasamfélagsins á Íslandi. Rektor hefur setið sem varamaður í Vísinda- og tækniráði frá hausti 2012 og um leið verið varamaður í Vísindanefnd ráðsins. Þannig hefur honum gefist tækifæri til að vekja umræðu um listirnar í þessu samhengi vísindanna og um leið að draga athygli stjórnvalda og fulltrúa vísindasamfélagsins að vaxandi hlut skapandi greina í atvinnulífi þjóðarinnar. Þá hafa rektor og forstöðumaður Rannsóknarþjónustu átt í viðræðum við forsvarsmenn Rannís um hvernig megi auka hlut listrannsókna og rannsókna í listum í úthlutunum styrkja úr samkeppnissjóðum sem fjármagnaðir eru með opinberu fé.

Þótt ekki hafi tekist að fá aukið opinbert fé til rannsóknastarfs innan skólans síðan samningurinn 2006 var gerður hefur þó margt áunnist og framsókn kennara í rannsóknum og nýsköpun hefur verið stöðug. Fylgjast má með virkni þeirra hvað þetta varðar í gagnabanka sem öllum er aðgengilegur á heimasíðu skólans. Þar má einnig lesa stefnu skólans í rannsóknum og nýsköpun og upplýsingar um þjónustu hans á þessum sviðum. Mikilvægast er þó að skólanum hefur tekist á síðustu árum að koma á laggirnar rannsóknatengdu námi á meistarstigi í fjórum af fimm deildum skólans, sem skapar forsendur fyrir samfelldu rannsóknarstarfi innan skólans og öflugri nýsköpun á sviði skapandi greina.

Í skýrslu forstöðumanns Rannsóknarþjónustu er nánar gert grein fyrir rannsóknarstarfsemi skólans á síðasta starfsári.

# SAMSTARFSVERKEFNI OG TENGSL VIÐ SAMFÉLAGIÐ

## Ný stefnumótun

Listaháskólinn leggur áherslu á virk tengsl við atvinnulíf, samfélag, félagasamtök og stofnanir, auk þess sem samstarf við aðra háskóla í landinu og við háskóla og háskóladeildir erlendis er mikilvægur þáttur í starfseminni. Þá vill skólinn efla enn frekar samstarf við framhaldsskóla og sérskóla á sviðum lista. Skólinn skilgreinir sig sem kjarnaskóla skapandi greina og sem forystuafl innan íslensks háskólasamfélags um þróun þeirra og viðgang.

Í nýrri stefnumótun er sérstakur kafli um tengsl skólans við samfélagið og eru þar skilgreind 8 stefnumið sem skólinn ætlar að framfylgja næstu fjögur árin. Meðal þeirra eru stefnumið sem fela í sér að skólinn upplýsi almenning, fagfólk og stjórnvöld með skipulögðum hætti um hlutverk hans og starf, að skólinn virkji kennara og sérfræðinga hans til aukinnar þátttöku í opinberri umræðu um málefni lista og háskólamenntunar og að tengsl við útskrifaða nemendur verði efld. Þá er það yfirlýst stefnumið að bakland skólans verði styrkt með stofnun formlegs samráðsvettvangs skólans, liststofnana, samtaka listamanna og listkennara og aðila úr atvinnulífi lista og skapandi greina.

## Samráðsvettvangur

Undirbúningur að stofnun samráðsvettvangs Listaháskólans á sér langan aðdraganda. Fyrstu hugmyndir þar um koma fram í stefnumótun skólans 2008 og eru þær frekar skilgreindar og útfærðar í bréfi og greinargerð rektors og deildarforseta til stjórnar skólans og stjórnar Félags um Listaháskóla Íslands í lok árs 2010. Í kjölfarið var fjallað ítarlega um málið á vettvangi Félags um Listaháskóla og skilaði starfshópur á vegum félagsins af sér greinargerð 2012 með hugmyndum um breytt hlutverk félagsins og stofnun nýs vettangs með breiðri þátttöku hagsmunaaðila.

Það er svo loks í byrjun þessa almanaksárs sem ákveðið er að setja á laggirnar starfshóp með aðild skólans, Félags um Listaháskóla og Bandalags íslenskra listamanna, til að undirbúa formlega stofnun vettvangsins. Í hópnum áttu sæti sex fulltrúar, tveir frá hverjum aðila. Hópnum var sett erindisbréf, dags. 27. apríl, og eru þar viðfangsefni hópsins skilgreind í þremur liðum:

- *Að móta tillögu um markmið og hlutverk samráðsvettvangsins.*
- *Að móta tillögu um þau samtök og félög, stofnanir og fyrirtæki sem helst koma til greina sem aðilar samráðsvettvangsins.*
- *Gera tillögu um hvernig starfi samráðsvettvangs verði háttað og hvernig tengslum hans við skólann verði best fyrirkomið.*

Starfshópurinn vann ötullega að verkefni sínu síðastliðið sumar og hittist sex sinnum og ræddi ýmsar hugmyndir varðandi uppbyggingu samráðsvettvangsins. Hópurinn hefur nú skilað tillögum sínum þar sem fjallað er um hvert eigi að vera hlutverk og markmið samráðsvettvangsins, hverjir geti átt þar aðild og hvernig tengslum vettvangsins við skólann verði háttað. Þá kemur fram það álit hópsins að nýjum samráðsvettvangi verði falið að taka við því hlutverki sem Félag um Listaháskóla gegnir nú. Tillögur starfshópsins eru dagsettar þann 19. september síðastliðinn.

## Verkefni 2012–2013

Til að varpa ljósi á tengsl skólans til samfélagsins birtir skólinn árlega yfirlit yfir helstu samstarfsverkefnin með stuttum lýsingum á hverju þeirra. Yfirlitið nær yfir skilgreind verkefni og felur ekki í sér upptalningu á þeim fjölmörgu stofnanasamtökum sem skólinn á aðild að.

Í yfirliti yfir samstarfsverkefni 2012–2013 eru skráð alls 80 verkefni sem unnin eru í samstarfi við opinberar stofnanir, ríki og sveitarfélög, skóla, menningar- og listahátíðir, fyrirtæki eða félagasamtök. Verkefnunum er skipt niður í sjö flokka:

- *Verkefni með menningarstofnunum og faghópum (21)*
- *Verkefni með lista- og menningarhátíðum (11)*
- *Verkefni með ríki og sveitarfélögum (7)*
- *Verkefni með grunn- og framhaldsskólum (4)*
- *Verkefni með háskólum innanlands (7)*
- *Verkefni með erlendum háskólum (19)*
- *Samstarf með fyrirtækjum (11)*

Nánar er fjallað um samstarfsverkefni skólans í skýrslum deildarforseta. Þar er enn fremur fjallað um sýningar, tónleika og aðra listviðburði, sem haldnir voru á vegum skólans.

## Nýsköpunarsjóður námsmanna

Nýsköpunarsjóður námsmanna hefur á undanförnum árum verið öflugur bakhjarl fyrir nemendur skólans. Alls úthlutaði sjóðurinn á síðasta starfsári styrkjum til 5 verkefna, sem eru skráð með aðsetur innan skólans. Sum verkefnanna eru einstaklingsverkefni meðan önnur eru stærri hópverkefni sem unnin eru í samstarfi við fyrirtæki, stofnanir eða aðra háskóla. Þetta er umtalsverð fækkun verkefna frá árinu á undan þegar þau voru 12 samtals. Verkefnin að þessu sinni voru á sviði listfræði myndlistar, arkitektúrs, leiklistar og tónlistar.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands féllu að þessu sinni í skaut fyrrum nemanda Listaháskólans, Úlfi Hanssyni, sem lauk námi í tónsmíðum vorið 2012.

## ALÞJÓÐAMÁL

Listaháskólinn tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi á öllum þeim sviðum sem starfsemi hans nær til. Samstarfinu er lýst í greinargerðum hvers deildarforseta og í greinargerð forstöðumanns alþjóðaskrifstofu skólans um alþjóðamál. Sérstakur kafli er í nýrri stefnumótun skólans um alþjóðamál þar sem því er meðal annars lýst að skólinn ætli að byggja upp samstarf við skóla og stofnanir utan Evrópu og unnið verði að undirbúningi að stofnun alþjóðlegs sumarháskóla í listum í samstarfi við skóla, stofnanir og sveitarfélög vítt og breitt um landið. Til grundvallar alþjóðastarfi skólans liggur yfirlýst alþjóðastefna skólans (International Policy Statement - IPS) þar sem lýst er markmiðum skólans í alþjóðamálum og tilgreint hvernig skólinn hyggst ná þeim í helstu atriðum.

### Samstarfsnet og samstarfssamningar

Skólinn á aðild að ýmsum alþjóðlegum samstarfsnetum á sviðum listmenntunar í þeim list- og fræðigreinum sem kenndar eru við skólann. Stærst þeirra eru Samtök evrópskra tónlistarháskóla (AEC), Samtök evrópskra listaháskóla (ELIA) og Alþjóðleg samtök hönnunarháskóla (Cumulus). Skólinn tekur virkan þátt í starfi þessara neta og hefur m.a. deildarforseti tónlistardeildar setið í stjórn Samtaka evrópskra tónlistarháskóla (AEC) og enn fremur verið formaður gæðanefndar samtakanna og fyrrum rektor skólans var kosinn á aðalfundi Samtaka evrópskra listaháskóla (ELIA) 2012 til setu í æðsta fulltrúaráði þeirra. Nýjast samstarfsnetanna er Samstarfsnet háskóla á norðurslóðum á sviði sjálfbærrar hönnunar og sjónlista (Arctic Sustainable Arts and Design) sem skólinn gerðist aðili að á síðasta starfsári.

Þá er skólinn aðili að víðtæku samstarfsneti undir norrænu menntaáætlunni. Þar er m.a. um að ræða Samstarfsnet norrænna myndlistarháskóla (KUNO), Samstarfsnet norrænna hönnunarháskóla (CIRRUS), Samstarfsnet norrænna háskóla á sviði arkitektúrs (Nordic Academy of Architecture), Samstarfsnet norrænna sviðslistaháskóla (NORTEAS), og Samstarfsnet norrænna tónlistarháskóla (SIBELIUS).

Alls hefur Listaháskólinn gert samninga við 204 evrópska skóla á sviði háskólamenntunar í listum. Um er að ræða tvíhliða samninga sem taka til nemenda- og kennaraskipta auk möguleika á samstarfi á víðari grunni. Samstarfsskólar utan Evrópu eru 8 talsins, og er þar um að ræða skóla í Bandaríkjum, Mexíkó, Indlandi, Kína, Ísrael, og Rússlandi.

### Nemenda- og kennaraskipti

Alls fór á síðasta ári 31 nemandi frá Listaháskólanum í hefðbundið skiptinám þrjá mánuði eða lengur við samstarfsskóla erlendis og jafnmargir nemendur til viðbótar sóttu styttri námskeið erlendis á vegum skólans. Vaxandi áhuga hefur gætt hjá nemendum á starfsnámi erlendis og fóru á síðasta ári 9 nemendur á vegum skólans í slíkt nám með stuðningi Erasmus-menntaáætlunarinnar. Auk þess fóru 10 nýútskrifaðir nemendur í starfsnám erlendis fyrir milligöngu skólans og með stuðningi Leonardo starfsmenntaáætlunar Evrópusambandsins.

Allt frá stofnun Listaháskólans hefur gætt mikils áhuga hjá nemendum í samstarfsskólum að koma í skiptinám við skólann. Þessi áhugi hefur síst dvínað og á síðasta starfsári bárust alls 119 umsóknir um slíkt nám við skólann. Alls voru teknir inn 36 skiptinemar sem skiptust á báðar annir og að auki tók skólinn á móti 16 öðrum nemendum til styttri dvalar eða starfsnáms.

Kennara- og starfsmannaskipti eru mikilvægur þáttur í starfsþróun innan skólans. Þessi skipti eru gerð möguleg með styrkjum frá Erasmus-menntaáætluninni. Á síðasta starfsári fór 21 kennari skólans til styttri kennslustarfa við erlenda samstarfsskóla og fjórir starfsmenn stoðsviða fóru í kynningarferðir til að kynna sér þar sambærileg störf og viðfangsefni. Langflestir kennaranna koma úr tónlistardeild. Á móti komu til skólans 19 kennarar frá samstarfsskólunum til kennslu við Listaháskólann og einn starfsmaður til kynningar á stoðsviðum.

### Alþjóðaskrifstofan

Umfang starfsemi alþjóðaskrifstofu fer sívaxandi. Með tilkomu nýrra námsbrauta á meistarstigi opnast jafnframt nýir möguleikar í alþjóðlegu samstarfi sem skólinn nýtir í auknum mæli. Til að mæta þessari þróun var á síðasta starfsári bætt við einum starfsmanni í hálfu starfshlutfalli. Fyrir á sviðinu var aðeins einn starfsmaður, þ.e. forstöðumaður í fullu starfshlutfalli. Meðal viðbótarverkefna sem skrifstofan sinnir er verkefnisstjórnun námsbrautarinnar Sköpun miðlun og frumkvöðlastarf sem tónlistardeildin rekur í samstarfi við tónlistarháskóla í Hollandi og Svíþjóð.

Skólinn fékk á starfsárinu tvær mikilvægar viðurkenningar frá Landsskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins vegna starfa alþjóðaskrifstofunnar. Önnur viðurkenningin er fyrir stúdenta- og starfsmannaskipti Listaháskólans sem voru valin sem fyrirmyndarverkefni, en í viðurkenningunni kemur m.a. fram að miðað við stærð skólans sé þátttaka hans í þessum skiptum margföld á við þátttöku annarra háskóla á Íslandi. Hin viðurkenningin felst í því að verkefnið Starfsþjálfun fyrir nýútskrifaða nemendur var valið sem fyrirmyndarverkefni innan Leonardo-verkefnisins, sem er starfsmenntahluti Menntaáætlunar Evrópusambandsins. Í umsögn dómnefndar kemur fram að verkefnið fái viðurkenninguna vegna ávinnings og stjórnunar.

Nánar er fjallað um starfsemi alþjóðaskrifstofu í skýrslu forstöðumanns.

# NÝTT NÁM

## Meistaranám í myndlist og hönnun

Listaháskólinn hóf rekstur tveggja nýrra námsbrauta á meistarstigi í upphafi starfsársins, þ.e. í hönnun og myndlist. Í báðum tilfellum er um að ræða tveggja ára 120 eininga rannsóknatengt listnám til MA-gráðu. Námið skiptist í sjálfstæða listsköpun á vinnustofum, málstofur, rannsóknir, fræðinám og meistaraverkefni. Lögð er áhersla á samþættingu rannsókna og listsköpunar við fræði og tækni.

Með stofnun nýju námsbrautanna hafa orðið mikilvæg þáttaskil í starfi Listaháskólans. Skólinn getur nú boðið listnám á tveimur stigum háskólanáms í þremur deildum, þ.e. í myndlistardeild, hönnunar- og arkitektúrdeild og tónlistardeild, auk meistaranáms sem veitir réttindi til listkennslu og alþjóðlegs náms á meistarastigi í sköpun og miðlun tónlistar.

## Meistaranám í leiklist

Leiklistar- og dansdeild kynnti á síðasta starfsári tillögur að tveimur nýjum námsbrautum á meistarastigi. Annars vegar er um að ræða tillögu að 60 eininga diplómanámi í leiktúlkun í samstarfi við atvinnuleikhúsin í landinu og hins vegar tillögu að 90 eininga námi til MA-gráðu í sviðslistum. Markmiðin með diplómanáminu eru m.a. að skapa nemendum vettvang til að dýpka þekkingu sína í leiktúlkun og undirbúa þá til starfa og þátttöku í atvinnuumhverfi leiklistarinnar og námi til meistaragráðu er ætlað m.a. að efla getu nemenda til að taka sjálfstæðar ákvarðanir um listræn efni og auka með þeim þekkingu á ólíkri aðferðafræði sviðslista, auk þess að undirbúa þá til faglegra starfa og þátttöku í atvinnuumhverfi leiklistarinnar.

Ákveðið var að hrinda tillögunni um diplómanámið strax í framkvæmd og var leitað eftir samningum við Þjóðleikhúsið og Leikfélag Reykjavíkur um samstarf og námið auglýst laust til umsóknar. Innan leikhúsgeirans sköpuðust í kjölfarið miklar umræður um fyrirætlanir skólans. Í þeirri umræðu komu fram mjög deildar meiningar um forsendur námsins og mætti fyrirhugað samstarf skólans við leikhúsin mikilli tortryggni hjá mörgum sem tjáðu sig um málið. Umsóknir voru færri en búist hafði verið við. Að lokum fór svo að fyrirætlanir um námið voru dregnar til baka og er ekki fyrirhugað að svo stöddu að minnsta kosti að reyna að hrinda þeim aftur í framkvæmd.

Tillögur leiklistar- og dansdeildar um námsbraut í sviðslistum til MA-gráðu bíða frekari úrvinnslu en fyrir liggur samþykkt námsskrá og hefur hún verið kynnt fyrir fagfólki. Þó er ljóst að leysa verður úr húsnæðisvandræðum deildarinnar áður en kemur til þess að námið verður auglýst laust til umsóknar.

## Kvikmyndanám

Undirbúningur skólans að stofnun kvikmyndanáms við skólann nær meira en tíu ár aftur í tímann. Árið 2003 skilaði vinnuhópur, sem í sátu þeir Sveinbjörn I. Baldvinsson, Hilmar Oddsson og Guðni Elísson, fyrstu tillögum um heildstætt nám í kvikmyndagerð á bakkalárstigi. Síðan þá hefur skólinn gert ýmsar tilraunir að stofnun námsins og útfært mismunandi tillögur þar um, en þar sem skort hefur vilja hjá stjórnvöldum til að veita fjárhagslegan stuðning við námið hefur ekkert orðið úr fyrirætlunum.

Það voru því mikilvæg þáttaskil haustið 2012 þegar stýrihópur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins skilaði af sér tillögum um heildarstefnu um kvikmyndamenntun sem m.a. fela í sér skýra stefnu um að stofnað skuli kvikmyndanám á bakkalárstigi við Listaháskólann. Tillögur stýrihópsins voru samþykktar sem stefna ríkisstjórnarinnar á fundi hennar 21. september. Í samþykktinni er áréttað að áhersla verði lögð á listænan grunn og markmiðið sé að útskrifa kvikmyndagerðarmenn á sviðum leikstjórnar, handritsgerðar, kvikmyndatöku, klippingar, hljóðs og framleiðslu.

Rektor skipaði í febrúar þriggja manna vinnuhóp til að vinna tillögur að námi innan skólans sem byggja á forsendum tillagna fyrrnefnds stýrihóps og samþykktar ríkisstjórnar og á grunni þeirrar undirbúningsvinnu sem áður hefur verið unnin innan Listaháskólans. Í hópnum sátu þau Sveinbjörn I. Baldvinsson, Ragnar Bragason, og Hrafnhildur Gunnarsdóttir. Hópurinn skilaði af sér skýrslu um skipulag og uppbyggingu námsins þann 6. júní. Í tillögugerð sinni horfir hópurinn sérstaklega til kvikmyndanáms eins og það hefur verið byggt upp í Danmörku og nú á síðustu árum í Noregi. Eins og í tillögum stýrihópsins gerir vinnuhópurinn ráð fyrir greiningu námsins í sex brautir eftir sérhæfingu.

Á fundi rektors með nýjum ráðherra mennta- og menningarmála þann 26. júní lýsti ráðherra yfir eindregnum áhuga sínum á að Listaháskólinn tæki að sér kennslu í kvikmyndagerð og vildi fá svör frá skólanum um hvort og þá hvenær skólinn vildi hefja rekstur námsins. Í framhaldi af fundinum ræddi stjórn skólans ítarlega um málið og var samþykkt að svara því til að að því gefnu að samningar náist um framlög til stofnunar og reksturs námsins gæti skólinn hafið rekstur þess hvort sem er haustið 2014 eða 2015. Hins vegar væru sterk rök fyrir því að hefja það frekar haustið 2015 þar sem þá yrði inntaka í hina nýju deild samtímis því að teknir verða inn nýir nemendur í leiklistar- og dansdeild, en engir nemendur verða teknir í þá deild haustið 2014. Þá enn fremur gefst rýmri tími til undirbúnings ef miðað er við 2015.

Rektor gerði ráðherra grein fyrir þessum sjónarmiðum í bréfi til hans dags. 3. júlí. Þar er jafnframt óskað eftir því að viðræður skólans og ráðuneytisins um stofnun námsins hefjist sem allra fyrst og á það bent að það þurfi

að greina kostnaðinn við reksturinn betur en gert hefur verið og finna húsnæði sem hentar þörfum námsins. Í lok bréfsins er því lýst yfir að það sé skólanum fagnaðarefni að nú loks eftir öll þessi ár skuli vera í augsýn að stofnað verði til kvikmyndanáms við Listaháskólann og að skólinn muni ekki láta eftir sitt liggja til að vel og örugglega megi takast.

## STYRKTARSJÓÐUR HALLDÓRS HANSEN

Meginmarkmið Styrktarsjóðs Halldórs Hansen er að styðja við uppbyggingu tónlistarsafns Listaháskóla Íslands og veita árlega styrk í nafni Halldórs til útskrifaðra tónlistarnema sem náð hafa framúrskarandi árangri að mati sjóðsstjórnar. Þrír styrkir voru veittir á síðasta ári, hver um sig að upphæð 400.000 kr. Styrkirnir voru afhentir við hátíðlega athöfn í tónlistarsal skólans þann 27. ágúst síðastliðinn.

Sjóðurinn hefur staðið að baki hraðri uppbyggingu tónlistarsafns skólans með beinum fjárveitingum til innkaupa á bókum, diskum og hvers konar nótnaefni. Nokkuð tapaðist af fjárfestingum sjóðsins í bankahruninu 2008 en stofnfé sjóðsins stendur nú nálægt upphaflegu framlagi. Sjóðurinn veitir tónlistarsafni skólans styrk til innkaupa á þessu ári að upphæð 1.000.000 kr.

Stjórn sjóðsins hefur verið þannig skipuð frá upphafi að aðalmenn hafa verið þau Hjálmar H. Ragnarsson, rektor, sem hefur verið formaður stjórnar, Mist Þorkelsdóttir, deildarforseti tónlistardeildar, og Árni Tómas Ragnarsson, læknir, sem verið hefur ritari stjórnarinnar. Varamenn hafa verið þeir Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarfræðingur, og Eiríkur Tómasson, hæstaréttarlögmaður, en Eiríkur hætti sem varamaður í byrjun árs 2012 um það leyti sem hann tók við störfum sem dómari í Hæstarétti. Það er sjálfkrafa að nýr rektor hefur tekið við störfum í stjórn sjóðsins þegar Hjálmar hætti í því embætti þann 31. júlí.

## DANSMENNT

Dansmennt ehf., er einkahlutafélag í eigu Listaháskólans. Félagið hefur það eina hlutverk að reka Listdansskóla Íslands, sem áður var rekinn á vegum ríkisins. Skólaárið 2012–13 var sjöunda starfsár Listdansskólans undir stjórn Dansmenntar. Skólinn hefur viðurkenningu stjórnvalda fyrir starfseminni. Viðurkenningin gildir til 21. des. 2015 og byggir á námsskrá skólans eins og hún var í maí 2011. Skólastjóri Listdansskólans er Guðmundur Helgason.

Stjórn Dansmenntar hefur lýst því yfir að hún telji orðið tímabært að skoða breytingar á eignarhaldi félagsins og þá um leið breytingu á stjórnun rekstrar Listdansskólans. Stjórn Listaháskólans hefur lýst yfir sömu viðhorfum og vísar til þess að það sé ekki hlutverk háskólastofnunar að reka nám á lægri stigum. Stjórn Dansmenntar hefur gert mennta- og menningarmálaráðuneytinu grein fyrir þessari afstöðu og jafnframt upplýst skólastjóra og kennara Listdansskólans og forsvarsmenn foreldrafélagsins um að Listaháskólinn horfi til breytinga á eignarhaldi skólans. Engar niðurstöður voru þó komnar í þetta mál í lok starfsársins.

Nokkur halli hefur verið á rekstri Dansmenntar síðustu árin og telur stjórn félagsins að verði að grípa til aukins niðurskurðar í starfsemi Listdansskólans verði opinber framlög til menntunarinnar sem skólinn veitir ekki aukin á allra næstu misserum. Mikilvægt í því sambandi er að Listdansskólinn hefur aldrei fengið viðurkennndar fjárveitingar til að standa straum af kostnaði skólans við kennslu fræðinámskeiða. Skólinn starfar á gundvelli samstarfs við Menntaskólann við Hamrahlíð.

Stjórn Dansmenntar hefur verið þannig skipuð frá því Listaháskólinn tók yfir rekstur félagsins að Gunnar Jóhann Birgisson, lögfræðingur skólans, hefur verið formaður stjórnar, Hjálmar H. Ragnarsson, rektor hefur verið meðstjórnandi og ritari stjórnar, og Jóna Finnsdóttir, fyrrum framkvæmdastjóri Listaháskólans, hefur verið meðstjórnandi. Jóna hefur jafnframt verið rekstrarstjóri Listdansskólans. Hjálmar tók við sæti formanns stjórnar af Gunnari í lok árs 2012.

Með brotthvarfi Hjálmars úr stöðu rektors þann 31. júlí og brotthvarfi Jónu úr starfi framkvæmdastjóra þann 31. desember hefur stjórn Dansmenntar verið endurskipuð þannig að í henni sitja nú þau Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor, Magnús Loftsson, framkvæmdastjóri, og Helga Vala Helgadóttir lögfræðingur. Skipan þeirra tók gildi þann 18. september síðastliðinn.

*(HHR)*

# HELSTU VERKEFNI 2013–2014

Helstu verkefni skólans eru reifuð í aðgerðaáætlun með stefnumótun. Sú áætlun er eitt helsta vinnuskjal stjórnenda Listaháskóla Íslands og verður tekin reglulega til endurskoðunar.

## Akademísk starfsemi

Efla þarf umgjörð fyrir nám og kennslu við skólann en vinna við þróun og skilgreiningu á hlutverki kennslustjóra er hafin. Gert er ráð fyrir að fjárhagur skólans leyfi ráðningu hans á næsta ári. Jafnframt liggur fyrir að brýnt er að ráða námsráðgjafa til skólans, en ráðning í slíka stöðu takmarkast af þeim fjármunum sem skólinn hefur til umráða.

Stöðugt er unnið að uppstokkun og þróun námsframboðs á BA stigi, og verður enn skerpt á þeirri vinnu á næstunni. Markmiðið er að auka samræmingu á milli deilda og gera námsframboð hnitmiðaðra.

Þróun námsframboðs á MA stigi er einnig framundan og verður byggt á þeirri reynslu sem þegar hefur orðið til við þróun nýrra brauta á meistarastigi eins og lýst er í köflum um deildirnar. Stefnt hefur verið að stofnun meistarnáms í Sviðslistadeild fyrir skólaárið 2014 – 2015.

Undirbúningi við stofnun kvikmyndabrautar við skólann verður haldið áfram og viðræðum við ríkið þar að lútandi.

Á heildina verður lögð áhersla á að efla þverfaglega námsmöguleika við skólann, bæði á bakkalár og meistarastigi; þvert á deildir en einnig í samstarfi við aðrar stofnanir innanlands sem utan.

Áfram verður lögð áhersla á að tryggja grunnframlög til rannsókna og nýsköpunar í listum, og efla skólann sem vettvang fyrir umræðu um gildi þeirra.

## Skipulag og stjórnsýsla

Endurskipulag stendur yfir á upplýsingamiðlun innan skólans, auk þess sem leitað er nýrra lausna varðandi skjalastjórnun.

Þá er hafin gagnger endurskoðun á reglum um ráðningar innan skólans sem og varðandi skilgreiningar á akademískum störfum og ólíkum starfsþáttum þeim tengdum.

Innra mati á fagsviðum og deildum sem hafa gengið í gegnum sjálfsmatsferli er fylgt eftir með reglubundnum hætti, en innra mat er áætlað í fyrsta sinn í sviðslistadeild og listkennsludeild á skólaárinu 2014 – 15.

Stýrihópur um innra mat á starfsemi skólans er starfandi og vinnur í nánu samstarfi við starfsfólk og nemendur. Hópurinn mun skila af sér sjálfsmatsskýrslu í lok skólaárs til Gæðaráðs íslenskra háskóla. Matið er hluti af stofnanaúttekt á vegum ráðsins. Auk sjálfsmatsskýrslu stofnunarinnar verða lagðar fram skýrslur um þær deildir og brautir sem þegar hafa framkvæmt innra mat á sinni starfsemi.

Síðast en ekki síst er enn leitað varanlegra lausna varðandi húsnæði til að minnsta kosti 6 ára vegna allra deilda skólans. Að auki er beðið ákvörðunar um framtíðarbyggingareit skv. niðurstöðum nefndar sem skipuð er fulltrúum ríkis, borgar og skólans.

## Dansmennt ehf / Listdansskóli Íslands

Leitað er nýrra lausna varðandi framtíðarfyrirkomulag reksturs og eignarhalds.

# DEILDIR

## HÖNNUNAR- OG ARKITEKTÚRDEILD
## STOFNUÐ 2001

Í hönnunar- og arkitektúrdeild er boðið nám á fimm brautum, fjórar á bakkalárstigi og ein á meistarastigi. Bakkalársbrautirnar eru þriggja ára námsbrautir (180 ein) til BA gráðu. Þær eru arkitektúr, fatahönnun, grafísk hönnun og vöruhönnun. Meistaranámsbrautin er tveggja ára nám (120 ein) í hönnun til MA gráðu.

## LEIKLISTAR- OG DANSDEILD,
## STOFNUÐ 2000

Leiklistar- og dansdeild (nú sviðslistadeild) býður nám á þremur brautum á bakkalárstigi sem eru þriggja ára námsbrautir(180 ein) til BA gráðu. Þær eru: leikarabraut, samtímadans og fræði og framkvæmd (nú sviðshöfundabraut).

## LISTKENNSLUDEILD
## STOFNUÐ 2009

Í listkennsludeild er boðið þverfaglegt listkennslunám til starfsréttinda á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, þ.e. meistaranám til tveggja ára í listkennslu til MArtEd gráðu (120 ein)  og meistaranám í listkennslu til MA gráðu (120 ein). Fyrir nemendur með meistarapróf í listgrein er jafnframt í boði 60 eininga diplómanám til starfsréttinda á framhaldsskólastigi.

## MYNDLISTARDEILD
## STOFNUÐ 1999

Í myndlistardeild er boðið nám á tveimur brautum, ein á bakkalárstigi og ein á meistarastigi. Bakkalársnámsbrautin er þriggja ára nám (180 ein) til BA gráðu í myndlist. Meistaranámsbrautin er tveggja ára nám (120 ein) í myndlist til MA gráðu.

## TÓNLISTARDEILD
## STOFNUÐ 2001

Tónlistardeild býður nám á fimm brautum, þrjár á bakkalárstigi og tvær á meistarastigi. Þær eru: hljóðfæraleikur/söngur með diplóma á bakkalárstigi (80 ein) og til BMus gráðu (180 ein), skapandi tónlistarmiðlun til BA gráðu (180 ein), tónsmíðar til BA gráðu (180 ein), meistaranám í tónsmíðum til MA gráðu (120 ein) og meistaranám í sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi (samevrópskt nám) til MMus gráðu (120 ein). .

# HÖNNUNAR- OG ARKITEKTÚRDEILD

## STARFSEMIN Á SKÓLAÁRINU

Helstu áherslur í starfi deildarinnar tóku mið af nýstofnuðu meistaranámi í hönnun og af sjálfsmatsvinnu deildarinnar sem hófst á árinu.

Með stofnun meistaranáms í hönnun var brotið blað í sögu hönnunarmenntunar á Íslandi. Meistaranámið gerir deildinni kleift að fylgja enn frekar eftir þeim markmiðum sínum að skapa umhverfi til að dýpka þekkingu á fagsviðinu, efla gagnrýnið faglegt umhverfi hönnunar á Íslandi ásamt því styðja við fjölþætt innlent og erlend samstarf og auka tækifæri til víðtæks samstarfs þvert á faggreinar.

Áhersla var lögð á að byggja upp nám þar sem tekist er á við fjölþætt hönnunarverkefni og sjónum beint að aðkallandi viðfangsefnum í samtímanum. Lögð er áhersla á að takast á við óvenjulegar aðstæður hér á landi í ljósi smæðar samfélags í stóru landi og vinna að því markmiði að móta lausnir sem gagnast samfélaginu í heild. Námið er þríþætt og byggir á þematengdum verkefnum sem nemendur vinna ýmist í hönnunarteymum, með rannsóknartengdum einstaklingsverkefnum og fræðilegu rannsóknarnámi. Með þessu móti verður til samþætt heild kennslu og náms, rannsókna og sköpunar.

Námið á fjórum námsbrautum í BA-náminu var með nokkuð hefðbundnu sniði skólaárið 2012–2013, að öðru leyti en því að nú var unnið í nýju og betra húsnæði. Hönnunar- og arkitektúrdeild fékk aðstöðu að Þverholti 11 vorið 2012 við mikla ánægju nemenda og starfsmanna. Eftir að flutt hafði verið í helstu rýmin um vorið, var unnið að því að koma verkstæðum í gagnið síðastliðinn vetur. Textílverkstæði var tekið í notkun haustið 2012 og alhliða smíðaverkstæði var opnað í janúar 2013. Ennfremur var vinnuaðstaða kennara bætt.

## SJÁLFSMATSVINNA

Sjálfsmatsvinna í hönnunar- og arkitektúrdeild var hafin á árinu. Sjálfsmatsvinnan krefst kerfisbundinnar skoðunar og greiningar á starfsemi deildarinnar og hefur það markmið að auka gæði kennslu og náms við deildina. Megináhersla var lögð á að skapa umræðuvettvang til að auka gæði starfseminnar og þróa framtíðarstefnu fyrir námsbrautina og deildina.

Sjálfsmatsvinnan hófst með úttekt á námsbraut í arkitektúr. Við Listaháskólann er boðið upp á nám til BA gráðu í arkitektúr en fullnaðarnám í arkitektúr sem leiðir til löggildingar krefst meistaragráðu. Þar að auki verða háskólar í Evrópu sem bjóða upp á slíkt nám að njóta evrópskrar viðurkenningar. Ástæða þótti til að gerð yrði sérúttekt á námsbraut í arkitektúr til að styrkja þær áætlanir skólans að veita í framtíðinni fullnaðarmenntun til löggildingar í arkitektúr.

Sjálfsmatsvinna:

- *Sjálfsmatsnefnd sem í sátu deildarforseti, fastir kennarar við námsbrautina og tveir nemendur hittust vikulega. Fundir voru einnig haldnir reglulega með hagsmunaaðilum: stundakennurum, fyrrverandi nemendum, fulltrúum fagfélags arkitekta, starfandi arkitektum og ýmsum vinnuveitendum nemenda í arkitketúr, s.s. fulltrúum frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.*
- *Dagana 7.–8. mars voru haldnir ítarlegri fundir með sjálfsmatsnefnd, hagsmunaaðilum og erlendum sérfræðingi, Anne Boddington.*

Meginviðfangsefni nefndarinnar var að þróa ferli fyrir sjálfsmatsvinnu, skýra aðferðafræði, gagnaöflun og að skrásetja upplýsingar. Mikil áhersla var lögð á að varpa fram skýrri mynd af núverandi stöðu námsbrautar og deildarinnar.

Sjálfsmatsvinnan hefur verið gagnleg við að greina stöðuna, draga fram ýmsa þætti varðandi kennslu og kennsluaðferðir, stjórnun og hvernig megi styrkja tengsl við samfélagið og þroska rannsóknarmenningu innan deildarinnar.

Sjálfmatsvinna fyrir námsbrautir í fatahönnun, grafískri hönnun, vöruhönnun og meistaranám hófst í mars. Í sjálfsmatsnefnd eru fagstjórar og einn nemandi hverrar námsbrautar ásamt deildarforseta. Starfið hélt áfram haustið 2013 með fundum erlendu sérfræðinganna Anne Boddington og Tine Kjölsen með öðru starfsfólki deildarinnar og hagsmunaaðilum.

## NEMENDUR

Nemendur í hönnunar- og arkitektúrdeild voru samtals 177 á skólaárinu á fjórum námsbrautum á BA-stigi: 49 nemendur í arkitektúr, 30 nemendur í fatahönnun, 59 nemendur í grafískri hönnun og 31 nemandi í vöruhönnun. 8 nemendur stunduðu meistaranám í hönnun.

55 nemendur útskrifuðust á árinu, þar af 22 karlar og 33 konur. 21 nemandi lauk BA prófi í arkitektúr (15 konur, 6 karlar), 11 í fatahönnun(9 konur, 2 karlar), 14 í grafískri hönnun (4 konur, 10 karlar) og 9 vöruhönnun (5 konur, 4 karlar).

Rúmlega helmingur nemenda í deildinni eru 25 ára eða yngri, en mikill meirihluti nemenda (84%) er innan við þrítugt.

Inntökuhlutfall í hönnunar- og arkitektúrdeild var 26%: 223 umsóknir bárust en 58 nýnemar hófu nám. Hlutfallið var því lítillega hærra en árið áður: Vorið 2011 bárust 225 umsóknir og 49 nemendur hófu nám. Flestar umsóknir bárust í grafíska hönnun, en inntökuhlutfall var lægst í vöruhönnun.

MYND 1 - KYNJAHLUTFÖLL NEMENDA




MYND 2 - ALDURSDREIFING




MYND 3 - NEMENDUR EFTIR BRAUTUM




MYND 4 - INNTÖKUHLUTFALL




## STARFSFÓLK

Við deildina störfuðu 15 akademískir starfsmenn, þar af þrír prófessorar, einn lektor og 11 aðjúnktar, sem sinna allir kennslu, stjórnun og rannsóknum í 50%–100% starfshlutfalli. Sjö akademískir starfsmenn sinntu aukinni stjórnun sem fagstjórar námsbrauta og fræðasviða; Fjórir fagstjórar fara fyrir fjórum námsbrautum á BA-stigi, einn fagstjóri fyrir MA-námi og tveir fagstjórar fræða á BA-stigi og MA-stigi. 14 ársnemendur voru á hvert akademískt stöðugildi, og 8,9 á hvert akademískt stöðugildi að meðtöldum stundakennarum.

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi í hönnunar- og arkitektúrdeild á árinu. Sigrún Birgisdóttir tók við starfi deildarforseta hönnunar- og arkitektúrdeildar 1. ágúst. Í janúar 2013 var Dóra Ísleifsdóttir prófessor ráðin fagstjóri yfir meistaranámi í hönnun, en fyrstu önnina sinntu Sigrún Birgisdóttir, Dóra Ísleifsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir lektor og fagstjóri fræða í sameinineingu fagstjórn meistaranáms. Í nóvember var auglýst staða aðjúnkts í vöruhönnun en Sigríður Sigurjónsdóttir prófessor hafði látið af störfum árið áður. Garðar Eyjólfsson vöruhönnuður var ráðin aðjúnkt í 60% starfshlutfall frá og með janúar 2013.

Við upphaf skólaársins var ljóst að bæta þyrfti við akademískum starfsmönnum en þeim hafði fækkað um tvo milli ára þrátt fyrir aukið umfang deildarinnar. Auglýst var eftir lektorum til starfa við allar námsbrautir vorið 2013. Í stöðu lektora voru ráðin í kjölfar auglýsingar: Massimo Santanicchia, lektor í arkitektúr, Linda B. Árnadóttir, lektor í fatahönnun, Birna Geirfinnsdóttir, lektor í grafískri hönnun og Garðar Eyjólfsson, lektor í vöruhönnun. Fagstjórn námsbrauta var endurskoðuð í samhengi við nýjar ráðningar og eru fagstjórar nú: Hildigunnur Sverrisdóttir fagstjóri í arkitektúr, Katrín Káradóttir fagstjóri í fatahönnun, Birna Geirfinnsdóttir fagstjóri í grafískri hönnun og Garðar Eyjólfsson fagstjóri í vöruhönnun í afleysingum fyrir Tinnu Gunnarsdóttur sem er í námsleyfi árið 2013–2014. Auk þess var Lóa Auðunsdóttir, ráðin aðjúnkt í grafískri hönnun frá 1. ágúst og Thomas Pausz, aðjúnkt í vöruhönnun í eitt ár vegna námsleyfis Tinnu Gunnarsdóttur.

Deildarfulltrúi og þjónustufulltrúi eru í fullu starfi og var nýr þjónustufulltrúi, Hreinn Bernharðsson, ráðinn haustið 2012 en þá lét Björg Stefánsdóttir af störfum. Þrír starfsmenn verkstæða eru allir í hálfu starfi á móti starfshluta í myndlistardeildinni, þ.e. starfsmenn trésmíðaverkstæðis, prentverkstæðis og ljósmynda- og tölvuvers. Umsjónarmaður nýs verkstæðis í Þverholti, Halldór Arnar Úlfarsson, var ráðinn vorið 2013 í 50% starfshlutfall.

Fjöldi stundakennara kemur árlega að kennslu við deildina og voru þeir 151 talsins árið 2013–2014. Þar af voru átta erlendir gestakennarar.

### FASTRÁÐNIR STARFSMENN

Starfsmenn deildarinnar voru 16 á skólaárinu í 11,38 stöðugildum:

*Bryndís Björgvinsdóttir, aðjúnkt fræðigreina*

*Eric Wolf, aðjúnkt, umsjónarmaður ljósmyndavers*

*Garðar Eyjólfsson, aðjúnkt í vöruhönnun (ráðinn um áramót)*

MYND 5 - SKIPTING STARFSÞÁTTA




MYND 6 - AKADEMÍSK STÖÐUGILDI




*Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor í grafískri hönnun*

*Gulleik Lövskar, aðjúnkt, umsjónarmaður trésmíðaverkstæðis*

*Halldór Arnar Úlfarsson, umsjónarmaður verkstæðis*

*Halldóra G. Ísleifsdóttir, prófessor í grafískri hönnun*

*Haraldur Civelek, aðjúnkt í grafískri hönnun*

*Hildigunnur Sverrisdóttir, aðjúnkt og fagstjóri í arkitektúr (vor 2012)*

*Jóhann Torfason, aðjúnkt, umsjónarmaður verkstæða*

*Katrín Káradóttir, aðjúnkt í fatahönnun og umsjónarmaður textílverkstæðis*

*Linda Björk Árnadóttir, aðjúnkt og fagstjóri í fatahönnun*

*Sigrún Birgisdóttir, deildarforseti*

*Sigrún Alba Sigurðardóttir, lektor og fagstjóri fræðigreina*

*Steinþór Kárason, prófessor í arkitektúr*

*Tinna Gunnarsdóttir, aðjúnkt og fagstjóri í vöruhönnun*

## Stundakennarar og fyrirlesarar á námskeiðum

Stundakennarar og fyrirlesarar á námskeiðum voru alls 151 á skólaárinu í 7,11 stöðugildum.

*Agla Sigríður Egilsdóttir*
*Agnar Jón Egilsson*
*Anna Kholina*
*Anna María Bogadóttir*
*Anne Kathrine Clausen*
*Anton Kaldal Ágústsson*
*Arndís Björk Ásgeirsdóttir*
*Atli Hilmarsson*
*Ágústa Kristófersdóttir*
*Ármann Agnarsson*
*Ásmundur Þórðarson 128*
*Ásta Jóhannsdóttir*
*Birgir Örn Thoroddsen*
*Birna Geirfinnsdóttir*
*Bjarki Gunnar Halldórsson*
*Bjarni Reynarsson*
*Björg Stefánsdóttir*
*Björn B. Jónsson*
*Björn Bjarndal Jónsson*
*Björn Guðbrandsson*
*Björn Marteinsson*
*Björn Þorsteinsson*
*Brynhildur Pálsdóttir*
*Dagur Eggertsson*
*Daníel Karl Björnsson*
*Deepa Iyengar*
*Einar Hlér Einarsson*
*Elísabet Ingvarsdóttir*
*Eva Huld Friðriksdóttir*
*Finnbogi Pétursson*
*Fiona Cribben*
*Freyja Bergsveinsdóttir*
*Frosti Örn Gnarr Gunnarsson*
*Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir*
*Guðmundur Hallgrímsson*
*Guðmundur Ingi Úlfarsson*
*Guðrún Eva Minervudóttir*
*Guðrún Lijla Gunnlaugsdóttir*
*Gunnar Grímsson*
*Gunnar Hersveinn Sigursteinsson*
*Hafsteinn Júlíusson*
*Halldór Eiríksson*
*Halldór Gíslason*
*Hallgerður G. Hallgrímsdóttir*
*Hallgerður Hallgrímsdóttir*
*Hannes Högni Vilhjálmsson*
*Hannes Lárusson*
*Hans Olav Andersen*
*Haraldru Jónsson*
*Hildur Björk Yeoman*
*Hildur Gunnarsdóttir*
*Hildur Steinþórsdóttir*
*Hjalti Hrafn Hafþórsson*
*Hlín Helga Guðlaugsdóttir*
*Hlynur Helgason*
*Hólmfríður Ó. Jónsdóttir*
*Hrefna Björg Þorsteinsdóttir*
*Hrund Gunnsteinsdóttir*
*Huginn Þór Arason*
*Hörður Kristbjörnsson*
*Hörður Lárusson*
*Höskuldur Ólafsson*
*Ian Watson*
*Ingibjörg Jóhannsdóttir*
*Ingibjörg Sigurjónsdóttir*
*Jette Jonkers*
*John Wood*
*Jon Nordstein*
*Jonathan G. Pedersen*
*Jóhannes Þórðarson*
*Jón Ágúst Pálmason*
*Jón I. Kjaran*
*Jón Snorri Snorrason*
*Jónas Vatlýsson*
*Júlía Skagfjörð Sigurðardóttir*
*Katla Kjartansdóttir*
*Kristinn Harðarson*
*Kristinn Schram*
*Kristín Arna Sigruðardóttir*
*Kristín Ragna Gunnarsdóttir*
*Kristín Þorleifsdóttir*
*Kristján Eggertsson*
*Kristján Örn Kjartansson*
*Kristrún Thors*
*Laurie Rosenwald*
*Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir*
*Magnea Guðmundsdóttir*
*Magnús Helgason*
*Magnús Leifsson*
*Marcos Zotes Lopez*

*Mareike Gast*
*Margrét Harðardóttir*
*Margrét Ó, Leópoldsdóttir*
*Margrét Sigrún Sigurðardóttir*
*Massimo Santanicchia*
*Michael Everson*
*Nanna Hlín Halldórsdóttir*
*Ólafur Ómarsson*
*Ólafur Rastrick*
*Ólöf Nordal*
*Ósk Soffía Valtýsdóttir*
*Óskar Örn Arnórsson*
*Paolo Gianfrancesco*
*Páll Hjalti Hjaltason*
*Páll Ragnar Pálsson*
*Pétur Ármannsson*
*Ragnar Freyr Pálsson*
*Ragnar Ólafsson*
*Ragnar Stefánsson*
*Ranheiður I. Ágústsdóttir*
*Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir*
*Ragnhildur Stefánsdóttir*
*Robert Cary Williams*
*Sari Peltonen*
*Sesselja Magnúsdóttir*
*Sigríður Dögg Guðmundsdóttir*
*Sigríður H. Hauksdóttir*
*Sigríður Maack*
*Sigríður María Sigurjónsdóttir*
*Sigríður Melrós Ólafsdóttir*
*Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir*
*Sigrún I. Hrólfsdóttir*
*Sigurður Ármannsson*
*Sigurður Einar Gylfason*
*Sigurður Harðarson*
*Sindri Páll Sigurðarson*
*Sirra Sigrún Sigurðardóttir*
*Smári McCarthey*
*Snæfríð Þorsteins*
*Soffía Dröfn Marteinsdóttir*
*Sophie Krier*
*Sóely Stefánsdóttir*
*Stefán Pálsson*
*Stefán Snær Grétarsson*
*Steinar Ingi Faresveit*
*Steindór Guðmundsson*
*Sturla Már Jónsson*
*Sveinbjörn Hermanna Pálsson*
*Sveinn Bragason*
*Sæunn Huld Þórðardóttir*
*Theresa Himmer*
*Torfi Frans Ólafsson*
*Úlfar Ingi Haraldsson*
*Úlfhildur Dagsdóttir*
*Viktorina Rodinova*
*Þorvaldur Ó. Guðlaugsson*
*Þorvaldur Sverrisson*
*Þórarinn Hugleikur Dagsson*
*Þórunn Árnadóttir*
*Þráinn Hjálmarsson*
*Ævar Harðarson*

## Leiðbeinendur lokaritgerða

Leiðbeinendur sem komu að leiðsögn við skrif lokaritgerða til BA-prófs voru 21:

*Atli Hilmarsson*
*Ásta Jóhannsdóttir*
*Bjarki Gunnar Halldórsson*
*Elísabet V. Ingvarsdóttir*
*Guðmundur Oddur Magnússon*
*Gunnar Hersveinn Sigursteinsson*
*Halldór Eiríksson*
*Halldóra Ísleifsdóttir*
*Hildigunnur Sverrisdóttir*
*Hildur Steinþórsdóttir*
*Hlynur Helgason*
*Höskuldur Ólafsson*
*Ian Watson*
*Katla Kjartansdóttir*
*Kristín Ragna Gunnarsdóttir*
*Kristinn Schram*
*Nanna Hlín Halldórsdóttir*
*Ólafur Ómarsson*
*Ólafur Rastrick*
*Ólöf Gerður Sigfúsdóttir*
*Pétur H. Ármanns*
*Sesselja G. Magnúsdóttir*
*Sigga Dögg Arnardóttir*
*Sigrún Birgisdóttir*
*Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir*
*Sóley Stefánsdóttir*

## Gestakennarar

Deildin leggur kapp á samstarf við einstaklinga og stofnanir erlendis. Á síðasta ári komu átta gestakennarar frá Hollandi, Svíþjóð, Bandaríkjunum, Englandi, Rússlandi og Noregi og tóku þátt í námskeiðum.

*Anna Kholina, grafískur hönnuður*
*Dagur Eggertsson, arkitekt*
*John Woods, hönnuður*
*Laurie Rosenwald, hönnuður*
*Mareike Gast, vöruhönnuður*
*Michael Everson, hönnuður*
*Robert Cary-Williams, fatahönnuður*
*Sophie Germaine Jeanne Krier, vöruhönnuður*
*Viktorina Rodionova, grafískur hönnuður*

## Prófdómarar

Utanaðkomandi prófdómarar eru kallaðir til að meta öll útskriftarverkefni. Venjan hefur veirð sú að fá erlenda prófdómara til þessa verkefnis og svo var einnig vorið 2013:

**Arkitektúr**

*Cort Ross Dinesen, arkitekt, lektor og deildarstjóri við Kunstakademiets arkitektskole í Kaupmannahöfn.*

**Grafísk hönnun**

*Anna Kohlina, grafískur hönnuður, Assistant Professor, Department of IT in Design, Saint-Petersburg State Polytechnical University, Institute of International Educational Programs, Saint Petersburg.*

*Ragnar Helgi Ólafsson, sjálfstætt starfandi grafískur hönnuður, Reykjavík.*

**Fatahönnun**

*Martine Sitbon, fatahönnuður, Rue de Mail, París*
*Marc Ascoli, art director.*

**Vöruhönnun**

*Chris Kabel, hönnuður, Studio Chris Kabel, Amsterdam.*

# SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR

## Útskriftarsýning

Útskriftarsýning hönnunar- og arkitektúrdeildar og myndlistardeildar var haldin í Listasafni Reykjavíkur. Opnunin var 20. apríl og sýningu lauk tveimur vikum síðar, þann 5. maí. Útskriftarsýning Listaháskólans er fjölsóttasta sýning Listasafns Reykjavíkur, en allt að 18.000 gestir sækja sýninguna árlega. Í samstarfi við myndlistardeild var ráðinn einn sýningarstjóri fyrir útskriftarsýningu beggja deilda. Sýningarstjórnun var í höndum Erlings Klingenberg en hann naut aðstoðar Önnu Hrundar Másdóttur og Elísabetar Brynhildardóttur. Í tengslum við sýninguna var gefinn út sýningarskrá þeirra nemenda sem áttu verk á sýningunni eins og verið hefur. Ármann Agnarsson, grafískur hönnuður, hannaði sýningarskrána. Hreinn Bernharðsson þjónustufulltrúi gegndi starfi framkvæmdastjóra sýningarinnar. Fatahönnuðir héldu veglega útskriftarsýningu í porti Listasafnsins. Útskriftarsýning þeirra fór fram kvöldið fyrir opnun útskriftarsýningar skólans eins og verið hefur og fyrir fullu húsi. Útskriftarsýning fatahönnuða er tískusýning sem dregur alltaf að fjölda gesta þar á meðal fulltrúa innlendra og erlendra fjölmiðla.

## Opni Listaháskólinn

6 fyrirlestrar voru haldnir í Opna listaháskólanum á vegum hönnunar- og arkitektúrdeildar. Fyrirlestrar voru haldnir í hádeginu og auglýstir fyrir fagaðila jafnt sem almenning. Fyrirlestrunum er ætlað að kynna áhugaverð verkefni og viðfangsefni og skapa vettvang til umræðu um hönnun og arkitektúr samtímans. Fyrirlestrarnir eru mikilvægur snertiflötur hins akademíska vettvangs og starfsvettvangs hönnuða. Fyrirlestrarnir voru fjölbreyttir og vel sóttir, fluttir af innlendum og erlendum gestum skólans.

## Fyrirlestraröð

Mánaðarlegir fyrirlestrar valinna hönnuða voru fluttir á Listasafni Reykavíkur en hönnunar- og arkitektúrdeild stóð fyrir fyrirlestrunum í samstarfi við Hönnunarmiðstöð og Listasafn Reykjavíkur. Fulltrúi hönnunar- og arkitektúrdeildar skipuleggur fyrirlestraröðina ásamt starfsmönnun Hönnunarmiðstöðvar.

## Tískusýning 2. árs fatahönnunarnema

Annars árs nemendur í fatahönnun héldu tískusýningu í Turninum Höfðatorgi, 27. mars. Tískusýningin byggði á afrakstri námskeiðs sem fólst í að hanna fyrstu eiginlegu tískulínuna framleidda af nemendum í fatahönnunarnáminu.

## Hönnunarmars

Nemendur og kennarar taka þátt í að skipuleggja Hönnunarmars, ásamt því að taka þátt í fjölda viðburða með fyrirlestrum, umræðum og sýningum á verkum. Hönnunarmars er helsti viðburður sýninga og birtingar hönnunar í samfélaginu í dag og mikilvægur vettvangur til kynningar á faginu.

## Skýli í Öskjuhlíðinni

Arkitektúrnemendur á fyrsta ári unnu að hönnun og smíði innsetninga í Öskjuhlíðinni og voru verkin til sýningar á vettvangi í maí. Verkefnið byggir á reynslu af samstarfi nemenda í byggingartæknifræði við HR og nemenda við LHÍ.

# SAMSTARF

Hönnun felur ávallt í sér samráð og samvinnu. Við hönnunar- og arkitektúrdeild er leitast við að efla samtal og samstarf við fjölbreyttan hóp fagaðila og leikmanna, enda er það mikilvægur hluti námsins. Námsbrautarskipulag er byggt upp á samstarfi fjögurra líkra og ólíkra faggreina, og frá fyrsta námskeiði á fyrsta ári er mætast nemendur allra greina í sameiginlegum námskeiðum. Tæplega helmingur allra fræðanámskeiða (54 einingar af 180 falla undir slík námskeið) er sameiginlegur öllum námsbrautum. Nokkur vinnustofunámskeið eru sameiginleg öllum námsbrautum, s.s. Kynning og samhæfing, Höfundur og verk, Markaður og form og Samtal (sem er sameiginlegt námskeið fyrir annars árs nemendur fjögurra deilda skólans).

Kennarar deildarinnar hafa stofnað til samstarfs við fjölda samtaka, stofnana og fyrirtækja um þróun verkefna sem unnin eru í námskeiðum og rannsóknar- eða þróunarverkefnum. Samstarfslíkön eru margvísleg og í sífelldri þróun og mótun.

## Verkefni og samstarf um námskeið

Nokkur helstu samstarfsverkefni hönnunar- og arkitektúrdeildarinnar eru:

### Allar deildir – Samtal

Námskeiðið Samtal er sameiginlegt námskeið fyrir annars árs nemendur í B.A. námi við skólann. Nemendur unnu hópverkefni undir leiðsögn starfandi listamanna. Námskeiðið hefur það að markmiði að efla samstarf deildanna og tengja nemendur allra deilda innan skólans betur saman. Umsjón námskeiðs var í höndum myndlistardeildar og í samstarfi við Curver Thoroddsen.

*Samstarfsaðili: Curver Thoroddsen, Biophilia verkefnið.*

### Allar námsbrautir – Markaður og form

Deildin hélt eins og undanfarin ár markaðsnámskeið undir vinnuheitinu Markaður og form. Nemendur á öðru ári unnu að hugmyndavinnu, hönnun og markaðssetningu nýrrar vöru. Fjárfestar úr atvinnulífinu voru fengnir til samtals og til að veita faglega innsýn í viðfangsefnin. Margrét Sigrún Sigurðardóttir lektor við viðskiptadeild HÍ var tengiliður HÍ vegna verkefnisins, en jafnframt komu nokkrir kennarar frá HÍ að leiðsögn og fyrirlestrahaldi.

*Samstarfsaðili: Viðskiptadeild Háskóla Íslands.*

### Arkitektúr – Almenningsrými

Reykjavíkurgötur er samstarfsverkefni um greiningu og rannsókn almenningsrýma og götuumhverfis í Reykjavík, unnin í námskeiði fyrir fyrsta árs nemendur í arkitektúr. Nemendur kynnast aðferðafræði rannsókna og unnið er að margþættri og heildstæðri gagnaöflun um byggt umhverfi.

*Samstarfsaðili: Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkurborgar.*

### Arkitektúr – Stæðaæði

Innsetningar og uppákomur unnar á samgöngudögum Reykjavíkurborgar. Verkefnið fólst í að nemendur í arkitektúr unnu að uppákomum í bílastæðahúsum í miðborginni, til að vekja athygli á helgunarsvæðum bílsins í þéttbýli.

*Samstarfsaðili: Skipulags- og byggingasvið Reykjavíkurborgar.*

### Arkitektúr – Skýli í Öskjuhlíðinni

Arkitektúrnemendur á fyrsta ári unnu að hönnun og smíði innsetninga og skýla í Öskjuhlíðinni. Verkefnið byggir á reynslu af samstarfi nemenda í byggingartæknifræði við HR og arkitektanemenda við LHÍ.

*Samstarfsaðili: Byggingatæknifræði, Háskólinn í Reykjavík.*

### Arkitektúr – Útsýnisskýli í Bjarnarfirði

Nemendur í arkitektúr hönnuðu og byggðu innsetningu í landi Hótel Laugarhóls í Bjarnarfirði vorið 2013. Markmið verkefnisins var að vinna út frá staðarháttum og byggja vistvæna innsetningu sem yki afþreyingu og útivistarmöguleika fyrir ferðamenn. Útsýnisskýli og eldstæði var hannað og byggt í fjallshlíðinni á vikutímabili.

*Samstarfsaðilar: Hótel Laugarhóll, Dagur Eggertsson arkitekt frá Rintala Eggertsson, Vatnavinir og Vatnavinir Vestfjarða.*

### Grafísk hönnun – Mæna

Mæna er ársrit um grafíska hönnun á Íslandi sem námsbraut í grafískri hönnun, hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands gefur út. Verkefnið er unnið í námskeiði á þriðja ári og er samstarfsverkefni nemenda og kennara og fjölmargra þeirra sem taka þátt í birtingu rannsókna.

*Samstarfsaðilar: Prenstmiðjan Oddi og Fít.*

### Vöruhönnun – Staðbundin framleiðsla

Námskeið er unnið í samstarfi við tíu vel valin fyrirtæki á Stór-Reykjavíkusvæðinu. Nemendur fá innsýn í verkferla, tól og tæki fyrirtækjanna. Í framhaldi eru nemandum úthlutuð tvö óskyld fyrirtæki með það að markmiði að þróa nýja verkferla byggða á þekkingu og aðferðum þessara tveggja fyrirtækja..

*Samstarfsaðilar: S.Helgason, Málmsteypan Hella, B.M. Vallá, Stjörnublikk, 3.d Verk, Geislar, OK Hull, Trefjar, Seglagerðin Ægir og Geislatækni.*

### Vöruhönnun – Stefnumót hönnuða og bænda

Stefnumót hönnuða og bænda er nýsköpunarverkefni Listaháskóla Íslands með það að markmiði að þróa afurðir í hæsta gæðaflokki þar sem hönnun og rekjanleiki eru höfð að leiðarljósi. Nýnæmi verkefnisins felst í því að tefla saman einni elstu starfsstétt landsins, bændum, og einni yngstu starfstétt landsins, vöruhönnuðum. Frá árinu 2012 hefur sjónum verið beint að skógum landsins og unnið með skógræktarbændum að nýsköpun og hönnun afurða trjáræktar.

*Samstarfsaðili: Beint frá býli.*

### Vöruhönnun – ECAL

Vinnusmiðja haldin í samvinnu við ECAL, Universtity of Art and Design, Lausanne. Kennarar og nemendur í meistaranámi í vöruhönnun við ECAL komu í 10 daga dvöl til Ísland að vinna verkefni að nýtingu hvalbeina í samstarfi við námsbraut í vöruhönnun. Markmið vinnusmiðju var að rannsaka og þróa aðferðir fyrir vinnslu hvalbeina og nýtingu fyrir hönnunarverkefni. Vinnusmiðja var leidd af Brynjari Sigurðssyni, stundakennara við Ecal og vöruhönnuði

*Samstarfsaðili: ECAL University of Art and Design, Lausanne.*

### MA-hönnun – EcoTrophelia Iceland

Þátttaka í samstarfsverkefni með Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Matís ásamt Samtökum iðnaðarins og Food for Life sem fólst í samkeppni og þróun á vistvænni nýsköpun matvæla og drykkjarvara.

*Samstarfsaðilar: Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum, Landbúnaðarháskólinn, Matís og Nýsköpunarmiðstöðin.*

### MA-hönnun – Stjórnun nýsköpunar

Samstarf við viðskiptadeild Háskóla Íslands um námskeið um stjórnun nýsköpunar. Markmið námskeiðsins er að veita nemendum innsýn í stjórnun nýsköpunar hvort sem um er að ræða þróun vöru, tækni eða þjónustu.

*Samstarfsaðili: Viðskiptadeild Háskóla Íslands.*

### Fatahönnun – Parísarferð

Nemendur í fatahönnun fóru í 5 vikna ferð til Parísar í starfskynningu. Nemendur fá starfþjálfun við helstu tískuhús Parísar við að aðstoða við tískuvikuna. Helstu tískuhúsin sem nemendur fara í starfsþjálfun til eru: Martine Sitbon, Chloé, Girault Totem, Sharon Wauchob, Rue du Mail, Gaspard Yurkewich, Givenchy, Sonia Rykiel, Yaz Bukey, Marc Jackobs, Three as four og Olympia Le Tan.

## Rannsóknar- og samstarfsverkefni

### Reykjavíkurgötur

Reykjavíkurgötur er samstarfsverkefni um greiningu og rannsókn almenningsrýma og götuumhverfis í Reykjavík unnið í námskeiði í arkitektúr.

*Samstarfsaðili: Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur.*

### Vistmennt (DOS)

Listaháskólinn er samstarfsaðili að verkefninu Vistmennt (Dawn of Sustainability in Architecture and Planning). Verkefnið hlaut styrk frá Menntaáætlun Evrópusambandsins sumarið 2010 til þess að þróa námsefni í tengslum við sjálfbæran arkitektúr og skipulag fyrir nemendur í byggingartengdum iðngreinum, en einnig endurmenntun hönnuða og fólks í byggingargeiranum. Verkefninu lauk á árinu.

*Samstarfsaðilar: Arkitektafélag Íslands, Iðan, Tækniskólinn, Danska arkitektafélagið, Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins í Danmörku og Genex.*

### Boulevards / Rings and Urban boundaries in Europe in the 20th–21st Century

Verkefnið fjallar um áhrif hringbrauta á þróun borgarumhverfis. Hringbrautir og breiðgötur voru skoðaðar í alþjóðlegu samhengi og áhrif þessa sögulega líkans er kannað frá mismunandi sjónarhornum þverfaglegrar nálgunar.

*Samstarfsaðilar: Sagnfræðideild Háskóla Íslands, hugvísindadeild og arkitektúrdeild Université Libre De Bruxelles, styrkt af umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur.*

### SCIBE

Viðfangsefni verkefnisins var að rannsaka sköpun í hinu byggða umhverfi. Hálfbyggðar jaðarbyggðir höfuðborgarsvæðis voru rannsakaðar og framtíðarsýn teflt fram í takti við skapandi lausnir um aukna kröfu um sjálfbæra uppbyggingu í sátt við náttúru og samfélag. Verkefnið var hluti af rannsóknarverkefni, SCIBE, www.scibe.eu og styrkt af HERA, evrópskri rannsóknaráætlun.

*Samstarfsaðilar: April arkitekter og SCIBE.*

### Ásýnd og aðkoma þéttbýliskjarna á Íslandi

Í ljósi aukins ferðamannastraums er ásýnd og upplifun af þéttbýli kannað. Markmið þessa verkefnis er að skoða umhverfisþætti sem áhrif hafa á ásýnd, ímynd og upplifun ferðamanna af bæjum við „bæjarhliðið“. Verkefnið felst í að draga fram staðbundna sérstöðu og þróa heildstæða aðferðafræðilega nálgun til greiningar á ásýnd og sérstöðu byggðs forms ásamt því að þróa verkfæri í formi leiðbeininga fyrir hönnuði og skipulagsfræðinga.

*Samstarfsaðilar: Dr. Kristín Þorleifsdóttir / Vist og Vera, Markasðstofa Vesturlands og Sveitarfélagið Dalabyggð.*

### Archaism, Anarchy and Amnesia of/in Architecture / Vinnustofa í vistvænum arkitektúr

Markmið vinnustofunnar er að þróa þverfaglegt samtal og að þróa umræðuvettvang og námskeið, bæði við Listaháskólann og alþjóðlega sumarskóla á háskólastigi. Haldin var vinnusmiðja á arktektúrnámsbraut haustið 2012 og sumarskóli 2013. Menningararfur torfbæjarins var skoðaður í samhengi staðbundins arkitektúrs, vistvæni efna, aðferða og verkhefðir skoðaðar í félagspólítísku, heimspekilegu og fagurfræðilegu samhengi.

*Samstarfsaðilar: Dr. Sigurjón Baldur Hafsteinsson, námsbraut í safnafræði við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands, Hannes Lárusson myndlistarmaður og Íslenski bærinn, styrkaraðili, Háskólafélag Suðurlands.*

### Ylrækt

Veru- og fyrirbærafræði er skoðuð í samhengi manngerðs umhverfis hér á landi, þ.m.t. uppbyggingu ferðaþjónustu, skipulags og hönnunar.

*Samstarfsaðilar: Dr. Edward H Huijbens, Rannsóknamiðstöð ferðamála við Háskólann á Akureyri, dr. Björn Þorsteinsson heimspekingur við HÍ, dr. Þorvarður Árnason og/við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði.*

### Designers Nest

Fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands tekur tvisvar á ári þátt í „Designers Nest“ sem er viðburður á tískuvikunni í Kaupmannahöfn. Tilgangur Designer Nest er að kynna og koma á framfæri framúrskarandi útskriftarnemum í fatahönnun á Norðurlöndunum. 10 af bestu skólunum á Norðurlöndum í fatahönnun er boðið að taka þátt. Þátttaka Listaháskólans í hefur skilað nemendum ýmsu, s.s. störfum hjá stórfyrirtækinu H&M og umfjöllun í fjölmiðlum.

### Design innovation for Gender Equality (DIG)

Rannsóknarverkefni sem hönnunar- og arkitetkúrdeild er aðili að, í samstarfi við hönnunardeild Kunsthögskolen i Osló (KHiO) og rannsóknarstofu í kynjafræði við HÍ (RIKK), þar sem rannsakað er samspil hönnunar og jafnréttis. Jafnframt er kannað hvernig hönnun tengist umræðunni um jafnrétti og hver áhrif hönnunar í upplifun okkar á jafnrétti eru.

*Samstarfsaðilar: Kunsthögskolen í Osló (KhiO) og Rannsóknarstofa í kynjafræði við HÍ (RIKK).*

## Gísli B. – Fimm áratugir í grafískri hönnun

Haust 2012 var haldin yfirlitssýning um feril Gísla B. á Hönnunarsafni Íslands sem byggt var á rannsóknarvinnu við námsbraut í grafískri hönnun um Gísla B. Björnsson. Sýningin á Hönnunarsafni Íslands var afrakstur vinnu innan námsbrautarinnar við gagnasöfnun, úrvinnslu og sýningar nemenda á verkum Gísla og verkum þeirra sjálfra byggðum á hans..

*Samstarfsaðilar: Ármann Agnarsson og Hönnunarsafn Íslands.*

## MÆNA

Mæna er ársrit um grafíska hönnun á Íslandi sem námsbraut í grafískri hönnun, hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands gefur út. Mæna er samstarfsverkefni nemenda og kennara og fjölmargra þeirra sem taka þátt í birtingu rannsókna.

*Samstarfsaðilar: Prenstmiðjan Oddi og Fít.*

## Íslenskuþorpið (Icelandic Village)

Þróun og útfærsla Íslenskuþorpsins er á þverfaglegum grunni þar sem koma saman sérfræðingar í tileinkun annars máls við Háskóla Íslands og Syddansk Universitet í Danmörku, kennarar og nemendur í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands, kennari og nemendur í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands og sérfræðingar og nemendur í gagnvirkri hönnun frá Syddansk Universitet og Interactive Institute í Svíþjóð. Háskóli Íslands stýrir verkefninu, sér um þróun og framleiðslu námsefnis fyrir nemendur, stýrir hönnunarvinnu Íslenskuþorpsins,Syddansk University leggur til sérfræðiþekkingu á sviði annarsmálsfræða, vinnu við þróun námsefnis Íslenskuþorpsins og vinnu við gagnabankann.

*Samstarfsaðilar: Dr. Guðrún Theodórsdóttir, Kolbrún Friðriksdóttir og Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir frá Háskóla Íslands, Interactive Institute í Svíþjóð og Syddansk Universitet í Danmörku.*

## 13Al+

13Al+ er sam-norrænt og þverfaglegt samstarfsverkefni íslenskra hönnuða og sænskra álframleiðslufyrirtækja sem hófst 2012 og hefur að markmiði að kanna frekari möguleika sem felast í álframleiðslu á Íslandi. Rannsóknarverkefnið felst m.a. í því að gera efnistilraunir og rannsóknir á bræðslu á basalti í samblandi við ál. Þátttakendur í verkefninu eru fimm íslenskir hönnuðir; Sigga Heimis, Þóra Birna, Snæbjörn Stefánsson, Garðar Eyjólfsson og Katrín Ólína.

*Samstarfsaðilar: Sigga Heimis, Þóra Birna, Snæbjörn Stefánsson, Garðar Eyjólfsson og Katrín Ólína, Hönnunarmiðstöðin, Málmsteypan Hella, Nordic Innovation Fund og Norwegian Design Council, styrkt af SAMÁL og Samtökum iðnaðarins.*

## ActSHEN Action for Sustainability in Higher Education in the Nordic region

Markmið þessa þriggja ára rannsóknarverkefnis er að þróa kennslufræðilegt líkan fyrir kennslu um sjálfbærni á háskólastigi með áherslu á virka þátttöku nemenda í þróun námsefnis. Markmiðið er að kanna hvernig aðkoma nemenda að stjórnun og þátttöku ásamt og aukinni teymisvinnu geti eflt nám í háskólum.

*Samstarfsaðilar: Menntavísindasvið Háskóla Íslands, menntavísindasvið Uppsala University, CEMUS og Efnafræðideild University of Helsinki.*

# Rannsóknarverkefni nemenda styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna

# Rannsóknarverkefni sumar / haust 2012

## Eyðibýli á Íslandi

Rannsókn á eyðibýlum og yfirgefnum húsum í Austur-Skaftafellssýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu.

*Nemendur: Birkir Ingibjartsson, Yngvi Karl Sigurjónsson, Arnþór Tryggvason og Steinunn Eik Egilsdóttir.*

*Leiðbeinandi: Gísli Sverrir Árnason sagnfræðingur og ráðgjafi hjá R3 ráðgjöf ehf og Sigbjörn Kjartansson arkitekt hjá Glámu Kími arkitektum.*

## Íslenskuþorpið

Leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku.

*Nemendur: Margrét Guðmundsdóttir og Viktoriia Buzukina.*

*Leiðbeinendur: Guðrún Theodórsdóttir og Dóra Ísleifsdóttir.*

## Náttúruleg leðursútun með jurtum úr íslenskri náttúru.

*Nemandi: Elísabet Karlsdóttir*
*Leiðbeinandi: Linda Björg Árnadóttir.*

## Endurnýting textíls og endursköpun efna með umhverfisvænum hætti.

*Nemandi: Tanja Huld Leví Guðmundsdóttir*

*Leiðbeinendur: Linda Björg Árnadóttir og Ólöf Gerður Sigfúsdóttir*

# Rannsóknarverkefni styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna vor 2013

## Bólstaður

Torfbærinn skoðaður og greindur með tilliti til veru- og fyrirbærafræði í samhengi arkitektúrs.

*Nemandi: Hrafnhildur Magnúsdóttir*

*Leiðbeinendur: Hildigunnur Sverrisdóttir, arkitekt og fagstjóri við LHÍ og Björn Þorsteinsson, heimspekingur. Ráðgjöf: Hannes Lárusson.*

# ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

## EAAE

LHÍ er aðili að samstarfsneti Evrópskra arkitektaskóla, European Association of Architectural Education (EAAE). Miklar sviptingar voru í starfi EAAE árið 2012-2013 og stjórn sett af og ný stjórn var kosin í maí 2012. Ekki gafst færi fyrir deildarstjóra að sækja fundi eða ráðstefnur EAAE vegna fjárskorts.

## NORDARK – NORDISK ARKITEKTURAKADEMI

Nordark er net 16 arkitektaháskóla á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum. Deildarforseti sótti fund samtakanna sem var haldinn í Kaupmannahöfn 15.-17 maí 2013. Helsta umræðuefnið var þróun sameiginlegs norræns vottunarferlis á námsbrautum í arkitektúr. Annar fundur var haldinn í Riga í Lettlandi haust 2012, en einungis er gert ráð fyrir einni ferð deildarforseta á ári. Rétt er að árétta að NordArk netið hefur reynst sterkur stuðningsaðili við uppbyggingu námsbrautar í arkitektúr á háskólastigi á Íslandi og hafa samtökin fylgst vel með þróun námsbrautarinnar ásamt því að hafa hvatt til þess að sett verði upp námsbraut á meistarastigi við LHÍ í arkitektúr, m.a. með bréfi til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

## CIRRUS – SAMTÖK HÖNNUNARSKÓLA Á NORÐURLÖNDUNUM OG EYSTRASALTSLÖNDUNUM

Deildarforseti sótti fund samtakanna í Gautaborg 12.–14. október ásamt alþjóðafulltrúa LHÍ þar sem rætt var starf samstarfsnetsins, námskeiðahald, nemenda- og kennaraskipti, kennaraþjálfun ásamt því að fjalla um kennslu í hönnun á breiðum grunni. Við sama tækifæri var Listiðnaðarskólinn HDK at Steneby heimsóttur.

## KREANORD

Í kjölfa þátttöku í vinnusmiðju Entre Nord, á vegum Krea Nord, sem haldin við Listaháskólann í september 2012 var deildarforseta boðið á ráðstefnu Entre Nord í Kaupmannahöfn 7.–8. nóvember til að miðla og kynna reynslu af nýsköpunar- og samstarfsverkefnum hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskólans.

## CUMULUS

LHÍ er meðlimur og þáttakandi í alheimsnetinu Cumulus - samstarfsneti yfir 190 hönnunarháskóla um allan heim. Engin fundur var sóttur á árinu vegna niðurskurðar.

## KENNARAR FRÁ DEILDINNI

Engin formleg kennaraskipti voru við deildina þetta árið. Hildigunnur Sverrisdóttir sótti ráðstefnu í Umea arkitektúrskólanum, Archtecture in effect - Rethinking the Social in Architecture. Hildigunnur var gestakrítíker verkefna á meistarastigi við KTH Konunglega tækniháskólann í Svíþjóð og gestakrítíker á 1.2. og 4. ári við Kunstakademiets Arkitektskole í Kaupmannahöfn. Dóra Ísleifsdóttir heimsótti hönnunardeildir við Central St Martins School of Art and Design í London og Goldsmiths London og kom á samstarfi við kennara Goldsmiths.

# SKIPTINÁM

## NEMENDUR FARA UTAN

Sextán nemendur komu í nám við skólann sem hluta af alþjóðlegu samstarfi; fimmtán í skiptinám og einn nemandi í önnur nemendaskipti.

Níu nemendur fóru utan í gegnum alþjóðlegt samstarf; sjö í skiptinám, einn nemandi í önnur nemendaskipti og einn nemandi fór í starfsþjálfun.

Einn nemendahópur fór utan sem hluta af námskeiðum við hönnunar- og arkitektúrdild.

Fjórir nemendur hlutu Leonardo styrk, úthlutað til útskrifaðra nemenda.

## PARÍSARFERÐ

Allir tíu fyrsta árs nemendur fóru í 5 vikna ferð til Parísar til að vinna við tískuvikuna sem lið í námskeiðinu Parísarferð. Fagstjóri í fatahönnun útvegar öllum nemendum samningsbundna starfsþjálfum hjá helstu tískuhúsum Parísar. Nemendur gera saming við viðkomandi tískuhús og Listaháskólann.

## NEMENDAFERÐ

Árleg nemendaferð þriðja árs árgangs sem áætluð var til Berlínar í september var lögð niður vegna kostnaðarliða.

## STEFNUMÓTUN OG FRAMTÍÐARSÝN

Mikið frumkvöðuls- og uppbyggingarstarf hefur átt sér stað í hönnunar- og arkitektúrdeild frá stofnun hennar árið 2000. Starfsemi deildarinnar hefur átt sinn þátt í að auka veg hönnunar á landinu en yfir fjögur hundruð nemendur útskrifast úr deildinni og kannanir sýna að á milli 65-85% (mism. eftir námbrautum) þeirra starfa við hönnun.

Öll stefnumótun og framtíðarsýn deildarinnar tekur mið af þeirri greiningu og hugmyndavinnu sem dregin hefur verið fram í gegnum sjálfsmatvinnuferlið á liðnu ári. Með sjálfsmatsvinnu gafst tækifæri til að líta yfir farinn veg og meta, greina og skerpa áherslur í starfi deildarinnar og tóku starfsmenn þessa vinnu alvarlega og unnu að þessu mati af heilum hug á árinu. Mikil áhersla var lögð á að styrkja samtal og uppýsingaflæði innan deildar, efla samráð og samvinnu meðal kennara mismunandi námsbrauta og jafnframt að efla samtal við nemendur.

Til hliðar við sjálfsmatsvinnuna hafa starfsmenn deildarinnar lagt drög að stefnumótun sem ætlunin er að endurskoða reglulega í samráði við alla starfsmenn. Verkefnin eru margþætt og er áhersla þeirra á innra starf deildarinnar sem og að efla tengsl út í samfélagið.

Námsbrautir og námskeið eru í sífelldri þróun og endurskoðun til að mæta áskorunum samtímans. Aukin áhersla verður lögð á að styrkja tengsl fræðanámskeiða við vinnustofur og endurskoða þarf lengd, uppbyggingu og einingavægi námskeiða. Jafnframt þarf að huga að aukinni eftirspurn eftir námsframboði á sviði hönnunar og ásamt möguleikum á frekari þverfaglegri vinnu.

Með eflingu rannsóknartengds náms á meistarastigi og aukinni rannsóknarvirkni kennara og nemenda þarf sérstaklega að huga að því hvernig best má nýta aukna þekkingu og reynslu við þróun námsbrauta. Leggja þarf enn meiri áherslu á samþættingu rannsókna, listsköpunar og kennslu í samhengi við þróun námsbrauta og deildar.

Til að efla rannóknarvirkni og kortleggja áherslur deildarinnar getur skipt miklu máli að hafa aðgang að miðlægum gagnabanka fyrir verkefni og starfsemi deildar. Þörf er á að koma upp gagnabanka og gera verk aðgengileg til að frekari rannsóknar og uppbyggingu tengslaneta.

Leggja þarf aukna áherslu á að miðla rannsóknum og verkefnum um hönnun og arkitektúr. Sneiðmynd – fyrirlestraröð kennara við deildina var hafin að hausti til að auka miðlun og umræðu um akademíska vinnu. Kennarar deildarinnar ræða eigin viðfangsefni og áherslur í starfi og tengsl við kennslu og uppbyggingu náms við deildina. Áhersla er á að fjalla um tengsl sköpunar við kennslu, hönnun og rannsóknir, og er þekkingaröflun rædd út frá ýmsum sjónarhornum.

Það er ljóst að margskonar styrkur liggur í starfi deildarinnar undanfarin ár. Allar námsbrautir hafa skýra stefnu um að takast á við aðkallandi verkefni samtímans og kanna raunveruleikann með forvitnu og gagnrýnu hugarfari þar sem stuðlað er að jákvæðri umbreytingu í samfélaginu. Styrkur deildarinnar felst m.a. í að koma á þeim fjölda verkefna sem þróast í samstarfi fjölmarga og ólíka utanaðkomandi aðila sem koma að samtali við kennara og nemendur. Í framtíðinni verður unnið að því að styrkja samtarf af þessu tagi og um leið hugað að því að styrkja stöðu nemenda og starfsmanna við samningagerð og verndun hugverkaréttinda. Eins verður lagt kapp á að styrkja verkefnaáætlanir og fjármögnun verkefna.

# LEIKLISTAR- OG DANSDEILD
(NÚ SVIÐSLISTADEILD)

## STARFSEMIN Á SKÓLAÁRINU

Við deildina var kennt á þremur námsbrautum til bakkalárgráðu. Brautirnar eru dansbraut, fræði og framkvæmd (heitir nú sviðshöfundabraut) og leikarabraut. Nemendaleikhús fékk nýtt hlutverk á árinu, en undir hatti þess voru sýnd verk nemenda þvert á brautir deildarinnar auk formlegra útskriftarsýninga.

## NEMENDUR

65 nemendur stunduðu nám við deildina á skólaárinu. 35 nýjir nemendur voru teknir inn, engir nemendur voru á öðru námsári en 30 nemendur á þriðja námsári á skólaárinu. Á fyrsta ári leikarabrautar voru 11 nemendur, 6 konur og 5 karlar. Á þriðja ári leikarabrautar voru 10 nemendur, 5 konur og 5 fimm karlar. 23 nemendur stunduðu nám í samtímadansi, 22 konur og einn karl og 21 nemandi stundaði nám í fræðum og framkvæmd, 10 karlar og 11 konur.

Langflestir nemendur eru undir 25 ára en nemendur í fræðum og framkvæmd eru heldur eldri en samnemendur á öðrum brautum deildarinnar.










## STARFSFÓLK

Við deildina störfuðu 12 manns á skólaárinu. Auk deildarforseta einn prófessor og þrír lektorar, sem jafnframt fóru með fagstjórn yfir námsbrautum deildarinnar og fræðum, aðjúnktar voru fjórir og einn tæknistjóri. Stundakennarar voru 66, þar af voru 17 gestir sem komu erlendis frá.

Nokkrar breytingar voru á starfsmannahaldi deildarinnar. Í upphafi skólaársins tók Una Þorleifsdóttir við fagstjórn námsbrautarinnar fræði og framkvæmd (nú sviðshöfundabraut) og Magnús Þór Þorbergsson tók við fagstjórn fræða við deildina. Ólöf Ingólfsdóttir, aðjúnkt í líkamsþjálfun kom aftur til starfa eftir ársleyfi en sagði upp störfum í lok skólaársins. Egill Ingibergsson var í starfsleyfi haustönn 2012 til þess að starfa með Leikfélagi Akureyrar og var Eva Signý Berger ráðin í 100% tímabundna stöðu í tækni og hönnun en hún gekk í störf Egils í fjarveru hans. Á skólaárinu var stofnuð ný akademísk staða í leiklist og leiklistarfræðum og eftir hæfnismat og ráðningarferli á vorönn 2013 var Una Þorleifsdóttir ráðin í stöðuna sem lektor.






# STARFSFÓLK

## Fastráðnir starfsmenn

Starfsmenn deildarinnar voru 12 á skólaárinu í 8,89 stöðugildum.

*Björk Jónsdóttir, aðjúnkt í söng*
*Egill Ingibergsson, tæknistjóri*
*Eva Signý Berger, tæknistjóri/hönnuður*
*Magnús Þór Þorbergsson, lektor og fagstjóri fræða*
*Marta Hrafnsdóttir, aðjúnkt í söng*
*Ólöf Ingólfsdóttir aðjúnkt í líkamsþjálfun*
*Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, aðjúnkt í rödd*
*Stefán Jónsson, prófessor og fagstjóri leikarabrautar*
*Steinunn Ketilsdóttir, aðjúnkt í samtímadansi*
*Steinunn Knútsdóttir, deildarforseti*
*Sveinbjörg Þórhallsdóttir, lektor og fagstjóri dansbrautar*
*Una Þorleifsdóttir,lektor í sviðslistum og fagstjóri fræða og framkvæmda*

## Stundakennarar og gestir á námskeiðum

Stundakennarar og gestir voru alls 66 á skólaárinu eða sem samsvarar 2,75 stöðugildi.

*Alexander Roberts*
*Aðalheiður Þorsteinsdóttir*
*Áki Ásgeirsson*
*Ása Richardsdóttir*
*Ásgerður Guðrún Gunnarsdóttir*
*Bergur Þór Ingólfsson*
*Birgir Örn Thoroddsen*
*Bjarki Sveinbjörnsson*
*Charlotte Böving*
*Egill Heiðar Anton Pálsson*
*Erna Ómarsdóttir*
*Frímann Sigurðsson*
*Gréta María Bergsdóttir*
*Guðmundur S. Brynjólfsson*
*Guðrún Svava Kristinsdóttir*
*Halldóra Geirharðsdóttir*
*Hallur Ingólfsson*
*Hjálmar Hjálmarsson*
*Hrafnhildur H. Guðmundsdóttir*
*Inga Maren Rúnarsdóttir*
*Jóhannes Níels Sigurðsson*
*Jón Atli Jónasson*
*Jón Páll Eyjólfsson*
*Katla Kjartansdóttir*
*Katrín Hall*
*Kjartan Valdemarsson*
*Kristín Eysteinsdóttir*
*Margrét Bjarnadóttir*
*María Pálsdóttir*
*María Rut Reynisdóttir*
*Melkorka Sigríður Magnúsdóttir*
*Olga Bragina*
*Pétur Hrafn Ármannsson*
*Ragnar Stefánsson*
*Rúnar Guðbrandsson*
*Saga Sigurðardóttir*
*Signý Leifsdóttir*
*Sigurður Arent*
*Sigurjón B. Sigurðsson*
*Símon Örn Birgisson*
*Stefán Hallur Stefánsson*
*Védís Kjartansdóttir*
*Viðar Eggertsson*
*Víðir Guðmundsson*
*Vigdís Másdóttir*
*Þórður Steingrímsson*
*Þorgeir Guðmundsson*
*Þorgerður E. Sigurðardóttir*
*Þráinn Hjálmarsson*

## Erlendir gestakennarar og fyrirlesarar

*Ara Tenhula*
*Christine Gouzelis*
*Elin Wikström*
*Ellen Lauren*
*Karmenlara Ely*
*Karoliina Niemelä*
*Kathryn Patricia Sailer*
*Katri Soini*
*Maija Lauri*
*Mikkel Flyvholm*
*Milla Koistinen*
*Paul Blackman*
*Rafael Bianciotto*
*Shi Pratt*
*Taavi Varm*
*Tony Vezich Smartbe*

# SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR

## Nemendaleikhúsið

Með breyttu námsframboði og námsleiðum innan leiklistar- og dansdeildar (nú sviðslistadeild) hefur Nemendaleikhúsið fengið nýtt hlutverk.

Stefnumót við áhorfandann er hluti af námi allra sviðslistanema og er það mikilvægt að sviðslistadeild geti veitt nemendum á öllum stigum námsins tækifæri til þess að mæta áhorfendum í fagmannlegu umhverfi. Leikhúsið er nú vettvangur fyrir nemendaverkefni allra brauta deildarinnar. Nemendaleikhúsið endurspeglar þá starfsemi sem deildin rúmar og býður áhorfendum að kíkja inn í smiðju sviðslistanemanna á mismunandi stigum námsins.

## Verkefni Nemendaleikhússins 2012–2013

### Tímaskekkja - Smiðjan, október 2012
Kynning á Devised verkefni 3. árs leikara
*Kennari: Una Þorleifsdóttir*

### Strindberg - Smiðjan, desember 2012
Kynning á senuvinnu 3. árs leikara
*Kennari: Egill Heiðar Anton Pálsson*

### Einstaklingsverkefni dansara, Tjarnarbíó, mars 2013
3. árs dansarar í samstarfi við 3. árs tónsmíðanemendur
*Umsjónarkennarar: Sveinbjörg Þórhallsdóttir og Steinunn Ketilsdóttir*

### Draumur á Jónsmessunótt - Smiðjan, mars 2013
*Lokasýning leikara*
*Listrænir stjórnendur:*
*Leikstjóri: Stefán Jónsson, fagstjóri leikarabrautar*
*Leikmynd, lýsing og myndvinnsla: Egill Ingibergsson*
*Búningar: Agnieszka Baranowska*
*Tónlist: Úlfur Hansson*

### Eyja - stóra svið Þjóðleikhússsins, maí 2013
Útskriftarsýning dansara
*Listrænir stjórnendur:*
*Danshöfundar: Sveinbjörg Þórhallsdóttir og útskriftarhópurinn*
*Leikmynd og búningar: Eva Signý Berger og Mao*
*Tónlist: Lilja Björk Runólfsdóttir (útskriftarnemandi í tónsmíðum)*
*Lýsing: Magnús Arnar Sigurðarson*
*Myndband: Máni Sigfússon*

### Áferð - stóra svið Þjóðleikhússsins, maí 2013
Útskriftarsýning dansara
*Listrænir stjórnendur:*
*Danshöfundar: Margréti Bjarnadóttir, Saga Sigurðardóttir og útskriftarhópurinn*
*Tónlist: good moon deer, Guðmundur Ingi Úlfarson og Ívar Pétur Kjartansson*
*Leikmynd og búningar: Eva Signý Berger. Útskriftarsýning dansara*

### Útskriftarsýningar nemenda í fræði og framkvæmd - Smiðjan, Þjóðleikhúskjallarinn, Tjarnarbíó og víðar, maí 2013
*8 sviðsverk. Leiðbeinendur: Una Þorleifsdóttir og Stefán Jónsson.*

## Nemendaverk erlendis
Útskriftarnemendur dansbrautar sýndu verkið **male me** á International Theatre School Festival í Amsterdam í júní 2013. Leiðbeinandi: Sveinbjörg Þórhallsdóttir

# SAMSTARF
Sviðslistadeild á frjósamt samstarf við innlendar sviðslistastofnanir og sviðslistahátíðir. Samstarfið er með ýmsum hætti, s.s. kynningar á starfi skólans, kynning á starfsemi stofnana innan skólans, sýningarhald, lán á aðstöðu, þátttaka nemenda í verkefnum og starfsnám, svo eitthvað sé nefnt.

Samstarf innan Listaháskólans er töluvert á milli deilda. Fræðanámskeið og önnur námskeið eru opin nemendum þvert á skólann. Eins eru fjölmörg námskeið og samstarfsverkefni í boði fyrir nemendur milli deilda. Mest var samstarfið við tónlistardeild nú sem fyrr, en nemendur tónlistardeildar tóku þátt í einstaklingsverkefnum dansara í Tjarnarbíói, söngkynningu leikarabrautar og lokaverkefnum dansbrautar og fræða og framkvæmda (nú sviðshöfundabraut) með því að semja, gera hljóðmynd og/eða spila í sýningunum.

## Norrænir sviðslistadagar
Í ágúst 2012 stóð Leiklistarsamband Íslands fyrir Norrænum sviðslistadögum með þátttöku leiklistar- og dansdeildar (nú sviðslistadeild) LHÍ. Norrænir sviðslistadagar eru haldnir á tveggja ára fresti til skiptis á Norðurlöndum. Deildarforseti var í skipulagsnefnd alþjóðlegra vinnustofa sem haldnar voru á sviðslistadögunum undir yfirskriftinni *Höfundurinn í sviðslistum*. Leiklistar- og dansdeild hýsti tvær vinnusmiðjur með erlendum stjórnendum. Vinnusmiðjurnar voru með Ellen Lauren, sviðslistakonu frá Siti Company í New York og meðlimum sviðslistahópsins She She Pop frá Berlín. Deildin hafði síðan umsjón með málþingi um höfundinn í sviðslistum með þátttöku leiðbeinenda vinnustofanna sem voru fimm talsins. Málþingið sóttu nemendur þvert á brautir deildarinnar auk listamanna sem voru þátttakendur á Norrænum sviðslistadögum.

## Samstarf við Leikfélag Akureyrar
Í apríl 2013 bauð deildin í fyrsta sinn námskeið í samstarfi við Leikfélag Akureyrar. Hópur nemenda þvert á brautir deildarinnar fór norðan ásamt Ólöfu Ingólfsdóttur dansara og danshöfundar sem var umsjónarkona námskeiðsins. Á námskeiðinu var unnið með óhefðbundin leikrými í og í kringum Akureyri. Hópurinn vann smærri innsetningarverk í bænum, á Dalvík og Hjalteyri. Titill námskeiðsins var *Út í óvissuna*.

Einn nemandi námsbrautarinnar fræði og framkvæmd (nú sviðshöfundabraut) var í starfsþjálfun við tvær uppsetningar leikfélagsins. Nemandinn starfaði sem aðstoðarleikstjóri leikverksins *Leigumorðinginn* eftir Aki Kaurismaki í leikstjórn Egils Antons Pálssonar og sem leikstjóri *Ef ég væri jólasveinn*, jólasýningar fyrir börn á vegum leikfélagsins.

## Samstarf við Íslenska dansflokkinn

Tveir þriðja árs nemendur dansbrautar voru í starfsþjálfun hjá Íslenska dansflokknum á haustmisseri 2012. Nemarnir tóku þátt í tveimur uppfærslum til jafns við atvinnudansar flokksins.

Fyrsta árs nemar dansbrautar tóku þátt í *Vorblótinu* eftir Igor Stravinskíj á Listahátíð í uppsetningu Íslenska dansflokksins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborg í Hörpu. Danshöfundar verkins voru Melkorka Sigríður Magnúsdóttir fyrir hönd dansbrautar og Lára Stefánsdóttir listrænn stjórnandi Íd. Verkefnið var hluti námskeiðsins Skapandi ferli II sem kennt var á vorönn 2013.

## Samstarf við Þjóðleikhúsið

Einn nemandi námsbrautarinnar fræði og framkvæmd (nú sviðshöfundabraut) var í starfsþjálfun hjá Þjóðleikhúsinu á haustönn 2012. Nemandinn starfaði sem verkefnastjóri og aðstoðamaður leikstjóra.

Einn útskriftarnemandi námsbrautarinnar fræði og framkvæmd (nú sviðshöfundabraut) sýndi lokaverkefni sitt í Þjóðleikhúskjallaranum.

## Samstarf við aðrar deildir innan skólans

Annars árs nemar leikarabrautar tóku þátt í *Samtali,* sameiginlegu námskeiði allra deilda Listaháskólans í janúar 2013. Samtal var í umsjón myndlistardeildar en umfjöllunarefni samtalsins voru listir og vísindi.

## Sviðslistanám á framhaldsstigi

Sviðslistadeild er í samstarfi við þá danslistaskóla á framhaldsstigi sem kenna eftir námsskrá. Samstarfið felst í að bjóða nemendum reglulega að koma og horfa á verkefni dansbrautarinnar auk þess að veita ráðgjöf við skólanámsskrá og uppbyggingu námsbrauta innan skólanna.

Deildin á einnig í samtali við þá framhaldsskóla sem bjóða eða hyggjast bjóða leiklist eða sviðslistir sem kjörsvið. Samstarfið felst í að bjóða nemendum reglulega að koma og horfa á verkefni sviðshöfundabrautar og leikarabrautar auk þess að veita ráðgjöf við skólanámsskrá og uppbyggingu námsbrauta innan skólanna.

## Leiklistar- og danshátíðir

Nemendur deildarinnar tóku með ýmsu móti þátt í alþjóðlegu leiklistarhátíðinni *Lókal* og *Reykjavík Dance Festival* sem fram fóru í ágúst 2012 samhliða Norrænum sviðslistadögum.

Nemendum deildarinnar gafst einnig kostur á að velja námskeiðið *Umfjöllun og gagnrýni* hvar þeir skrifuðu um sýningar hátíðanna tveggja.

Listamenn hátíðanna héldu kynningar á sýningum og vinnuaðferðum sínum.

# ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Sviðslistadeild er virkur þátttakandi í NORTEAS samstarfsneti norrænna og baltískra leiklistarskóla og leiklistardeilda. Dansbrautin er einnig hluti af norrænu samstarfsnetunum DAMA og EMD, sem eru virk net sem sérhæfa sig í tengslum dansins við aðrar listgreinar.

Sviðslistadeild LHÍ tekur nú þátt í samnorrænu verkefni í kring um gagnrýnin skrif um danslistina undir hatti keðju. Þá hefur deildin myndað tengsl við skóla í fjarlægum menningarheimi, nánar tiltekið Indlandi.

## NORTEAS

Deildarforseti tók þátt í árlegum fundi NORTEAS samtakanna sem haldinn var í Verdal í Nord Tröndelag í Noregi. Einnig sótti deildarforseti ásamt Helgu Arnalds sviðslistarkonu, sérstakan fund samtakanna á stærstu barnaleikhúshátíð Danmerkur sem haldin er árlega. NORTEAS hélt fund undir hátíðinni sem að þessu sinn var haldin á Morsö á Jótlandi. Efni fundarins var þema ár samtakanna vegna skólaársins 2013–2014 en þá munu samtökin beina sjónum að barnaleikhúsi. Þátttakendur verkefnisins, kennarar og skipuleggjendur sóttu fundinn og fóru yfir skipulagningu verkefnisins.

## National School of Drama í Delí á Indlandi

Haustið 2012 hófst samstarf með leiklistar- og dansdeild (nú sviðslistadeild) LHÍ og eina ríkisrekna leiklistarskóla Indlands. Samstarfið var innsiglað við fyrstu nemenda og kennarskipti samstarfsins þegar einn nemandi námsbrautarinnar fræði og framkvæmd (nú sviðshöfundabraut) sótti nám við leikarabraut skólans og deildarforseti kenndi þar við leikstjórnarbrautina. Samstarfið mun fela í sér bæði nemenda- og kennaraskipti og mögulega sýningar á íslenskum nemendaverkefnum á alþjóðlegri leiklistarhátíð sem NSD stendur fyrir í Delí árlega.

## Keðja

Sviðslistadeild er þátttakandi í *Keðju „Writing Movement“* sem er norrænt og baltískt tengslanet sem hefur að markmiði að örva hugsun, samræðu, lestur og skrif um dans. Hugmyndin á bak við verkefnið er að aukin fagleg umræða styrki þróun listformsins. Verkefnisstjóri *Keðju* fyrir hönd leiklistar- og dansdeildar er Sesselja G. Magnúsdóttir. Verkefnið stendur fyrir málþingum, vinnusmiðjum og leiðsögn í skrifum. Fyrsta þing hreyfingarinnar var haldið í Tallin í september 2012 með þátttöku Sesselju.

## Norræn samstarfsverkefni með þátttöku nemenda

NORTEAS netið stendur fyrir námskeiðum á milli samstarfsskólanna undir heitinu *Nordic common studies*. Leiklistar- og dansdeild tók við 7 erlendum nemendum í janúar 2013. Í þetta skiptið fylgdu gestanemendurnir sínum persónulega gestgjafa sem var nemandi við deildina auk þess að taka þátt í samtali, sameiginlegu námskeiði annars árs nema Listaháskólans.

Dansnemar dansdeildar TEAK í Helsinki ásamt kennurunum Katri Soini og Ara Tenhula frá TEAK í Finnlandi heimsóttu dansbraut LHÍ heim í nóvember 2012. Nemendur beggja skólanna tóku þátt í daglegri þjálfun og vinnustofu.

Einn dansnemi tók þátt verkefni EMD í Riga undir yfirskriftinni „Physical Cinema“.

# SKIPTINÁM OG STARFSNÁM

Leiklistar- og dansdeild hefur gert skiptinám eða starfsþjálfun að skyldu á þriðja námsári dansbrautar og á námsbrautinni fræði og framkvæmd frá stofnun brautanna. Þetta þýðir að deildin hefur sent út u.þ.b. 20 nemendur til samstarfsháskóla eða samstarfsaðila um alla Evrópu annað hvert ár. Deildin hefur því haft ríka skyldu til að taka við þeim nemendum sem sækja um að komast að við deildina og eru fyrirspurnir margar.

Vaxandi áhugi er hjá nemendum beggja brauta að sækja starfsþjálfun í stað skiptináms. Starfsnám getur hvort heldur átt sér stað á erlendri sem innlendri grund.

## Nemendur fara utan

Nemendur af öllum brautum fóru í nemendaskipti til lengri eða styttri tíma. Átta nemendur af námsbrautunum samtímadans og fræði og framkvæmd fóru utan í skiptinám til Hollands, Englands, Skotlands, Tékklands, Þýskalands og Svíþjóðar. Fjórir fóru utan í starfsþjálfun til Retina dansflokksins, +Film og Mute dansflokksins, Staatstheater Mainz og NSD í Delí og Action India. Tólf nemendur fóru í önnur nemendaskipti og var þar um að ræða styttri tímabil eða stök námskeið.

## Nemendur koma að utan

Deildin tók á móti einum skiptinema. Hann kom frá Finnlandi og sótti nám á samtímadansbraut. Auk þess tók deildin á móti átta skiptinemum í öðrum nemendaskiptum þar sem um er að ræða styttri tímabil eða stök námskeið.

## Nemendur í starfsnámi innanlands

Þrír nemandur á dansbraut voru í starfsþjálfun í Reykjavík á haustönn 2012; einn hjá sviðslistakonunni Ilmi Stefánsdóttur við ýmis verkefni meðal annars í Þjóðleikhúsinu en tveir hjá Íslenska dansflokknum.

Tveir nemendur af námsbrautinni fræði og framkvæmd voru í starfsþjálfun hjá atvinnuleikhúsum innanlands haustönn 2012; annar hjá Þjóðleikhúsinu og hinn hjá Leikfélagi Akureyrar.

# KENNARASKIPTI

Kennaraskipti eiga sér aðallega stað undir merkjum NORTEAS, samtaka norrænna leiklistarskóla og Erasmus, samstarfi evrópskra háskóla, en bæði þessi samtök styrkja kennaraskipti. Það er mikilvægt fyrir deildina að nýta sér þau tækifæri sem gefast til þess að deila reynslu og vitneskju með sviðslistakennurum í Evrópu og Norðurlöndum. Skólaárið 2012–2013 tók leiklistar- og dansdeild (nú sviðslistadeild) á móti 6 kennurum frá Norðurlöndum og tveir kennarar við deildina fóru utan.

## Kennarar frá deildinni

Sveinbjörg Þórhallsdóttir, fagstjóri dansbrautar, fór til Helsinki þar sem hún sótti meðal annars Ice Hot, norræna dansstefnu, og Keðju „Writing Movement“ fund.

Steinunn Knútsdóttir fór til Viljandi Culture Academy í Eistlandi í september 2012 og kenndi þar nemum á leikarabraut og leikstjórnarbraut.

# ENDURMENNTUN

Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, raddkennari leikarabrautar sótti námskeið í raddbeitingu á vegum leiklistardeildar Teak í Helsinki haustið 2012.

Stefán Jónsson sótti námskeið hjá Michael Chekhov Association í Stony Brook, Southampton, New York.

Bæði hlutu þau styrk úr starfsþróunasjóði Listaháskólans.

## ERLENDIR GESTA- OG SKIPTIKENNARAR UNDIR ÁÆTLUNUM NORTEAS OG ERASMUS

*Ari Tenhula, TEAK, Helsinki Finnlandi*

*Katri Soini, TEAK, Helsinki Finnlandi*

*Karmenlara Ely, Akademi for Scenekunst, Fredrikstad Noregi*

*Karoliina Niemelä, University of Applied Sciences, School of Music, Dance and Media, Oulu Finnlandi*

*Maija Lauri, University of Applied Sciences, School of Music, Dance and Media, Oulu Finnlandi*

*Mikkel Flyvholm, Statens Scenekunstskole, Kaupmannahöfn Danmörku*

## STEFNUMÓTUN OG FRAMTÍÐARSÝN

Helstu stefnumál deildarinnar eru styrking bakkalárnáms, uppbygging meistaranáms, efling á rannsóknum í sviðslistum og lausn húsnæðisvanda.

Á síðasta skólaári var sérstök áhersla lögð á að styrkja bakkalárnám á öllum brautum deildarinnar. Unnið var að meiri samlegð og samstarfi námsbrauta innan deildarinnar auk þess sem sérstakar áherslur hverrar brautar innan deildarinnar voru styrktar með ýmsu móti. Í fyrsta sinn var útskrifaður árgangur af leikurum með þriggja ára nám að baki í stað fjögurra. Af þeim 10 sem útskrifuðust af leikarabraut fengu 7 samning við atvinnuleikhús við útskrift og telst það ágætis prófsteinn á gæði námsins.

Sem hluti af því að styrkja sérstöðu námsbrautanna var unnið að því að finna námsbrautinni fræði og framkvæmd nafn sem endurspeglar innihald námsins. Eftir faglega umfjöllun innan deildar og fundi með nemendum og fagfólki var ákveðið að brautin skyldi fá nafnið sviðshöfundabraut. Einnig átti sér stað umræða um nafn deildarinnar en síðan deildin var stofnuð hafa breytingar orðið á aðferðafræði og tungutaki sviðslistanna. Það var ákveðið að breyta nafni deildarinnar í sviðslistadeild en það heiti þykir rúma þá breidd sem starfsemi deildarinnar spannar. Þessar breytingar eru í samræmi við það sem tíðkast í samstarfsskólum deildarinnar á Norðurlöndum. Nafnabreytingarnar komu til framkvæmda í október 2013.

Ákveðið var að breyta inntöku nemenda á allar brautir deildarinnar þannig að inntökupróf verða haldin tvö ár í röð en ekki það þriðja í stað þess að taka inn nemendur annað hvert ár. Þetta þýðir að ávallt eru tveir árgangar við nám á bakkalárstigi. Breytingin tryggir jafnvægi á vinnuálagi og í rekstri auk þess sem starfsandi kennara og nemenda deildarinnar helst kröftugur á milli ára. Teknir voru inn nemendur á allar brautir deildarinnar bæði 2012 og 2013.

Möguleikum nemenda á dansbraut og sviðshöfundabraut til starfsþjálfunar var fjölgað. Nemendur sem koma úr starfsþjálfun eru að jafnaði mjög ánægðir með reynsluna og nýtist hún vel við úrvinnslu einstaklingsverkefna dansara og lokaverkefni sviðshöfunda ekki síður en skiptinám.

Það er stefna deildarinnar að halda áfram þessari meitlun á náminu og að styrkja samstarf við sviðslistastofnanir og listamenn í gegnum starfsþjálfunaráætlanir og önnur verkefni.

Mikill vinna hefur átt sér stað síðastliðin misseri til undirbúnings meistaranámi við deildina. Unnar voru námskrár að tveimur námsbrautum til meistaraprófs; annars vegar 90 eininga meistaranámi í sviðslistum og hins vegar 60 eða 90 eininga starfsþjálfunarnámi á meistarastigi í leiktúlkun. Stóð til að hefja nám við báðar námsbrautirnar haustið 2013 en fresta þurfti meistaranámi í sviðslistum vegna húsnæðiseklu en hætt var við meistaranám í leiktúlkun um ókomna tíð. Vonir standa til að hefja meistaranám í sviðslistum haustið 2014.

Í kjölfar undirbúnings og stofnunar meistaranáms við Listaháskólann hefur farið fram umræða um rannsóknir á fagsviði sviðslista. Stefna deildarinnar er að styrkja enn betur akademíska kennara deildarinnar til rannsókna og listsköpunar og ekki síður að finna farveg til þess að miðla þessum rannsóknum til fagumhverfisins með opnum málþingum og umfjöllun af ýmsu tagi. Rannsóknir í sviðslistum eru skammt á veg komnar á Íslandi og lítur deildin til samstarfsskóla erlendis til innblásturs og uppbyggingar á slíku starfi. Sviðslistadeild stefnir að því að verða miðstöð rannsókna og tilrauna á fræða- og fagsviði sviðslista, vettvangur fagumræðu og skráningar á samtímasviðslistum.

Húsnæðismál deildarinnar er í ólestri. Núverandi húsnæði við Sölvhólsgötu rúmar ekki það nám sem deildin býður og er auk þess óhentug fyrir starfsemina; hljóðbært er á milli kennslurýma, hreinlætisaðstöðu er ábótavant, engin lyfta er í húsinu og kennslurými skapandi greina óviðunandi. Nemendur og sérstaklega starfsfólk deildarinnar líta til varanlegrar lausnar á vandanum, þ.e. nýbyggingar yfir alla starfsemi Listaháskólans sem sniðin er að þörfum listgreinanna.

Skammtímaúrlausn húsnæðisvandans hefur verið í vinnslu allt síðasta skólaár og enn sér ekki fyrir endann á vandanum. Við núverandi aðstæður þarf deildin að leigja kennslurými utan skólans. Það er von og trú starfsfólks að viðundandi lausn húsnæðisvandans verði fundin fyrir skólabyrjun 2014 svo hægt verði að halda áfram uppbyggingu deildarinnar með meistaranámi í sviðslistum.

Framtíðarsýn sviðslistadeildar er að meistaranám í sviðslistum hefjist haustið 2014 og með tilkomu þess muni rannsóknir og framþróun fagsins eflast, samstarf við starfsumhverfi sviðslista verði víðtækara og sérstaða námsbrauta á bakkalárstigi verði enn markvissari, beittari og betri.

# LISTKENNSLUDEILD

## STARFSEMIN Á SKÓLAÁRINU

Starfsemin á árinu var með hefðbundnu sniði. Langflestir nemendur eru í tveggja ára meistaranámi til kennsluréttinda en þó eru nokkrir í eins árs diplómanámi. Eru það annars vegar listamenn sem hafa lokið meistaragráðu í sinni listgrein og hins vegar kennarar með eins árs kennsluréttindi sem vilja bæta við sig meistaragráðu. Ljóst er að aukning verður í slíkt nám á næstu árum vegna breytinga á lögum um menntun kennara og æskilegt að hægt verði að bregðast við því með auknum nemendaígildum.

Áhersla er ávallt lögð á að nemendur fái margvíslega reynslu og tengingu við miðlun og kennslu í listgreinum utan grunn- og framhaldsskóla, m.a. í tengslum við listastofnanir og hátíðir á vegum borgarinnar (sjá samstarfsverkefni). Nemendur eru einnig hvattir til að tengja meistaraverkefni sín vettvangi og voru fjölmörg verkefni þannig unnin að hluta sem námskeið inn á ólíkum stofnunum. Má þar nefna útinámskeiðið Greinar verða skjól í samstarfi við frístundaheimilið í Neðstalandi, Fossvogsskóla, námsefni um loftslagsvandann og áhrif hans á umhverfið í samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur (CarbFix) og HÍ, rannsókn á upplifun og reynslu gesta á myndlistarsýningu í samstarfi við menningarmiðstöðina Hafnarborg o.fl.

Öll námskeið listkennsludeildar, utan kennslufræði hverrar listgreinar, eru opin öllum nemendum deildarinnar og geta nemendur sem hafa bakgrunn í sjónlistum þannig víkkað sjóndeildarhringinn og tekið námskeið tengt tónlist, leiklist og dansi og öfugt. Það hefur gefið góða raun og má segja að raunverulegt lifandi samtal milli listgreinanna og sá frjói jarðvegur sem verðandi listgreinakennarar starfa í, sé stór hluti af námi þeirra.

## SÍMENNTUN LISTKENNARA

Á árinu var tekin sú ákvörðun að opna valin námskeið innan deildarinnar fyrir starfandi listkennurum og listamönnum. Tilraun hafði verið gerð áður með að opna örfá námskeið og má segja að tilraunin hafi gengið mjög vel. Litið er á slíka opnun sem kjörið tækifæri fyrir samtal milli nemenda og starfsvettvangs, og sem kærkomið tækifæri til endurmenntunar fyrir listkennara og listamenn, hvort sem þeir hyggjast bæta við sig formlegu námi eða ekki. Með því að bjóða listamönnum og listkennurum utan skólans að kaupa sig inn í námskeið eykur það einnig á fjölbreytni og fjölda þeirra námskeiða sem deildin getur boðið. Námskeiðin er hægt að taka bæði með og án eininga. Með því að taka námskeið til eininga má segja að opnist einnig vettvangur fyrir listkennara sem vilja bæta við sig meistaragráðu með fram vinnu.

## NEMENDUR

Nemendur við listkennsludeild voru 54 á skólaárinu 2012–2013. Þar af 6 í diplómanámi og 3 í meistaranámi til kennsluréttinda MA. Aðrir voru í meistaranámi til kennsluréttinda M.Art.Ed.

Listrænn bakgrunnur kennaranemanna var margbreytilegur að vanda. Fjölmennasti hópurinn var sem endranær sjónlistamenn en enginn dansari var við nám á skólaárinu. Hópurinn samanstóð af tíu tónlistarmönnum, sjö leikurum, kvikmyndagerðmanni, arkitekt, þrjátíu og fimm hönnuðum og myndlistarmönnum af ólíkum sérsviðum. 13 nemendur útskrifuðust frá listkennsludeild á skólaárinu. Flestir nemendur deildarinnar eru á aldursbilinu 31–50 ára.

MYND 12 - KYNJAHLUTFÖLL NEMENDA




MYND 13 - ALDURSDREIFING




## STARFSFÓLK

Skólaárið 2012–13 voru tveir akademískir starfsmenn í fastri stöðu við deildina auk deildarforseta.

Stundakennarar og gestir á námskeiðum voru alls 17.

Umsjónakennarar námskeiða á skólaárinu 2012–2013 voru 22 sem er einum fleiri en árið áður. 37 námskeið voru í boði utan vettvangsnáms. Viðtökukennarar nemenda í vettvangsnámi voru 24 alls. Leiðbeinendur meistaraverkefna voru 15.







## Fastráðnir starfsmenn

Starfsmenn deildarinnar voru 3 á skólaárinu í 2,55 stöðugildum.

Ásthildur B. Jónsdóttir, lektor og fagstjóri sjónlista og meistaraverkefna.

Kristín Valsdóttir, deildarforseti.

Vigdís Jakobsdóttir, aðjúnkt og fagstjóri sviðslista og umsjónarmaður opinna símenntunarnámskeiða.

## Umsjónarkennarar námskeiða

*Aileen Wilson*
*Aldís Yngvadóttir*
*Ásthildur Björg Jónsdóttir*
*Ása Helga Ragnarsdóttir*
*Ellen Gunnarsdóttir*
*Guðbjörg Daníelsdóttir*
*Guðmundur Arnar Guðmundsson*
*Hlynur Helgason*
*Jón Bergmann Kjartansson*
*Kristín Helga Gunnarsdóttir*
*Kristín Valsdóttir*
*Maija Lauri*
*María Rut Reynisdóttir*
*Mark Griffin*
*Ólafur Schram*
*Ólöf Gerður Sigfúsdóttir*
*Peter Kus*
*Rósa Gunnarsdóttir*
*Valur Brynjar Antonsson*
*Vigdís Jakobsdóttir*
*Þórey Sigþórsdóttir*

## Stundakennarar

*Andrés Jónsson*
*Davíð Stefánsson*
*Elísabet Erlingsdóttir*
*Eric Richard Wolf*
*Frímann Sigurðsson*
*Guðrún Gísladóttir*
*Hafþór Guðjónsson*
*Karoliina Niemelä*
*Karen Rut Gísladóttir*
*Kristján Gunnarsson*
*Margrét Örnólfsdóttir*
*Meyvant Þórólfsson*
*Nanna Hlíf Ingvadóttir*
*Selma Guðmundsdóttir*
*Signý Leifsdóttir*
*Stefán Jökulsson*
*Svanborg Matthíasdóttir*

## Vettvangskennarar

*Anna Flosadóttir*
*Anna Snædís Sigmarsdóttir*
*Anna Þ. Guðjónsdóttir*
*Bjarni Snæbjörnsson*
*Elín Þ. Rafnsdóttir*
*Elísabet V. Ingvarsdóttir*
*Eyrún Finnbogadóttir*
*Gréta S. Guðmundsdóttir*
*Guðný Jónsdóttir*
*Guðrún Lára Halldórsdóttir*
*Guðrún Ragnarsdóttir*
*Gunnhildur Ólafsdóttir*
*Halldóra Gísladóttir*
*Helga G. Helgadóttir*
*Kristín Reynisdóttir*
*Kristveig Halldórsdóttir*
*Nanna Hlíf Ingvadóttir*
*Ólafur Schram*
*Ólöf Ágústína Stefánsdóttir*
*Peter Kus*
*Sari Maarit Cedergren*
*Sigríður Birna Valsdóttir*
*Sigríður Sigurðardóttir*
*Sigríður S. Vernharðsdóttir*

## Leiðbeinendur meistaraverkefna

*Allyson Macdonald*
*Aldís Yngvadóttir*
*Ása Ragnarsdóttir*
*Auðna Ágústsdóttir*
*Elísabet Ingvarsdóttir*
*Ellen Gunnarsdóttir*
*Hlynur Helgason*
*Kristín Dýrfjörð*
*Karen Gísladóttir*
*Ólöf Gerður Sigfúsdóttir*
*Ólafur Páll Jónsson*
*Rósa Gunnarsdóttir*
*Vigdís Jakobsdóttir*
*Þorsteinn Helgason*

## Prófdómari

Prófdómari fyrir lokaverkefni var Úlfhildur Dagsdóttir.

## VIÐBURÐIR

Meistaranemar kynntu lokaverkefni sín í málstofum á starfsárinu. Stærsti hluti þeirra kynninga fór fram í sérstökum málstofum helguðum meistaraverkefnum í tengslum við ráðstefnuna Hugarflug sem haldin var í maí 2013, og Listaháskólinn stóð fyrir. Margt bar þar á góma enda verkefnin ólík að inntaki og nálgun. Málstofurnar eru opnar almenningi og fagstéttum sem fá sendar tilkynningar um viðburðinn. Málstofurnar hafa verið vel sóttar og fengið góðan hljómgrunn meðal listkennara sem sjá í þeim kærkomið tækifæri til að fylgjast með nýjustu hugmyndum, rannsóknum og þróun á sínu sviði.

Til að stuðla að frumkvæði nemenda og frekari tengingum við samfélagið var boðið upp á áfangann Listir og samfélag. Þar tengdu nemendur á milli fræða og framkvæmdar með því að standa fyrir listviðburðum sem áttu sér stað m.a. í Útúrdúr, Listasafni ASÍ, Listasafni Mosfellsbæjar og á hverfisfundi hverfisráðs Þingholta.

## INNLENT SAMSTARF

Frá upphafi hefur deildin átt gott samstarf við marga grunn- og framhaldsskóla í gegnum vettvangsnám nemenda, þó aðallega á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Það samstarf er forsenda þess að nemendur fái góða þjálfun í kennslu á sínu sviði og kynnist þeim vettvangi.

Sérstakt samstarf hefur þróast milli listkennsludeildar og skólasels Laugarnesskóla þar sem nemendur sækja listnámskeið á haustönn sem nemendur deildarinnar sjá um undir leiðsögn kennara.

### Samstarfssamningur við Menntavísindasvið HÍ

Á síðasta ári var undirritaður samstarfssamningur milli listkennsludeildar Listaháskóla Íslands og Menntavísindasviðs HÍ. Samningurinn gerir nemendum beggja deilda/sviða kleift að sækja námskeið sér að kostnaðarlausu milli skóla og fá það metið inn í sitt nám.

### Samstarfssamingur við Grasagarðinn í Reykjavík

Nokkur samvinnuverkefni hafa verið unnin í samstarfi við Grasagarðinn í Reykjavík og á árinu var formlegur samstarfssamningur mótaður og undirritaður. Sérstök áhersla er á að nemendur geti nýtt Garðinn og umhverfi hans við þróun ýmiss konar úti-listkennsluverkefna.

### Vetrarhátíð

Nemendur með sjónlistabakgrunn leiddu vinnusmiðjur með nemendum Laugarnesskóla í samstarfi við Grasagarð Reykjavíkur. Finnski náttúrulistamaðurinn Timo Jokela vann snjólistaverk í Grasagarðinum ásamt nemendum úr kennslufræði sjónlista. Nemendur leiddu upplifunarverkefni fyrir gesti Vetrarhátíðar í tengslum við listaverk Timo.

### Barnamenningarhátíð

Nemendur listkennsludeildar tóku á virkan þátt í Barnamenningarhátíð vorið 2013 með fjölbreyttu móti.

Nemendur með sviðslistir sem bakgrunn skipulögðu og leiddu fimm námskeið fyrir börn og fjölskyldur á Leiklistarhátíð ASSITEJ sem haldin var í samstarfi við Barnamenningarhátíð í Reykjavík í lok apríl 2013. Námskeiðin voru kennd í Iðnó og Hinu húsinu.

Nemendur úr sjónlistum skipulögðu og leiddu hins vegar verkefni og vinnusmiðjur fyrir nemendur úr Laugarnesskóla í Grasagarðinum.

### List án landamæra

Nemendur með tónlistarbakgrunn tóku þátt í vinnusmiðjum ásamt nemendum Fjölmenntar og Share Music hópsins frá Svíþjóð. Afraksturinn var fluttur á hátíðinni List án landamæra í Ráðhúsi Reykjavíkur.

### Listasafn Íslands

Nemendur úr sjónlistum og tónlist buðu upp á þátttökugjörning og listasmiðju í Listasafni Íslands og var það afrakstur námskeiðs í verkefnastjórnun. Listasmiðjan var hugsuð fyrir börn frá 10 ára og eldri, þátttakendum var boðið að vinna með bjarta liti og blanda saman í litróf skammdegisins og skoða þannig eðlisfræði lita og ljóss.

## ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Unnið er að því að finna leiðir til styttri námskeiða sem nemendur geta sótt milli landa. Eitt slíkt var samstarfsverkefni milli listkennsludeildar og háskólans í Rovaniemi. Tveir nemendur fóru til Rovaniemi og settu upp sýningu þar að lokinni vikuvinnu með nemendum á staðnum (sýningin stóð í einn mánuð).

## Evrópusamstarf um símenntun listamanna

Listkennsludeild tók þátt í tveggja ára þróunarverkefni í mótun á alþjóðlegu tengslaneti menntastofnana sem sinna símenntun í sviðslistum. Verkefnið, ENCEPA (European Network for Continuing Education in the Performing Arts) var styrkt af Leónardóáætlun Evrópubandalagsins. Því lauk formlega 2012 en samstarfsskólar í Danmörku, Svíþjóð, Bretlandi og Noregi komu saman í nóvember 2012 á ráðstefnu ELIA í Vínarborg til að kynna verkefnið og aftur í janúar 2013 til þess að undirbúa Evrópuumsókn fyrir framhaldsverkefni fyrir ENCEPA. Styrkurinn fékkst ekki, en í umræðunni er að eiga í einhvers konar samstarfi við Lókal um hliðardagskrá við leiklistarhátíðina.

Stefnt er að framhaldssamstarfi á þessum vettvangi til eflingar símenntunar sviðslistafólks á Íslandi.

## Lifelong learning in Music and the Arts

Frá því í maí 2011 er deildarforseti, sem fulltrúi listkennsludeildar, meðlimur í rannsóknarhópnum Lifelong Learning in Music & the Arts. Rannsóknarhópurinn sem hefur aðsetur í Hollandi er rekinn af Hanze University of Applied Sciences Groningen (Prince Claus Conservatoire) and the University of the Arts, The Hague (Royal Conservatoire). Hlutverk hans er að skoða, stuðla að og efla rannsóknir á meðal listamanna. Innan hópsins eru fjögur meginrannsóknarverkefni í gangi. Þau eru:

1. Transformative learning in music and the arts
2. Cross-arts and cross-sector practice
3. The conservatoire as partner in professional practice
4. Healthy ageing through music and the arts

Samstarf við þennan hóp gefur möguleika á þróun rannsóknarverkefna milli háskólanna bæði fyrir nemendur og kennara.

## The thematic network (TN) arctic sustainable arts and design (ASAD)

Listkennsludeild er formlegur aðili að norræna netinu: The Thematic Network (TN) Arctic Sustainable Arts & Design (ASAD). Í netinu er leitast við að:

- Efla samvinnu og samstarf milli háskóla, stofnana og samfélaga með áherslu á norðrið; Málefni norðurslóða á sviði lista, hönnunar- og sjónmenningar eru höfð að leiðarljósi.
- Bæta menntun á sviði lista, hönnunar og sjónmenningar meðal fulltrúa í University of the Arctic (UArctic).
- Bera kennsl á og deila samtíma- og nýstárlegum aðferðum í kennslu, námi, rannsóknum og þekkingu á sviði lista, hönnunar og sjónmenningar.

Í gegnum þetta samstarf hefur orðið til gott tengslanet við háskólann í Rovaninemi í Lapplandi. Lektor deildarinnar er tengiliður við netið og hefur sótt nokkra fundi í Finnlandi í tengslum við það, m.a. vegna fyrirhugaðrar ráðstefnu sem haldin verður hér á landi næstkomandi nóvember (2013).

## SKIPTINÁM

Þar sem meistaranámið er tveggja ára stíft nám eru möguleikar á skiptinámi erlendis minni en í lengra námi.

Enginn nemandi fór erlendis í skiptinám á þessu ári.

## KENNARASKIPTI

Fá kennaraskipti voru frá deildinni á árinu en Ásthildi B. Jónsdóttur var boðið að halda fyrirlestra við Pratt Institut um uppbygginguu meistaraverkefna okkar og um doktorsverkefni sitt um listir og sjálfbærni. Nokkrir erlendir skiptikennarar kenndu í deildinni til skemmri eða lengri tíma. Sumir sáu um heil námskeið og aðrir komu í skemmri tíma. Þeir voru; Mark Griffin frá Englandi, Peter Kus frá Slóveníu, Seija Ulkuniemi frá Finnlandi, Jitka Géringová og Jitka Kratochvilova frá Tékklandi, Timo Jokela frá háskólanum í Roveniemi í Lapplandi.

Námskeið Mark Griffin í applied theatre og Peter Kus í hljóðfæragerð voru auglýst sem opin námskeið og fullbókuð blöndu af nemendum deildarinnar og nemendum í gegnum Opna LHÍ.

## STEFNUMÓTUN OG FRAMTÍÐARSÝN

Markmið listkennsludeildar er og verður fyrst og fremst að mennta hæfa kennara með mikla fagþekkingu í sinni listgrein og á sviði kennslu og miðlunar.

Mikill hugur er í kennurum deildarinnar að byggja upp samfélag listgreinakennara og vettvang fyrir símenntun listkennara og listamanna við deildina. Með tilkomu meistaranáms og meistaraverkefna nemenda er að byggjast upp afburðaþekking á listkennslu og listmiðlun. Er það stefna deildarinnar að nýta þá þekkingu til að taka forystu á því sviði, m.a. með uppbyggingu nýrra námsleiða, símenntunar og þróunarverkefna fyrir starfandi listkennara á öllum skólastigum. Slíkt samfélag ásamt sterku rannsóknarumhverfi við deildina, getur

orðið leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði listkennslu og miðlun listgreina.

Námið er fyrst og fremst starfstengt en þó hafa nokkrir nemendur lokið rannsóknartengdri meistaragráðu og fer þeim fjölgandi milli ára. Mikilvægt er að hlúa að þeirri hlið námsins þar sem rannsóknir kennara og nemenda styrkja og efla allt nám og uppbyggingu á sviðinu. Deildin hefur verið í samstarfi við listgreinakennara og kennara í skapandi greinum við Menntavísindasvið Hí og tekið þátt í undirbúningi rannsóknarstofu um skapandi skólastarf.

Stefnan er að efla samstarf milli þeirra aðila sem sinna kennslu í listum og stofna rannsóknarstofu í listkennslu á vegum deildarinnar.

Unnin hafa verið drög að diplómanámi fyrir starfandi listkennara sem vilja bæta við þekkingu sína í listnámi. Er það fyrst og fremst hugsað sem viðbótarnám í listgrein fyrir þá kennara sem hafa áhuga og starfa sem slíkir í grunn- og framhaldsskólum. Töluverður skortur er á menntuðum kennurum í leiklist, tónmennt og dansi í grunn- og framhaldsskólum og er það mat okkar að slíkt nám sé mikilvæg viðbót, sérstaklega þegar litið er til útgáfu nýrrar námskrár þar sem leiklist og dans hafa í fyrsta sinn sama vægi og aðrar listgreinar.

Símenntun listkennara hefur verið í forgrunni á árinu. Þróun slíkra námskeiða og námsleiða er eitt af mikilvægustu verkefnum deildarinnar til framtíðar.

# MYNDLISTARDEILD

## STARFSEMIN Á SKÓLAÁRINU

Starfsemi myndlistardeildar var á margan hátt söguleg skólaárið 2012 til 2013. Þau tímamót urðu að kennsla hófst á meistarastigi í myndlist á Íslandi. Fjöldi nemenda í þessum 1. árgangi voru átta, sex íslenskir og tveir erlendir. Stefnt er að því að nemendafjöldi verði átta til tíu í árgangi. Auk fastra kennara kom fjöldi gesta, innlendra sem erlendra, að kennslunni, en námið er alþjóðlegt og kennt á ensku. Ekki verður annað sagt en vel hafi tekist til en reikna má með að það taki tvö til þrjú ár að þróa og fínstilla kennsluskipulagið.

Annað stórt verkefni var sjálfsmat deildarinnar sem birt verður í sjálfsmatsskýrslu. Sjálfsmatinu er ætlað að bæta starfið og ljóst að hér er um mikilvægt tæki að ræða fyrir starfsmenn deildarinnar. Matið var unnið af starfsmönnum, nemendum og erlendum sérfræðingum.

Segja má að starf myndlistardeildar hafi einkennst af niðurskurði og uppbyggingu í senn. Deildin mátti þola mikinn niðurskurð á kennlustundum á bakkalárstigi og fjármagni til verkefna um leið og uppbygging átti sér stað með auknu fjármagni og stöðugildum vegna meistaranámsins. Allt var gert sem mögulegt var til að minnka áhrif niðurskurðarins og munar þar mest um framlag starfsmanna. Þeir lögðu mikið á sig til að áhrif niðurskurðarins bitnuðu sem minnst á nemendum og ber að þakka þeim fyrir óeigingjarnt starf síðustu misseri.

Þrátt fyrir erfiðleika í rekstri var starfið í myndlistardeild nokkuð blómlegt. Nemendur gátu valið um fjölbreytt námskeið þar sem listsköpun, færni í verklegri framkvæmd og rannsóknir voru forgrunni. Líkt og fyrri ár var deildin í samstarfi bæði innanlands og erlendis um margvísleg verkefni á sviði listsköpunar og rannsókna.

## SJÁLFSMATSVINNA OG FAGÚTTEKT DEILDARINNAR

Myndlistardeild vann að gerð sjálfsmatsskýrslu á síðastliðnu skólaári. Starfsfólki deildarinnar og nemendum voru kynnt fyrirhugað verkefni og í framhaldi var skipuð nefnd sem leiddi vinnuna. Í nefndinni sátu, fyrir hönd starfsfólks, Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir, fagstjóri fræða, Hekla Dögg Jónsdóttir, prófessor, Hulda Stefánsdóttir, prófessor (formaður nefndar), Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir, verkefnastjóri, Kristján Steingrímur Jónsson, deildarforseti, og Ólafur Sveinn Gíslason, prófessor. Fulltrúar nemenda voru Nína Óskarsdóttir og Ragnheiður Maísól Sturludóttir. Tveir erlendir sérfræðingar tóku sæti í nefndinni, þau Paula Crabtree, rektor Bergen Academy of Art and Design og John Butler, yfirstjórnandi Birmingham School of Art and Design við Birmingham City University. Rebekka Silvía Ragnarsdóttir, forstöðumaður þróunar og gæðamála, hélt utan um gagnaöflun og skipulag skýrslunnar. Stuðst var við verkferla frá Evrópusamtökum tónlistarháskóla AEC (The European Association of Conservatoires).

Stærstur hluti greiningarvinnunnar fór fram þegar nefndin kom öll saman dagana 13.–15. febrúar í Reykjavík.

Aðkoma erlendu sérfræðinganna og samtal við fulltrúa nemenda deildarinnar reyndust afar mikilvæg í vinnuferlinu, sem og samráð sem haft var við fulltrúa stundarkennara, Ólöfu Nordal og Bjarka Bragason, og fleiri fulltrúa af innlendum vettvangi, þau Gunnhildi Hauksdóttur, stjórnarformann Nýlistarsafnsins, dr. Halldór Björn Runólfsson, forstöðumann Listasafns Íslands (og fyrrverandi fagstjóra fræða við myndlistardeild) og Jórunni Sigurðardóttur, frá RÚV. Úttekt á faglegu starfi myndlistardeildar liggur nú fyrir í skýrsluformi, ásamt aðgerðaráætlun til ársins 2017 sem unnin var úr áhersluatriðum og greiningu á styrkleikum og veikleikum starfseminnar. Sú áætlun verður notuð til að fylgja eftir sjálfsmatsvinnunni með reglubundnum hætti.

## NEMENDUR

Alls stunduðu 92 nemendur nám við myndlistardeild veturinn 2012–2013. 57 konur og 35 karlmenn. Tveir nemendur hættu námi við lok skólaárs. Fyrir skólaárið 2013–2014 bárust 120 gildar umsóknir um nám við deildina og 38 nemendur fengu inngöngu.

Vorið 2013 útskrifaði myndlistardeild 22 nemendur á BA-stigi, fjórtán konur og átta karlmenn. Haldin voru 69 námskeið á skólaárinu á vegum deildarinnar, 22 fræðinámskeið og 47 námskeið á sviði listsköpunar.

MYND 16 - KYNJAHLUTFÖLL NEMENDA




MYND 17 - ALDURSDREIFING



## STARFSFÓLK

Við deildina störfuðu 13 manns á skólaárinu. Ásamt deildarforseta störfuðu þrír prófessorar, sex aðjúnktar og tveir gestaprófessorar við afleysingar. 107 stundakennarar og gestir komu að kennslu og verkefnum af ýmsum toga.

Hulda Stefánsdóttir var í rannsóknarleyfi á vormisseri. Ingólfur Örn Arnarsson og Eirún Sigurðardóttir voru ráðin gestaprófessorar (aðjúnktar) í stað Huldu.

MYND 18 - SKIPTING STARFSÞÁTTA




MYND 19 - AKADEMÍSK STÖÐUGILDI




### Fastráðnir starfsmenn

Starfsmenn deildarinnar voru 13 á skólaárinu í 9,24 stöðugildum.

*Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir,* aðjúnkt og fagstjóri fræðigreina
*Eirún Sigurðardóttir,* gestaprófessor (aðjúnkt) á vormisseri
*Eric Wolf,* aðjúnkt, umsjónarmaður ljósmyndavers
*Guðmundur Arnar Guðmundsson,* aðjúnkt, umjónarmaður á vídeóveri
*Gulleik Lövskar,* aðjúnkt, umsjónarmaður á smíða- og mótunarverkstæði
*Hekla Dögg Jónsdóttir,* prófessor
*Hulda Stefánsdóttir,* prófessor (í rannóknaleyfi á vormisseri)
*Ingólfur Örn Arnarsson,* gestaprófessor (aðjúnkt) á vormisseri
*Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir,* verkefnastjóri (hóf störf um áramót)
*Jóhann Torfason,* aðjúnkt, umsjónarmaður á prentverkstæði
*Kristján Steingrímur Jónsson,* deildarforseti
*Ólafur Sveinn Gíslason,* prófessor
*Sigurður Guðjónsson,* aðjúnkt, umsjónarmaður í vídeóveri

### Stundakennarar, gestir og fyrirlesarar á námskeiðum

Stundakennarar og gestir voru 108 á skólaárinu í 3,01 stöðugildum.

*Aðalsteinn Ingólfsson*
*Æsa Sigurjónsdóttir*
*Áki Ásgeirsson*
*Andres Camilo*
*Ann Reynolds*
*Barbara Friedman*
*Birgir Örn Thoroddsen*
*Birta Guðjónsdóttir*
*Bjarki Bragason*
*Bjarki Sveinbjörnsson*
*Björn Roth*
*Björn Þorsteinsson*
*Bryndís Snæbjörnsdóttir*
*Brynhildur Þorgeirsdóttir*
*Cia Rinne*
*Cliff Eyland*
*David A. Ross*
*Didier Semin*
*Egill Sæbjörnsson*
*Eirún Sigurðardóttir*
*Elin Wikström*
*Eric Richard Wolf*
*Eygló Harðardóttir*
*Finnbogi Pétursson*
*Gabríela Kristín Friðriksdóttir*
*Geirþrúður Finnbogadóttir Hjörvar*
*Guðlaug Mía Eyþórsdóttir*
*Guðlaugur Kristinn Óttarsson*
*Guðmundur Oddur Magnússon*
*Guðmundur Thoroddsen*
*Guðni Tómasson*
*Guðrún Eva Mínervudóttir*
*Guido van der Werve*
*Gunnar J. Árnason*
*Gunnhildur Hauksdóttir*
*Halldór Ásgeirsson*
*Halldór Björn Runólfsson*
*Halldóra Guðrún Ísleifsdóttir*
*Haraldur Jónsson*
*Helgi Þórsson*
*Hildigunnur Birgisdóttir*
*Hilmar Örn Hilmarsson*
*Hlynur Helgason*
*Hróðmar Sigurbjörnsson*
*Huginn Þór Arason*
*Hulda Stefánsdóttir*
*Ingibjörg Birgisdóttir*
*Ingibjörg Magnadóttir*
*Ingólfur Örn Arnarsson*
*Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir*
*Jesper Pedersen*
*Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir*
*Jóhannes Dagsson*
*Jón Bergmann Kjartansson*
*Jón Proppé*
*Jóní Jónsdóttir*
*Karoliina Niemelä*
*Katla Kjartansdóttir*
*Kjartan Kjartansson*
*Kristín Dagmar Jóhannesdóttir*
*Kristinn E. Hrafnsson*
*Kristjana Rós Guðjohnsen*
*Lee Lorenzo Lynch*
*Magnús Tumi Magnússon*
*Magnús Valur Pálsson*
*Magnús Þór Þorbergsson*

*Maija Lauri*
*Margrét Blöndal*
*Margrét Markús Þór Andrésson*
*Miwon Kwon*
*Monika Frycova*
*Oddný Eir Ævarsdóttir*
*Ólafur Gíslason*
*Olga Soffía Bergmann*
*Ólöf Gerður Sigfúsdóttir*
*Ólöf Nordal*
*Ósk Vilhjálmsdóttir*
*Páll Ragnar Pálsson*
*Ramon Rubiano*
*Ragna Sigurðardóttir*
*Ragnar Helgi Ólafsson*
*Ragnar Kjartansson*
*Ragnheiður Gestsdóttir*
*Ragnheiður Sigurðardóttir*
*Ragnhildur Stefánsdóttir*
*Rebecca Erin Moran*
*Ríkharður H. Friðriksson*
*Rod Summers*
*Sara Björnsdóttir*
*Sara Stef. Hildardóttir*
*Shauna Laurel Jones*
*Sigrún Alba Sigurðardóttir*
*Sigrún Birgisdóttir*
*Sigrún Inga Hrólfsdóttir*
*Sigurður Árni Sigurðsson*
*Sirra Sigrún Sigurðardóttir*
*Solvej Ovesen*
*Steingrímur Eyfjörð*
*Tiong Ang*
*Úlfar Ingi Haraldsson*
*Úlfhildur Dagsdóttir*
*Unnar Örn Jónasson Auðarson*
*Yean Fee Quay*
*Þóra Þórisdóttir*
*Þorbjörg Daphne Hall*
*Þorbjörg Jónsdóttir*
*Þórunn Maggý Kristjánsdóttir*
*Þráinn Hjálmarsson*

### Leiðbeinendur lokaritgerða

Leiðbeinendur sem komu að leiðsögn um skrif lokaritgerða til BA-prófs voru 8 talsins.

*Úlfhildur Dagsdóttir*
*Ragna Sigurðardóttir*
*Þóra Þórisdóttir*
*Ólafur Gíslason*
*Jóhannes Dagsson*
*Markús Þór Andrésson*
*Jón Proppé*
*Oddný Eir Ævarsdóttir*

### Prófdómari útskriftarverkefna

Prófdómari BA-útskriftarverkefna vorið 2013 var David A. Ross, bandarískur sýningarstjóri, prófessor og fyrrum safnstjóri.

## RANNSÓKNAR- OG SAMSTARFSVERKEFNI

Stór hluti náms við Listaháskólann byggir á þátttöku í listrænu starfi og hefur myndlistardeild fengið til liðs við sig einkaaðila, stofnanir og fyrirtæki sem með einum eða öðrum hætti tengjast skólastarfinu.

Myndlistardeild leggur áherslu á að efla samvinnu við aðra háskóla og stofnanir. Þar er fyrst og fremst um að ræða samstarf um ákveðin námskeið en einnig samvinnu á breiðari grundvelli.

**Samstarfsaðilar myndlistardeildar skólaárið 2012–2013:** Háskóli Íslands, Listahátíð Reykjavíkur, Listasafn Reykjavíkur, sendiráð Bandaríkjanna, sendiráð Frakklands, Nýlistasafnið, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, Menningarmiðstöðin Skaftfell, Listasafn Íslands, Samband íslenskra myndlistarmanna, Vídalínskirkja, Háskóli Íslands, Listfræðafélag Íslands, Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn, Kling og Bang Gallerí, Dieter Roth akademían, Íslenskmálstöð, Tækniminjasafn Austurlands, Sequences myndlistarhátíð, Gallerí i8 o.fl.

### Vinnustofan Seyðisfjörður

Samstarfsverkefni við menningarmiðstöðina Skaftfell á Seyðisfirði, Dieter Roth akademíuna og Tækniminjasafn Austurlands. Nemendur á 3. ári dvelja á Seyðisfirði í u.þ.b. þrjár vikur þar sem þau taka þátt í vinnustofu. Lögð er áhersla á að nemendur geti nýtt sér þær sérstæðu aðstæður sem bærinn og umhverfi hans býður upp á. Vinnustofunni lýkur með opinberri sýningu á verkum nemenda í menningarmiðstöðinni Skaftfelli. Verkefnið hefur verið haldið árlega síðastliðin 12 ár. Í ár fór vinnustofan fram 11. febrúar–4. mars 2013, undir leiðsögn Björns Roth og Kristjáns Steingríms Jónssonar.

### Umræðuþræðir

Umræðuþræðir er samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur, Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar og myndlistardeildar Listaháskóla Íslands sem hófst árið 2011. Markmið verkefnisins er að skapa vettvang hérlendis fyrir alþjóðleg tengsl og umræður með erlendum gestum út frá fyrirlestrum, kynningum á listamönnum og kennslu við myndlistardeild. Gestirnir eru virtir sýningarstjórar, fræði- og listamenn sem eiga merkan feril að baki á alþjóðlegum vettvangi. Aðalstyrktaraðili Umræðuþráða skólaárið 2012–2013 var bandaríska sendiráðið á Íslandi ásamt stuðningi frá franska sendiráðinu á Íslandi.

*Gestir Umræðuþráða haustið 2012:* Didier Semin, franskur listfræðingur og prófessor við École nationale supérieure des Beaux-Arts, París. David Ross, bandarískur prófessor við School of Visual Art í New York og fyrrum safnstjóri San Francisco Museum of Modern Art, Whitney Museum of American Art og Boston Institute of Contemporary Art.

*Gestir Umræðuþráða vorið 2013:* Miwon Kwon, bandarískur listfræðingur og sýningarstjóri. Ann Reynolds, bandarískur listfræðingur og prófessor við University of Texas. Charlotte Laubard, franskur sýningarstjóri og forstöðumaður CAPC Museum of Contemporary Art Bordeaux.

### Íslensk samtímalistfræði

Íslensk samtímalistfræði er langtímarannsóknarverkefni þar sem unnið er yfir sumartímann að söfnun, skráningu og greiningu íslenskra skrifa um myndlist frá síðustu áratugum. Markmiðið er að búa til heildaryfirlit yfir sviðið, greina orðræðuna og fræðilegt samhengi hennar, opna aðgang að leit í gagnagrunni og undirbúa útgáfu á vandlega rýndum ritsöfnum með inngangstextum sem gera grein fyrir þróun og samhengi textanna. Að verkefninu hafa komið bæði fræðimenn og nemendur frá Listaháskóla Íslands og Háskóla Íslands en auk háskólanna standa Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Íslands, Nýlistasafnið og Listfræðafélag Íslands sameiginlega að verkefninu. Umsjónarmenn verkefnisins eru Aðalheiður L. Guðmundsdóttir, fagstjóra fræðigreina við myndlistardeild og Jón Proppé, listheimspekingur.

Á skólaárinu 2012–2013 hlaut verkefnið í þriðja sinn styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna, samtals 12 mannmánuði. Nemendur sumarið 2013: Halla Birgisdóttir, Ragnheiður Maísól Sturludóttir og Þórunn Rán Jónsdóttir frá myndlistardeild LHÍ, Berglind Helgadóttir, Edda Halldórsdóttir og Halla Björk Kristjánsdóttir frá Háskóla Íslands.

### Samstarf við Nýlistasafnið

Myndlistardeild tekur þátt í tveimur rannsóknarverkefnum með Nýlistasafninu í Reykjavík um annars vegar bókverk íslenskra myndlistarmanna og hins vegar söfnun heimilda um gjörningalist á Íslandi. Nemendur tengjast starfsemi safnsins með ýmsum öðrum hætti, svo sem þátttöku við uppsetningu sýninga.

### Orðasafn um myndlist

Myndlistardeild er þátttakandi í rannsóknarverkefninu Orðasafn um myndlist sem unnið er í samvinnu við Íslenska málstöð, Listasafn Íslands, Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn og Listasafn Háskóla Íslands. Unnið hefur verið að verkefninu frá árinu 2003.

### Frásagnir í myndlist – Narratives at work

Verkefnið er samstarfsvettvangur nemenda og kennara frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands og École Supérieure des Beaux-Artes de Nante, o.fl. þar sem þátttakendur vinna að eigin verkum í listsköpun og/eða fræðum út frá rannsóknum á frásögnum í verkum samtímamyndlistarmanna.

### Heilinn hjarta sálarinnar

Sigrún Hlín Sigurðardóttir, nemandi í myndlistardeild, hlaut sumarið 2012 styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna, alls 3 mannmánuði, til að starfa að rannsókn í samstarfi við Sögu Garðarsdóttur, leikkonu. Þær rannsökuðu heilann út frá forsendum leikmannsins með það fyrir augum að varpa ljósi á leyndardóma og blekkingar hugarstarfsins og settu niðurstöðurnar fram í listrænum fyrirlestri sem var fluttur í fyrirlestrarsal Íslenskrar erfðagreiningar í september 2012 undir titlinum Heilinn, hjarta sálarinnar. Leiðbeinendur verkefnisins voru Una Þorleifsdóttir og Margrét Blöndal.

## SAMSTARF MILLI DEILDA SKÓLANS

Samstarf milli deilda í BA- og MA-námi hefur farið vaxandi og byggist á margþættri starfsemi ólíkra listgreina. Fyrst og fremst er þar um að ræða ýmiss konar fræðanámskeið. Fjölmörg verkefni og viðburðir innan skólans krefjast samvinnu nemenda og kennara þvert yfir listgreinar og deildir.

### Samtal

Samtal er tveggja vikna samfellt þverfaglegt námskeið fyrir nemendur 2. árs á bakkalárstigi í öllum deildum sem haldið er árlega við upphaf vorannar. Námskeiðið hefur að markmiði að efla samstarf deildanna og tengja nemendur skólans betur saman. Samtal var í höndum myndlistardeildar í janúar 2013. Að þessu sinni naut LHÍ þess sérstaka tækifæris að keyra námskeiðið eftir hugmyndum Biophilia-verkefnis Bjarkar Guðmundsdóttur, en auk þess var námskeiðið samstarf milli Listaháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar. Umsjón með námskeiðinu hafði Curver Thoroddsen, myndlistar- og tónlistarmaður.

### Raflosti

Raflosti er þverfaglegt námskeið haldið í tengslum við alþjóðlegu raflistahátíðina, Raflost, sem haldin árlega af Raflistafélagi Íslands í samvinnu við myndlistar- og tónlistardeild og erlenda listaháskóla. Íslenskir og erlendir nemendur taka þátt í verkefnum og sýningu. Verkefnið er styrkt af Norplus, menntaáætlun Norrænu Ráðherranefndarinnar. Umsjón með námskeiðinu vorið 2013 höfðu Jesper Pedersen og Ríkharður H. Friðriksson.

### Þrígaldur þursavænn

Námskeiðið Þrígaldur Þursavænn var samstarfsverkefni myndlistar- og leiklistardeildar. Undir leiðsögn Ingibjargar Magnadóttur og Jóhönnu Friðriku Sæmundsdóttur var gjörningurinn Þrígaldur þursavænn eftir Magnús Pálsson greindur og sviðsettur. Námskeiðinu lauk með þátttöku í sýningu á gjörningnum Þrígaldri þursavænn eftir Magnús Pálsson í Hafnarhúsinu á Listahátíð 23. maí 2013.

# KENNARASKIPTI

Myndlistardeild tekur þátt í kennaraskiptum milli skóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum og víðar í Evrópu í gegnum samstarfsnet KUNO og Erasmus / Sókrates-menntaáætlunina. Þá á deildin þess kost að sækja gestakennara frá Bandaríkjunum í gegnum styrktarkerfi Fulbright.

## Kennarar til deildarinnar

Martijn Verhoeven frá Royal Art Academy í Haag heimsótti deildina á vorönn. Martijn kynnti sér starfsemi deildarinnar og hitti nemendur.

## Kennarar frá deildinni

Ólafur Gíslason var með viku vinnustofunámskeið (workshop) á haustönn undir titlinum „Social Intervention“ við finnska listaháskólann í Helsinki (Finnish Academy of Fine Arts).

Ólafur Gíslason var með viku vinnustofu námskeið (workshop) á haustönn undir titlinum „Social Intervention“ við Estneska listaháskólann í Tallin (The Estonian Academy of Arts).

Ólafur Gíslason var með þriggja daga kennslu og einkaleiðsögn BA- og MA-nemenda við Listaakademíuna í Leipzig (Hochschule für Grafik und Buchkunst Leipzig) innan Erasmus prógramsins.

Aðalheiður L. Guðmundsdóttir, hélt fyrirlestur og kenndi samræðutíma við École supérieure d'arts & médias de Caen/Cherbourg í norður Frakklandi.

Aðalheiður L. Guðmundsdóttir, hélt fyrirlestur og kenndi samræðutíma við École supérieure des beaux-arts de Nantes Métropole.

# SKIPTINÁM / STARFSNÁM

Á skólaárinu stunduðu sautján erlendir nemendur nám við deildina, sjö á haustönn og tíu á vorönn

Á sama tíma stunduðu fjórtán nemendur frá myndlistardeild nám erlendis, fimm á haustönn og níu á vorönn.

Á vorönn fóru þrír nemendur deildarinnar í starfsnám í Feneyjum og í París.

# SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR

## Opnir fyrirlestrar í myndlistardeild

Á hverju ári heldur fjöldi lista- og fræðimanna erindi um verk sín og hugmyndir. Fyrirlestrunum er ætlað að kynna margþætt álitaefni úr heimi lista og samtímamenningar og hvetja til umræðu um þau. Fyrirlestrarnir eru mikilvægur þáttur í upplýsingastarfi skólans, ásamt því að vera opinn vettvangur fyrir tengsl nemenda við hugmynda- og reynsluheim starfandi lista- og fræðimanna.

Reglulegir fyrirlestrar fóru fram í hádeginu á föstudögum í fyrirlestrarsal myndlistardeildar í Laugarnesi. Alls voru 12 fyrirlestrar haldnir á skólaárinu 2012–2013.

Fyrirlestrar á haustönn 2012:
*Elin Wikström, Didier Semin, Hekla Dögg Jónsdóttir, David A. Ross og Sigurður Guðjónsson.*

Fyrirlestrar á vorönn 2013:
*Birta Guðjónsdóttir, Steingrímur Eyfjörð, Sigurður Árni Sigurðsson, Miwon Kwon, Ann Reynolds, Guido van der Werve og Charlotte Laubard.*

## Málþing um íslenska samtímalistfræði: heimildir, greining og þróun
### Listasafn Reykjavíkur, 2. september 2012

Málþing um rannsóknarverkefnið Íslensk samtímalistfræði sem við hafa starfað bæði fræðimenn og nemendur frá Listaháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Á málþinginu var greint frá umræðunni í rannsóknarhópnum, niðurstöðum þeirrar greininga, og þeim rannsóknarspurningum sem af starfinu hafa sprottið.

Þátttakendur frá myndlistardeild: *Aðalheiður L. Guðmundsdóttir, fagstjóri fræðigreina, Bergdís Hörn Guðvarðardóttir, MA-nemandi, Dóra Hrund Gísladóttir, BA-nemandi og Halla Birgisdóttir, BA-nemendi. Aðrir þátttakendur: Berglind Helgadóttir, Halla Björk Kristjánsdóttir, Jón Proppé og Katrín I.J. Hjördísardóttir.*

## Parkour++++
### Laugarneshverfið, 17–21. september 2012

Myndlistarverkefni sem var hluti af sýningunni NÚNINGUR þar sem Elin Wikström framdi þátttökugjörning með nemendum og íbúum Reykjavíkur. Verkefnið var unnið í tengslum við kennslu Elinar í áfanganum Rými – vinnustofa.

## Ástríða 4 2 morrow
### Dansverkstæðið, Skúlagötu 28, 18. nóvember 2012

Nemendur í námskeiðinu Audiovisual Composition in Time tóku þátt í sameiginlegum gjörningi undir leiðsögn tékknesku listakonunnar Moniku Frycovu. Verkefnið var unnið í tengslum við kennslu Moniku í áfanganum Tími – vinnustofa.

## „White cube“ mætir „Black box“
### Tjarnarbíó, 8. nóvember 2012

Nemendur í námskeiðinu Rými – vinnustofa tóku þátt í sameiginlegri sýningu undir leiðsögn Ólafs S. Gíslasonar. Sýningin var unnin í samstarfi við listahátíð ungs fólks, Unglist.

*Arngrímur Jón Sigurðsson, Birta Þórhallsdóttir, Brynjar Helgason, Freyja Eilíf Logadóttir, Guðrún Heiður Ísaksdóttir, Guðrún Tara Sveinsdóttir, Hanna Kristín Birgisdóttir, Ívar Glói Gunnarsson, Katrína Mogensen, Kristín Anna Valtýsdóttir, Nína Óskarsdóttir, Stefán Óli Baldursson og Una Björg Magnúsdóttir.*

## Framkvæmd - Einkasýningar
### Málarasalur, Kubbur og Kaffistofa nemendagallerí, 5. nóv.–7. des. 2012

Nemendur á 3. ári í námskeiðinu framkvæmd voru með einkasýningar undir leiðsögn Heklu Daggar Jónsdóttur. *Auður Ómarsdóttir, Ásgeir Skúlason, Dagrún Aðalsteinsdóttir, Emma Guðrún Heiðarsdóttir, Halla Birgisdóttir, Héðinn Finnsson, Hrönn Gunnarsdóttir, Katrín Eyjólfsdóttir, Leifur Ýmir Eyjólfsson, Magnús Skúlason, Matthías Rúnar Sigurðsson, Máni Marteinn Sigfússon, Ólöf Kristín Helgadóttir, Ólöf Rún Benediktsdóttir, Ragnheiður Maísól Sturludóttir, Sunna Kristín Hannesdóttir, Sunneva Ása Weisshappel, Victor Ocares og Þorgerður Þórhallsdóttir.*

## Gjörningakvöld
### Bíó Paradís, 14. nóvember 2012

Gjörningakvöldið var liður í verkefni nemenda á 2. ári í námskeiði um gjörningalist. *Myrra Leifsdóttir, Logi Leó Gunnarsson, Karl Torsten Stallborn, Indriði Arnar Ingólfsson, Helena Aðalsteinsdóttir, Grétar Mar Sigurðsson, Arnljótur Sigurðsson, Andreas Jari Juhani Toriseva, Óskar Kristinn Vignisson, Sigrún Hlín Sigurðardóttir og Þröstur Valgarðsson.*

## Orðið
### Nýlistasafnið, 7.–9. desember 2012

Sýning á verkum nemenda í námskeiðinu Tími – vinnustofa undir leiðsögn Heklu Daggar Jónsdóttur.

*Grétar Mar Sigurðsson, Indriði Arnar Ingólfsson, Andreas Jari Juhani Toriseva, Helena Aðalsteinsdóttir, Logi Leó Gunnarsson, Þröstur Valgarðsson, Arnljótur Sigurðsson, Karl Torsten, Myrra Leifsdóttir, Sigrún Hlín Sigurðardóttir, Óskar Kristinn Vignisson og Borghildur Tumadóttir.*

## „Plan“ breytileg altaristafla
### Laugarneskirkja, 24. desember 2012

Samvinnuverkefni Vídalínskirkju og Listaháskóla Íslands undir leiðsögn Sigurðar Guðjónssonar. Vídalínskirkja í Garðabæ hefur staðið að verkefni sem ber heitið Breytileg altaristafla þar sem ný altaristafla verið færð upp í kirkjuna árlega. *Logi Leó Gunnarsson.*

## „Fráhvörf“
### Gallerý Þoka, 2. nóvember 2012

Sýning á verkum *Halldórs Ragnarssonar* meistaranemanda í myndlist.

## Kveikjuþræðir - sýningaröð
### Kubburinn, 18. janúar–3. maí 2013

Kveikjuþræðir nefndist röð einkasýninga meistaranema í myndlist sem haldnar voru í Kubbnum á vorönn 2013. Sýningarnar voru af ólíkum toga en áttu það sammerkt að vera eins konar kveikjuþræðir og nánari útfærslur af hugmyndum og vinnuferli nemendanna. Í tengslum við hverja sýningu var gefin út sýningarskrá

með texta. Umsjón með sýningarröðinni hafði Ólafur Sveinn Gíslason prófessor sem gengdi stöðu fagstjóra meistaranáms á önninni.

*18.–25. janúar: ON – Kristín Helga Káradóttir*

*1.–8. febrúar: Hafið hljóð: a÷√2 – Ragnar Már Nikulásson*

*22. febrúar–1. mars: Vars[st][stu] – Halldór Ragnarsson*

*8.–15. mars: Uppgjör Uppgjöf – Katla Rós Völudóttir*

*22.–29. mars: Dyeing Adolescence – Guðmundur Bragason*

*5.–12. apríl: Jarðvegur fyrir rotin fræ – Pia Antonsen Rognes*

*19.–26. apríl: Ljósvél – Rán Jónsdóttir*

## Eins Zwei Drei

### Ármúla 44, 25. janúar 2013

Sjálfstætt verkefni nemenda á öðru ári í myndlistardeild. *Anna Mieves, Brynjar Helgason og Ívar Glói Gunnarsson.*

## Eros

### Sýningarbásar myndlistardeildar, 8. febrúar 2013

Sýning í tengslum við námskeiðið Eros, myndbreyting ástarinnar í sögu listarinnar, undir leiðsögn Ólafs Gíslasonar, listfræðings. *Arngrímur Jón Sigurðsson, Auður Lóa Guðnadóttir, Bjarki Þór Sólmundsson, Dagrún Aðalsteinsdóttir, Freyja Eilíf Logadóttir, Guðrún Heiður Ísaksdóttir, Katrín Mogensen, Leifur Ýmir Eyjólfsson, Matthías Rúnar Sigurðsson, Nína Óskarsdóttir, Ólöf Rún Benediktsdóttir, Sara Björg Bjarnadóttir, Sigrún Hlín Sigurðardóttir, Síta Valrún, Sólveig Eir Stewart, Starkarður Sigurðarson, Una Björg Magnúsdóttir, Una Sigtryggsdóttir, Þorgerður Þórhallsdóttir og Victor Ocares.*

## Home movies present

### Bíó Paradís, 2. mars 2013

Nemendur í námskeiðinu 16mm / The camera and non-narrative art undir leiðsögn Eric Wolf og Rebeccu Erin Moran. *Ana Maria Lima Dimitrijevic, Andrea Ágústa Aðalsteinsdóttir, Andrea Arnarsdóttir, Anne Rombach, Arnar Bergmann Sigurbjörnsson, Ívar Brand Hollanders, Óskar Kristinn Vignisson, Saleta Losada, Sara Ósk Rúnarsdóttir og Starkaður Sigurðarson.*

## Trarappa

### Skaftafelli, Seyðisfirði, 2. mars–5. maí 2013

Afrakstur af samstarfi Listaháskólans, Dieter Roth Akademíunnar, Skaftfells Menningarmiðstöð Austurlands og Tækniminjasafns Austurlands. Sýning nemenda á lokaári myndlistardeildar undir leiðsögn Björns Roth og Kristjáns Steingríms Jónssonar. *Ásgeir Skúlason, Dagrún Aðalsteinsdóttir, Emma Guðrún Heiðarsdóttir, Halla Birgisdóttir, Hrönn Gunnarsdóttir, Katrín Dögg Valsdóttir, Leifur Ýmir Eyjólfsson, Matthías Rúnar Sigurðsson, Nikulás Stefán Nikulásson, Ólöf Kristín Helgadóttir, Ólöf Rún Benediktsdóttir, Ragnheiður Maísól Sturludóttir, Victor Ocares og Þorgerður Þórhallsdóttir.*

## Útskriftarsýning BA-nemenda

### Listasafni Reykjavíkur, 20. apríl–5. maí 2013

Eins og undafarin ár voru myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur um framkvæmd útskriftarsýningar sem fór fram í Hafnarhúsi dagana 20. apríl–5. maí. Nemendur myndlistardeildar sem tóku þátt í sýningunni að þessu sinni voru 22. Gestir voru um 14.850.

## Sampætting / Intertwined

### Listasafn Einars Jónssonar, 27. apríl–19. maí 2013

Samsýning meistaranema í myndlist undir leiðsögn Ólafs Sveins Gíslasonar og Aðalheiðar L. Guðmundsdóttur. *Bergdís Hörn Guðvarðardóttir, Guðmundur Bragason, Halldór Ragnarsson, Katla Rós Völudóttir, Kristín Helga Káradóttir, Niklas Christian Majland Brun, Pia Antonsen Rognes, Ragnar Már Nikulásson og Rán Jónsdóttir.*

## Sequences

### 5.–14. apríl 2013

Nemendur myndlistardeildar tóku þátt í utandagskrárviðburðum á myndlistarhátíðinni Sequences VI.

**Art of noises:** *Old Kaffi Rót, 13. apríl–14. apríl*
*Nemendur í námskeiðinu Tími og hljóð undir leiðsögn Curvers Thoroddsen.*

**Consequences:** *Kaffistofan, nemendagallerí, 13. apríl*
*Nemendur í námskeiðinu Frásögn í vídeó undir leiðsögn Þorbjargar Jónsdóttur.*

**Art click daily:** *Haldin á myndlistar vef-vettvangi, 5. apríl*
*Brynjar Helgason og Ívar Glói.*

## Ævintýr / Þrígaldur Þursavænn - tveir gjörningar eftir Magnús Pálsson

### Listasafn Reykjavíkur, 18.–25. maí 2013

Nemendur úr námskeiðinu Þrígaldur Þursavænn undir leiðsögn Ingibjargar Magnadóttur fluttu gjörninga eftir Magnús Pálsson. Gjörningarnir voru hluti af sýningunni Lúðurhljómur í skókassa, sem var samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Listasafns Reykjavíkur. *Anton Logi Ólafsson, Bergrún Anna Hallsteinsdóttir, Heiðrún Gréta Viktorsdóttir, Hjálmar Guðmundsson, María Hjartardóttir, Sara Ósk Rúnarsdóttir og Sigríður Þóra Óðinsdóttir.*

## Kaffistofan, Nemendagallerí

Nemendafélag myndlistardeildar rak gallerí að Hverfisgötu 42. Nemendur sáu sjálfir um að skipuleggja þar sýningar og viðburði. Haldin var fjöldi sýninga allt skólaárið.

### LÆKNIRINN ER INNI

Menningarnótt 18. ágúst 2012

*Andreas Toriseva, Arngrímur Sigurðsson, Auður Ómarsdóttir, Ása Dýradóttir, Borghildur Tumadóttir, Brynjar Helgason, Freyja Eilíf Logadóttir, Guðrún Tara Sveinsdóttir, Halla Birgisdóttir, Helena Aðalsteinsdóttir, Indriði Arnar Ingólfsson, Ívar Glói Gunnarsson, Karl Torsten Stallborn, Katrína Mogensen, Leifur Ýmir Eyjólfsson, Logi Leó Gunnarsson, Magnús Skúlason, Matthías Rúnar Sigurðsson, Nína Óskarsdóttir, Ólöf Kristín Helgadóttir, Ólöf Rún Benediktsdóttir, Ragnheiður Maísól Sturludóttir, Sigrún Hlín Sigurðardóttir og Una Björg Magnúsdóttir.*

### PSYCHIC EMO GULF WAR I & II

22. september 2012

*Guðrún Heiður Ísaksdóttir og Kristín Anna Valtýsdóttir.*

### SKÚLPTÚR EVENT

23. september 2012

*Ívar Glói Gunnarsson.*

### MYNDLISTARSÝNING

24. október 2012

*Freyja Eilíf Logadóttir.*

### SAGA LISTARINNAR – SKRÁSETNING

25. október 2012

*Freyja Eilíf Logadóttir, Katrína Mogensen og Guðrún Heiður Ísaksdóttir.*

### TWO VIDEOS

26.–27. október 2012

*Iselin Page og Nevena Ekimova.*

### LIGHTDARK

2. nóvember 2012

*Borghildur Tumadóttir og Guðrún Tara Sveinsdóttir.*

### 2X PERFORMANCES

9. desember 2012

*Cilla Leitao og Malte.*

### MYNDLISTARSÝNINGIN 2-D

14.–17. desember 2012

*Andreas Toriseva, Auður Ómarsdóttir, Birta Þórhallsdóttir, Bjarki Sólmundsson, Emma Heiðarsdóttir, Freyja Eilíf Logadóttir, Halla Birgisdóttir, Helena Aðalsteinsdóttir, Indriði Arnar Ingólfsson, Ívar Glói Gunnarsson, Logi Leó Gunnarsson, Nína Óskarsdóttir, Ólöf Rún Benediktsdóttir, Ragnheiður Maísól Sturludóttir, Sigrún Gunnarsdóttir, Sigrún Hlín Sigurðardóttir og Una Björg Magnúsdóttir.*

### HEIMSENDIR

12. desember 2012

*Arngrímur Jón Sigurðsson og Matthias Sigurðsson.*

### RETROSPECTIVE

11. janúar 2013

*Logi Léo Gunnarsson.*

### TAPPI

17.–20. janúar 2013

*Borghildur Tumadóttir og Bjarki Sólmundsson.*

### FJALLDRAPARLAND

23.–24. febrúar 2013

*Guðrún Heiður Ísaksdóttir.*

### DAUÐI FRÆÐIMANNA

1.–3. mars 2013

*Þröstur Dosty Valgarðsson.*

18.–24. mars 2013

*Niklas Christian Majland Bruhn.*

## INNÍMIG

10. maí. 2013

*Hanna Kristín Birgisdóttir og Guðrún Tara Sveinsdóttir.*

## VERTU MEÐ EÐA ÞJÁSTU AÐ EILÍFU

17.–19. maí 2013

Vorsýning fyrsta árs nemenda

*Bergrún Anna, Síta Valrún, Aldís Petra Sigurðardóttir, Anton Logi Ólafsson, Hjálmar Guðmundsson, Sara Björg Bjarnadóttir, Auður Lóa Guðnadóttir, Sigríður Þóra Óðinsdóttir, Ívar Brand Hollanders, Sólveig Eir Stewart, Ylva Frick og Heiðrún Viktorsdóttir.*

## 24. MAÍ 2013

*Florian Glaubitz og Marja Marlene Lechner.*

## HÁVAÐI

4.–11. júlí 2013

*Freyja Eilíf Logadóttir, Katrína Mogensen, Sunneva Ása Weisshappel, Ylva Frick, Leifur Ýmir Eyjólfsson, Una Sigtryggsdóttir, Andri Leó Lemarquis, Anton Logi Ólafsson, Heiðrún Gréta Viktorsdóttir, Guðrún Heiður Ísaksdóttir, Hjálmar Guðmundsson og Oddur S. Báruson.*

## SAMBAND VIÐ ANDAHEIMINN

19. júlí 2013

*Sigrún Hlín Sigurðardóttir.*

# STEFNUMÓTUN OG FRAMTÍÐARSÝN

Stofnun meistarnáms kallar óhjákvæmilega á endurskoðun á uppbyggingu náms á BA-stigi. Skerpa þarf á áherslum námsins og jafnframt endurskoða skipulag og stilla saman BA- og MA-stig. Að sama skapi þarf að þróa meistaranámið og vinna því fastan sess innan myndlistarfagsins. Skoða þarf möguleika á samstarfi milli MA-námsins og annara háskóla og stofnana, ekki síst erlendis. Einnig þarf að kynna MA-námið betur sem valkost bæði fyrir núverandi BA-nemendur skólans sem og nýlega útskrifaða nemendur með BA-gráðu í myndlist frá myndlistardeild eða öðrum skólum.

Með tilkomu meistaranámsins eykst þörf fyrir umhverfi sem styður við rannsóknarverkefni kennara deildarinnar á sviði listsköpunar og fræða. Í undirbúningi er stofnun Rannsóknarstofu í myndlist sem verður vettvangur fyrir kennara til að tengja rannsóknarverkefni við kennslu og auðvelda samstarf um rannsóknir innan skóla og utan. Jafnframt þarf að skerpa á umræðu um rannsóknir í myndlist og hvernig listsköpun er samtvinnuð rannsóknum og hefur snertiflöt bæði við verklegar og fræðilegar rannsóknir. Mikilvægt er að listrannsóknir verði skilgeindar út frá myndlist og sérstaða fagsins verði höfð í forgrunni.

Í úttekt og sjálfsmati myndlistardeildar sem fram fór sl. skólaár og birt verður í nýrri sjálfsmatsskýrslu eru þarfar ábendingar sem munu styðja við allt samtal innan deildar og stuðla að reglulegri endurskoðun og símati í deildinni. Margt hefur nú þegar verið fært til betri vegar á meðan annað bíður úrlausnar á næstu vikum og mánuðum.

Á síðasta skólaári hófst vinna við undirbúning nokkurra verkefna. Má þar nefna áform deildarinnar um þátttöku í samnorrænni meistaranámsbraut á sviði hljóðlistar, Nordic Sound Art. Námið er samvinnuverkefni norrænna og baltneskra listaháskóla. Nú er rætt um að tengja verkefnið jafnframt við tónlistardeild sem gæti orðið áhugaverð samvinna listgreina í norrænu samstarfi.

Á síðasta skólaári lagði myndlistardeild einnig fram tillögur til stjórnar Listaháskólans þess efnis að stjórn skólans stofnaði vinnuhóp til að gera tillögur um meistaranámsbraut í miðlun og stjórnun á myndlistarsviðinu við myndlistardeild. Slík námsbraut mun styrkja innviði deildarinnar til muna og skapa nýjan valkost til sérhæfingar á vettvangi myndlistar. Markmið námsins er að efla fagumhverfið á Íslandi með menntun sérfræðinga sem eru hæfir til að vinna að framgangi myndlistar á breiðu sviði. Námið er bæði verklegt og fræðilegt og tekur mið af þeirri sérstöðu skólans sem felst í möguleikum til náinnar samvinnu deilda, tengingu milli listgreina sem kenndar eru við skólann, auk víðtæks samstarfs við söfn og stofnanir á vettvangi lista, bæði hér á landi sem erlendis.

Þá eru enn í vinnslu hugmyndir um nýja meistaranámsbraut á sviði gjörningatengdra lista, Performative Art Practice en verkefnið hlaut styrk norrænu ráðherranefndarinnar. Listform gjörningsins spannar breitt svið í samtímamyndlist (s.s. lifandi gjörningar, vídeólist og innsetningar) og er sú aðferð myndlistar sem vaxið hefur hvað mest og styrkt sig í sessi á síðustu árum. Með sameinuðu framtaki norrænna og baltneskra myndlistarháskóla gefst tækifæri til að byggja upp sterkt tengslanet rannsókna og þróunar á þessu sviði sem fela í sér enn víðtækara samstarf á alþjóðavettvangi við myndlistaakademíur í London, Vín og New York sem nú vinna að uppsetningu slíkra námsbrauta.

Með meistaranáminu kom eðlilega til aukin þörf á húsnæði. Í október 2012 lagði deildarforseti fram erindi til stjórnar skólans um aukið kennslurými. Því miður hefur ekki enn fengist fjármagn frá ríkinu fyrir þessu auknu rými. Auk þess þarf að bæta aðstöðu starfsmanna í Laugarnesi sem er orðin óviðunandi. Brýnasta verkefnið sem deildin stendur frammi fyrir er því að leysa þann mikla vanda sem blasir við í húsnæðismálum deildarinnar.

# TÓNLISTARDEILD

## STARFSEMIN Á SKÓLAÁRINU

Starf deildarinnar var með nokkuð hefðbundnu sniði á síðastliðnu ári og hófst starfsárið með því að deildinni barst úttektarskýrsla þann 7. september 2012. En úttektin á tónlistardeildinni var gerð á nýliðnu starfsári í samstarfi við Evrópusamtök tónlistarháskóla AEC (The European Association of Conservatoires). Nýtt nám í hljóðfærakennslu var undirbúið og endurskoðun á kennsluskrám deildarinnar hófst. Grunnur að Rannsóknarsetri tónlistar var lagður með það að markmiði að skapa aðsetur og samstarf fyrir rannsakendur á sviði tónlistar – utan sem innan deildarinnar. Þá styrktist samstarf tónlistardeildar við menningarviðburði utan LHÍ, sem og við aðrar menntastofnanir.

## NEMENDUR

Nemendur deildarinnar voru samtals 84 á skólaárinu, 45 konur og 39 karlar. Flestir nemendur deildarinnar eru í yngri kantinum, en um 69% eru 25 ára eða yngri.

Nemendur deildarinnar skiptast á fimm brautir og að auki er boðið upp á námsleið fyrir nemendur sem lokið hafa framhaldsprófi í tónlist en stunda enn nám við framhaldsskóla. Þeirri leið lýkur með diplómagráðu. Langflestir nemendur voru á tónsmíðabraut. Enginn nemandi stundaði nám á kirkjutónlistarbraut og engin umsókn barst um nám við brautina. Fimm nemendur voru teknir inn í Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf – NAIP, og njóta þeir góðs af samlegðinni við hinar listgreinarnar. Einnig fjölgaði umsóknum í Skapandi tónlistarmiðlun (áður Mennt og Miðlun), en það er ljóst að slíkt nám, sem felur í sér möguleika til að starfa á sem breiðustum grundvelli og opnar tónlistarnemendum leið til að öðlast færni á hljóðfæri sitt utan við hina hefðbundnu klassísku leið, hefur ákveðinn hljómgrunn. Flestar umsóknir bárust um nám í tónsmíðum, en inntökuhlutfallið í tónsmíðar er það lægsta í deildinni.

MYND 20 - KYNJAHLUTFÖLL NEMENDA




MYND 21 - ALDURSDREIFING




MYND 22 - NEMENDUR EFTIR NÁMSLEIÐUM






# STARFSFÓLK

## Fastráðnir starfsmenn

Starfsmenn deildarinnar voru 22 á skólaárinu í 13,83 stöðugildum.

*Elísabet Erlingsdóttir, aðjúnkt í söng.*

*Guðný Guðmundsdóttir, aðjúnkt í fiðluleik.*

*Gunnar Kvaran, prófessor strengja- og kammertónlistar, lét af störfum um áramót.*

*Gunnsteinn Ólafsson, aðjúnkt í tónfræðagreinum.*

*Helga Bryndís Magnúsdóttir, aðjúnkt í píanóleik.*

*Hildigunnur Rúnarsdóttir, aðjúnkt í tónsmíðum og tónfræðagreinum*

*Hróðmar I. Sigurbjörnsson, aðjúnkt í tónsmíðum og tónfræðagreinum.*

*Kjartan Ólafsson, prófessor og fagstjóri í tónsmíðum.*

*Kristinn Sigmundsson, gestaprófessor í söng.*

*Martial Guðjón Nardeau, aðjúnkt í flautuleik.*

*Mist Barbara Þorkelsdóttir, deildarforseti.*

*Ólöf Kolbrún Harðardóttir, aðjúnkt í söng.*

*Peter Máté, fagstjóri í hljóðfæraleik og söng.*

*Richard John Simm, aðjúnkt í píanóleik.*

*Ríkharður H. Friðriksson, aðjúnkt í tónsmíðum.*

*Selma Guðmundsdóttir, aðjúnkt í píanóleik.*

*Sigurður Halldórsson, fagstjóri Skapandi tónlistarmiðlunar og NAIP.*

*Sigurgeir Agnarsson, aðjúnkt í sellóleik, frá áramótum.*

*Svava Bernharðsdóttir, aðjúnkt í víóluleik og kammertónlist.*

*Sveinn Kjartansson, tæknistjóri.*

*Tryggvi M. Baldvinsson, aðjúnkt í tónsmíðum og tónfræðagreinum.*

*Úlfar Ingi Haraldsson, aðjúnkt í tónsmíðum.*

*Þorbjörg Daphne Hall, lektor og fagstjóri fræða.*







## Stundakennarar og gestir á námskeiðum

Stundakennarar og gestir voru alls 65 á skólaárinu eða sem samsvarar 2,04 stöðugildum.

*Áki Ásgeirsson*
*Andrés Ramon*
*Ármann Helgason*
*Arndís Björk Ásgeirsdóttir*
*Áskell Másson*
*Atli Ingólfsson*
*Bergþór Pálsson*
*Birgir Örn Thoroddsen*
*Bjarki Sveinbjörnsson*
*Björk Jónsdóttir*
*Einar Jóhannesson*
*Elfa Lilja Gísladóttir*
*Elsa Waage*
*Erik Robert Qvick*
*Eyja Margrét Brynjarsdóttir*
*Frank Aarnink*
*German Khlopin*
*Guðmundur Steinn Gunnarsson*
*Guðni Kjartan Franzson*
*Guðný Einarsdóttir*
*Gunnar J. Árnason*

*Gunnar Kvaran Hrafnsson*
*Gunnhildur Ottósdóttir*
*Hafdís Bjarnadóttir*
*Halla Stefánsdóttir*
*Halldór Haraldsson*
*Hallvarður Ásgeirsson*
*Hilmar Jensson*
*Hilmar Örn Hilmarsson*
*Ingibjörg Birgisdóttir*
*Ingibjörg Eyþórsdóttir*
*Ingibjörg Guðjónsdóttir*
*Ingólfur Örn Arnarsson*
*Jesper Pedersen*
*Jóhannes Ágústsson*
*Jón Gunnar Biering Margeirsson*
*Jón Hrólfur Sigurjónsson*
*Jónas Ingimundarson*
*Kári Halldór Þórsson*
*Katla Kjartansdóttir*
*Kjartan Kjartansson*
*Kjartan Valdemarsson*
*Kristín Valsdóttir*
*Marie F. A. Guilleray-Guenanff*
*Nína Margrét Grímsdóttir*
*Njörður Sigurjónsson*
*Oddi Erlingsson*
*Ólöf Gerður Sigfúsdóttir*
*Ólöf Ingólfsdóttir*
*Páll Eyjólfsson*
*Páll Ragnar Pálsson*
*Pétur Hrafn Ármannsson*
*Pétur Jónasson*
*Ragnar Stefánsson*
*Ragnheiður Ólafsdóttir*
*Sara Stef. Hildardóttir*
*Sigrún Eðvaldsdóttir*
*Sigrún Sævarsdóttir Griffith*
*Sigurður Sveinn Þorbergsson*
*Sveinn Einarsson*
*Sverrir Guðjónsson*
*Valgerður Jónsdóttir*
*Þorgerður Edda Hall*
*Þórir Baldursson*
*Þráinn Hjálmarsson*

## Erlendir gestakennarar

*Amine Kouider*
*Adam Marec*
*Beate Zelinski*
*Catharine Wood*
*David Smeyers*
*Erkki Lahesmaa*
*Eva Kosorínová*
*Ezekiel Menalled*
*Gro Sandvik*
*Guy Woods*
*Katia Veekmans*
*Keith Hamel*
*Kristian S. Ross Kristensen*
*Megumi Masaki*
*Mika Pelo*
*Terje Bo Hansen*
*Thomas Hell*
*Guy Wood*
*Harald Björköy*
*Kristian Ross Kristensen*

# TÓNLEIKAR OG VIÐBURÐIR

Tónleikar eru fyrirferðamestu viðburðir deildarinnar, þar sem þeir eru stór hluti af námsmati nemendanna. Aðrir viðburðir voru masterklassar og hádegisfyrirlestrar.

## Tónleikar að hausti

Tónleikarnir að hausti fóru fram í Hörpu og í Sölvhóli og voru þeir flestir sendir beint út á netinu, bæði í hljóð og mynd. Nemendur í Skapandi tónlistarmiðlun kynntu og sáu um umgjörðina, en nemendur í upptökutækni, í samstarfi við Stúdíó Sýrland og Tækniskólann, sáu um útsendingar. Tónleikar nemenda í hljóðfæraleik og söng urðu 13 talsins auk fjölda minni hádegistónleika. Nemendur í tónsmíðum stóðu fyrir breyttu fyrirkomulagi á sínum tónleikum með tónleikahátíðinni Hljómkvörninni sem stóð yfir í tvo daga í Kaldalóni í Hörpu með alls sex tónleikum. Mikil stemning ríkti, og aðsókn var yfirleitt góð, en mest þó að löngum og fjölbreyttum tónsmíðatónleikunum. Samkvæmt hefðinni eru verk tónsmíðanema flutt í janúar, þótt þeim sé skilað inn til námsmats í desember til að hljóðfæranemendur fái svigrúm til að æfa verkin.

Sautján kammerhópar störfuðu við deildina á skólaárinu.

## Samstarf við Hörpu

Á starfsárinu fóru hausttónleikar nemenda með hljóðfæraleik eða söng sem aðalfag fram í Hörpu auk þess sem tónsmíðatónleikar voru í Kaldalóni.

## Útskriftartónleikar

Stærstu viðburðir deildarinnar eru útskriftartónleikarnir. Þeir urðu 19 talsins og má segja að þeir hafi sjaldan verið fjölbreyttari. Tónleikastaðirnir voru sömuleiðis margir: Þjóðmenningarhúsið, Neskirkja, Sundlaugin – hljóðver í Mosfellsbæ, Áskirkja, Fríkirkjan, Norðurpóllinn – Sefgörðum Seltjarnarnesi, Bústaðakirkja, Þjóðleikhúsið, Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Fella- og Hólakirkja, Fríkirkjan í Reykjavík, Salurinn, Sölvhóll, Listasafn Íslands og Harpa – Kjaldalón og Norðurbrú.

## Tónleikar að vori

Almennir vortónleikar nemenda í hljóðfæraleik og söng urðu 7 talsins auk tónleikahátíðarinnar Hljómkvarnarinnar sem tónsmíðanemendur héldu í annað sinn í Hörpu með alls 5 tónleikum. Eðli málsins samkvæmt fara vortónleikar og útskriftarviðburðir deildarinnar fram á sama tímabili. Það er verulega gefandi að upplifa þessa miklu grósku og uppskeruhátíð, en á sama tíma er það töluvert álag á fastakennara deildarinnar að fylgja eftir 31 tónleikum á mánaðarlöngu tímabili, á sama tíma og lokanámsmat og inntaka er í gangi.

## Meistaravörn

Tvær meistarvarnir fóru fram í tónsmíðum, Ragnhildur Gísladóttir varði sína ritgerð í janúar og meistarvörn Kolbeins Bjarnasonar fór fram í ágúst. Þá luku meistaranámi í Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi þau Örn Elíasson og Alexandra Chernyshova.

## Nám í söng- og hljóðfæraleik

Nám í söng- og hljóðfærakennslu var undirbúið á skólaárinu 2012–13 og fyrstu nemendur á blásarakennaralínu teknir inn í skólann í vor. Vonir standa til að hægt verði að taka inn nemendur á allar aðrar kennaranámslínur á næsta skólaári. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að koma námi þessu á laggirnar sem fyrst, en það hefur legið í láginni frá því að samsvarandi deildum var lokað í Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 2002 og skortur á menntuðum söng- og hljóðfærakennurum orðinn afar mikill.

## Ungir einleikarar

Tónleikar Listaháskólans og Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir yfirskriftinni Ungir einleikarar voru haldnir í Hörpu 15. janúar þar sem fram komu: Einar Bjartur Egilsson, píanó, Geirþrúður Anna Guðmundsdóttir, selló, Sólveig Steinþórsdóttir, fiðla og Unnsteinn Árnason, söngur.

## Masterklassar

Viðamikill þáttur í starfi deildarinnar eru masterklassarnir. Masterklassar hljóðfæra og söngs eru opnir öllum, þar sem langt komnir nemendur og kennarar annarra skóla taka þátt. Stefna deildarinnar er að reyna að auka aðgengi nemenda annarra skóla, því það er mikilvæg leið til að kynna deildina fyrir væntanlegum umsækjendum í hljóðfæraleik og söng. Masterklassar urðu samtals 87, 43 á haustönn og 39 á vorönn. Auk þessara masterklassa, voru haldnir opnir masterklassar sérstaklega fyrir píanó- og söngnemendur annarra tónlistarskóla til að auðvelda þeim aðgengi.

## Opnir fyrirlestrar

Opnir fyrirlestrar deildarinnar voru 11 og masterklassar tónsmíða, sem einnig eru opnir fyrirlestrar, voru 12.

## Styrktarsjóður Halldórs Hansen

Styrktarsjóður Halldórs Hansen, sem hefur það meginhlutverk að styðja við og efla tónlistarbókasafn Listaháskólands, stóð að venju fyrir verðlaunaafhendingu til útskrifaðra nemenda. Að þessu sinni hlutu þrír nemendur verðlaun, 500.000 kr., þau Þorkell Helgi Sigfússon söngvari, Elín Arnardóttir píanóleikari og Sigrún Björk Sævars söngvari. Verðlaunaafhendingin fór fram í ágúst í Sölvhóli.

## Rannsókn á kammer- og einleiksverkum Þorkels Sigurbjörnssonar

Rannsókn á kammer- og einleiksverkum Þorkels Sigurbjörnssonar hefur staðið yfir í tónlistardeild frá því í vor. Fjórir nemendur fengu þriggja mánaða styrk, samtals tólf mánuði, frá Nýsköpunarsjóði námsmanna til verkefnisins. Samstarfsaðilar verkefnisins eru Íslensk tónverkamiðstöð, safna- og tónlistardeild RÚV, Sumartónleikar í Skálholti og fjölskylda Þorkels. Námskeið byggð á afrakstri verkefnisins verða haldin í tónlistardeild á næstu mánuðum. Leiðbeinendur eru Hróðmar I. Sigurbjörnsson, sem jafnframt er verkefnisstjóri, og Þorbjörg Daphne Hall.

## Calmus Automata

CALMUS AUTOMATA er rannsóknarverkefni fyrir rauntímatónsköpun og tónflutning sem byggir á gervigreindaraðgerðum. Verkefnið er styrkt af Tækniþróunarsjóði Rannís og er m.a. í samstarfi við tölvuleikjafyrirtækið CCP, Háskóla Íslands, HR, Mozarteum í Salzburg í Austurríki og Sibeliusar tónlistarakdemíuna í Finnlandi. Verkefni hlaut einnig styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna 2013. Verkefnisstjóri er Kjartan Ólafsson, prófessor í tónsmíðum.

## SAMSTARF MILLI DEILDA SKÓLANS

Samstarf milli deilda var á hefðbundnum nótum hvað varðar fræðanámskeið og önnur námskeið sem eru opin öllum nemendum og þeir sækja að eigin vali.

Fjölmörg námskeið og samstarfsverkefni eru í boði fyrir nemendur allra deilda. Samtal mæltist vel fyrir í tónlistardeild, en annars árs nemendur allra deilda tóku þátt í því. Var það undir handleiðslu Curvers sem byggði sína vinnu á Biofiliu-verkefninu.

Mest var samstarfið við leiklista- og dansdeild, en návígi þessara deilda skapar tækifæri til náins samstarfs og verkefnin verða til bæði inni á kennarastofu og meðal nemendanna sjálfra. Þetta er gríðarlega mikilvægt og skólinn verður hreinlega að finna leið til að aðrar deildir fái tækifæri til að verða hluti af þessari skapandi heild. Það heyrir nánast til undantekninga ef verkefni eru sett upp af leiklistar- og dansdeild án þátttöku nemenda í tónsmíðum. Þetta er gríðarlega mikilvægt fyrir alla nemendur og af þessu hlýst ómetanleg reynsla sem nemendur búa að og opnar þeim margar nýjar leiðir þegar vel tekst til.

Samstarf við myndlistardeild er einnig þó nokkuð, sérstaklega hjá tónsmíðanemendum. Stefnt er að því að auka formlegt samstarf deildanna en fjölmargir snertifletir fyrirfinnast, sérstaklega á sviði nýrra listmiðla, raf- og tölvutónlistar.

Þá var námskeiðið Gagnvirk rafvélræn list haldið á vorönn en það er Samstarfsverkefni milli Listaháskóla Íslands, – Myndlist/Tónlist og Háskólans í Reykjavík, – Verkfræði/ Tölvunarfræði.

## INNLENT SAMSTARF

### Sinfóníuhljómsveit Íslands

Frá upphafi hefur deildin verið í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands um einleikarakeppni. Rektor skólans skipar dómnefnd, en SÍ tilnefnir hljómsveitarstjóra í nefndina. Skólastjórum annarra tónlistarskóla er boðið að skrá nemendur í keppnina, ef þeir eru sannarlega á bakkalárstigi. Keppnin fór fram í lok október í Sölvhóli, og komst einn nemandi frá Listaháskólanum í verðlaunasæti.

### Ísafjörður

Frá upphafi hefur tónlistardeildin átt mjög gott samstarf við Ísafjörð, en það samstarf var formgert þegar deildin varð aðili að samevrópska meistaranáminu, Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf, NAIP. Að venju fóru fyrsta árs nemendur í vikulanga ferð til Ísafjarðar ásamt fimm NAIP-nemendum sem fengu leiðandi hlutverk í tónsköpun og verkefnastjórnun þeirra viðburða sem nemendur stóðu fyrir. Tónlistarskóli Ísafjarðar tekur þátt í verkefninu og opnar húsnæði sitt og alla aðstöðu fyrir nemendum og kennurum Listaháskólans.

### Vetrarhátíð Reykjavíkurborgar

Tónlistardeild Listaháskólans tók þátt í dagskrá Þjóðmenningarhússins á Safnanótt þann 8. febrúar, sem tengist Vetrarhátíð Reykjavíkurborgar. Innlegg deildarinnar var tvenns konar: Nemendur í Skapandi tónlistarmiðlun fluttu sögu í texta og tónum sem þeir höfðu samið og útsett, fyrst í sínum eigin hópi og svo með innleggi frá nokkrum sjö til níu ára krökkum. Þá fluttu söngnemendur úr skólanum fjölbreytta sönglagadagskrá ásamt píanó- og gítarleikurum og tónsmíðanemendur fluttu verk sín.

### Sumartónleikar í Skálholtskirkju

Samstarf milli tónlistardeildar og Sumartónleika í Skálholtskirkju hefur verið starfrækt undanfarin ár og situr Þorbjörg Daphne Hall í stjórn Skálholtshátíðar fyrir hönd tónlistardeildar. Tónlistarefni sem unnið var með nemendum á tveimur námskeiðum á vorönn 2013 var flutt á upphafstónleikum Sumartónleika. Um var að ræða námskeið í flutningi 20. aldar tónlistar annars vegar og miðaldatónlistar hins vegar. Nemendur úr þessum námskeiðum sameinuðust, alls um 25 nemendur auk gestaflytjenda utan skólans, og verk eftir 14. aldar tónskáldið Guillaume de Machaut og nútímatónskáldið Arvo Pärt voru flutt á tónleikunum. Þá eru Sumartónleikar samstarfsaðili í rannsóknarverkefni á vegum Nýsköpunarsjóðs námsmanna um skrásetningu og greiningu á kammertónlist Þorkels Sigurbjörnssonar. Sumartónleikar munu m.a. verða vettvangur fyrir miðlun verkefnisins.

### Við Djúpið

Tónlistardeildin er samstarfsaðili sumarhátíðarinnar Við Djúpið. Þetta er einingabært námskeið, og nokkrir nemendur fara á hverju ári. Stefnt er að því að efla þátttöku nemenda, jafnvel að byrja námskeiðið í Reykjavík og færa það síðan vestur með það að markmiði að stækka námskeiðið.

### Þjóðlagahátíðin á Siglufirði

Þjóðlagahátíðin á Siglufirði er annað einingabært sumarnámskeið sem deildin tekur til greina sem valnámskeið, en samstarfið er ekki formgert.

## Samstarf við skóla Ísaks Jónssonar

Tónlistardeildin hefur um árabil verið í samstarfi við Skóla Ísaks Jónssonar með miðlunarnámskeið í desember. Það er einstakt hversu vel hefur tekist til. Ísaksskóli leggur metnað sinn í að undirbúa nemendur sína undir heimsókn nemenda Listaháskólans, og síðan er unnið saman að því að skapa tónlist sem er flutt fyrir fullu húsi í lok tímabilsins.

## Myrkir músíkdagar

Tónlistardeildin hefur frá upphafi verið í samstarfi við Myrka músíkdaga. Nemendur hafa fengið tækifæri til að koma fram, bæði sem hljóðfæraleikarar og tónskáld, og gestir hátíðarinnar. Mikilsmetnir listamenn, innlendir sem erlendir hafa haldið fyrirlestra og masterklassa fyrir nemendur Listaháskólans.

## Voces Thules

Á hverju vori er unnið samstarfsverkefni með tónlistarhópnum Voces Thules. Þar fá nemendur að kynnast miðaldatónlist, ýmist íslenskri eða erlendri, og þeirri rannsóknarvinnu sem tengist flutningi á þessari tónlist.

## Raflosti

Tónlistardeild er í samstarfi við tónlistarhátíðina Raflosti en nemendur tóku þar bæði þátt í vinnustofum og tónleikum. Stefnt að því að auka það samstarf.

## Stúdíó Sýrland

Tónlistardeildin hefur á undaförnum árum verið í samstarfi við Stúdíó Sýrland. Starfsmenn Sýrlands og nemendur hafa unnið að sameiginlegum verkefnum á sviði hljóðupptöku á fjölbreyttum tónleikum deildarinnar.

# ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Tónlistardeildin er aðili að Evrópska tónlistarháskóla-ráðinu, AEC, og Norræna tónlistarháskólaráðinu ANMA. Deildarforseti á sæti í stjórnum beggja samtaka.

Þá er deildin aðili að ELIA – Samtökum listaháskóla í Evrópu og SIBELIUS NORDPLUS MUSIC – Samstarfsneti tónlistarháskóla.

Fjölmargir skiptisamningar hafa verið gerðir við bestu tónlistarháskóla álfunnar. Nýtur deildin góðs af heimsóknum þaðan sem og að kennarar deildarinnar eru eftirsóttir til kennslu hjá þeim.

Deildarforseti tónlistardeildar er kominn í hóp sérfræðinga í gæðaúttektum eða „institutional and program review“ fyrir hönd AEC-samtakanna, og stýrir gæðaráði þeirra. Þetta er mjög krefjandi, en jafnframt lærdómsríkt, og gagnaðist skólanum þegar ákveðið var að tónlistardeildin yrði fyrst deilda að fara í gegn um fagúttekt. Sá lærdómur mun síðan hjálpa öðrum deildum skólans og skólanum í heild. Deildarforseti tók þátt í stofnanaúttekt á National University of Music í Búkarest, en sú úttekt var framkvæmd á vegum EUA (European University Association), Þá var deildarforseti „external evaluator“ fyrir Royal College of Music í Trinity Dublin.

## Brandon University

Í tengslum við Myrka músíkdaga kom 20 manna hópur nemenda og kennara frá tónlistardeild Brandon University í Kanada undir stjórn Megumi Magasaki. Þau tóku þátt í námskeiðahaldi og vinnustofum innan deildarinnar auk þess að taka þátt í tónlistarflutningi á Myrkum músíkdögum.

## NAIP sumarskóli

Nýnemar NAIP sóttu hið venjubundna IP-kynningarnámskeið sem var að þessu sinni í Sigtuna, norðan við Stokkhólm. Fimm nemendur fóru ásamt Sigurði Halldórssyni fagstjóra NAIP-námsins. LHÍ tók þá við leiðandi hlutverki í NAIP-samstarfinu, m.a. með því að Mist Þorkelsdóttir varð formaður stýrihópsins, Alma Ragnarsdóttir varð verkefnisstjóri og Sigurður Halldórsson formaður kjarnahópsins. Auk þess kom í hlut LHÍ að undirbúa IP-kynningarnámskeiðin árin 2013 og 2014.

## Dama Music and Dance Network

Einn nemandi fór á White noise project í Viljandi.

## EMD Post-modern relationship between dance and music - CPH

Tveir nemendur fóru á námskeiðið.

## Aðalfundur AEC

Deildarforseti sótti á árinu fundi evrópsku samtakanna AEC og norrænu samtakanna Amna.

## SKIPTINÁM

Það er litið á skiptinám sem mikilvægan lið í námsferli nemenda tónlistardeildar. Nemendur eru hvattir til þess að íhuga skiptinám, og þrátt fyrir mikla tímasókn og þéttskipað flæðirit, eru alltaf fundnar leiðir til að nemendur geti farið og fengið reynslu af því að kynnast öðrum löndum og annarri menningu.

Deildin hvetur til skiptináms og taka flæðirit mið af því.

Stefnt er að því að halda öfluga kynningarfundi einu sinni á ári, helst seint á haustönn, þar sem nemendur sem hafa verið í skiptinámi segja frá, og þeir sem hafa áhuga geta fengið upplýsingar frá alþjóðafulltrúa.

Vegna kennslutungumálsins getur tónlistardeildin ekki tekið við skiptinemum sem verða skv. áætlun frá heimaskóla að uppfylla skyldu í hefðbundnum tónfræðagreinum. Það eru því yfirleitt skiptinemar á lokaári bakkalárnáms, eða jafnvel í meistaranámi, sem sækja til tónlistardeildarinnar.

### Nemendur frá Tónlistardeild

Þrír nemendur deildarinnar fóru utan í skiptinám. Þar af var einn nemandi í flautuleik sem stundaði nám allt skólaárið í Mílanó á Ítalíu og tveir nemendur í söng sem stunduðu nám á vorönn í Puglia á Ítalíu. Fjórir nemendur fóru í önnur nemendaskipti, en þar er um að ræða styttri tímabil eða stök námskeið.

### Nemendur til Tónlistardeildar

Deildin tók að hausti á móti fjórum skiptinemum: Einum í nám í skapandi tónlistarmiðlun, þremur í tónsmíðar auka nemanda í starfsþjálfun á brautinni meistaranám í sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi (NAIP) til heils árs.

Að vori var tekið á móti einum skiptinema á brautinni skapandi tónlistarmiðlun. Auk þessara var tekið á móti fjórum nemum í önnur nemendaskipti til styttri tíma.

## KENNARASKIPTI

Það er stefna tónlistardeildar að efla kennara- og starfsmannaskipti. Margir kennarar deildarinnar hafa efnt til mjög mikilla og gjöfulla samskipta, sérstaklega á hljóðfæra- og söngsviðinu, en einnig í tónsmíðum. Fræðin hafa orðið aðeins út undan, og eru kennarar fræðanna hvattir til dáða. Deildin er í formlegu sambandi við nokkra skóla vegna sameiginlega meistaranámsins NAIP, og á þeim vettvangi er að sjálfsögðu töluvert um skipti og samstarf.

## STEFNUMÓTUN OG FRAMTÍÐARSÝN

Markmið tónlistardeildar Listaháskólans er að vera í fararbroddi íslenskrar tónlistarmenntunar. Höfuðáhersla deildarinnar er að þekking sé drifkraftur sköpunar. Sérstaða deildarinnar er framsækið nám sem byggir á hefð, sögu og tækni. Markmiðið er að stuðla að þroska og efla nemendur til sjálfstæðis með sterka vitund fyrir nýsköpun, samfélagi og samstarfi.

Tónlistardeildin nær þessu fram með því að:

- *viðhalda háum listrænum og fræðilegum gæðum*
- *þróa námið í takt við samtímann og stuðla að þverfaglegri samvinnu*
- *efla listsköpun og rannsóknir*
- *eiga samtal við nánasta umhverfi og samfélagið í heild*
- *taka þátt í erlendum samtökum og öðru alþjóðlegu samstarfi*
- *stunda markvissa þjálfun og gagnrýna hugsun í öllu starfi*
- *skapa jákvætt vinnuumhverfi sem byggir á virðingu og trausti*

Tónlistardeildin hefur átt í viðræðum við forsvarsmenn tónlistarskóla um samstarf vegna hljóðfæranáms og er sú vinna enn í gangi. Þá hefur verið unnin undirbúningsvinna fyrir hljóðfærakennaranám fyrir öll hljóðfæri og er stefnt að því að það nám hefjist á næsta ári. Þá hefur vinna verið lögð í að vinna út frá athugasemdum úttektarskýrslu erlendu sérfræðinefndarinnar. Öll stefnumótun og framtíðarsýn deildarinnar tekur nú mið af niðurstöðum úttektarnefndarinnar, og þar með sjálfsmatsvinna deildarinnar sjálfrar, og hófst starfsár tónlistardeildar með því hugarfari haustið 2012. Vinnan sem unnin var til undirbúnings fyrir fagúttektina, var til þess að efla gæði kennslu og náms við deildina.

# STOÐSVIÐ

Innan sameiginlegrar stjórnsýslu skólans eru eftirtalin fimm stoðsvið: *Háskólaskrifstofa* (alþjóðamál, rannsóknir og þróun, gæðamál, kynningarmál), *Náms- og kennsluþjónusta, Bókasafn og upplýsingaþjónusta, Tölvu- og vefþjónusta* og *Fjármál og rekstur*.

Starfsmenn stoðsviða voru alls 38 á skólaárinu en stöðugildi voru 32,72.

Nýtt skipurit fyrir Listaháskólann tók gildi þann 1. janúar. Mikilvægasta breytingin með nýju skipuriti er sú að öll stoðsviðin eru gerð að einni skipulagslegri heild sem lýtur stjórn framkvæmdastjóra. Eins og skipulagið var áður þá var rektor næsti yfirmaður forstöðumanna allra stoðsviða, en framkvæmdastjóri fór með fjármál, áætlanagerð, og rekstur eigna og mötuneyta. Þetta þýðir að bein umsjón með stoðsviðum færist á hendur framkvæmdastjóra og rektor getur þá einbeitt sér betur en hann áður gat að hinum faglega hluta starfseminnar og gefið sér meiri tíma í það hlutverk sitt að vera talsmaður skólans og leiðtogi bæði út á við og inn á við. Með breytingunni fengu stoðsviðin eitt samheiti, þ.e. „háskólaskrifstofa".

Nánari lýsingu á starfi hvers sviðs má finna í köflunum hér á eftir.



# STARFSFÓLK STOÐSVIÐA

## Rektor
*Hjálmar H. Ragnarsson*

## Alþjóðamál
*Alma Ragnarsdóttir, alþjóðafulltrúi*

*Helga Soffía Einarsdóttir, alþjóðafulltrúi (frá 1. febrúar 2013)*

## Gæðamál
*Rebekka Silvía Ragnarsdóttir, verkefnisstjóri þróunar og gæðamála*

## Rannsóknaþjónusta
*Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, forstöðumaður*

## Kynningarmál
*Marta Þórðardóttir, kynningarstjóri*

## Náms- og kennsluþjónusta
*Ásdís Þórisdóttir, fulltrúi í móttöku*

*Björg Birgisdóttir, forstöðumaður*

*Björg Stefánsdóttir, þjónustufulltrúi hönnunar- og arkitektúrdeildar (til janúar 2013)*

*Brynjar Valþórsson, þjónustufulltrúi listkennsludeildar og myndlistardeildar (frá 1. mars til 1. júlí)*

*Hafdís Harðardóttir, deildarfulltrúi hönnunar- og arkítektúrdeildar*

*Helga Kristrún Hjálmarsdóttir, deildarfulltrúi listkennsludeildar og myndlistardeildar*

*Hreinn Bernharðsson, deildarfulltrúi hönnunar- og arkitektúrdeildar (frá 1. desember 2012)*

*Lísa Guðjónsdóttir, þjónustufulltrúi myndlistardeildar og listkennsludeildar*

*Margrét Rún Guðmundsdóttir, þjónustufulltrúi leiklistar- og dansdeildar og tónlistardeildar*

*Sóley Björt Guðmundsdóttir, deildarfulltrúi leiklistar- og dansdeildar og tónlistardeildar*

## Bókasafn og upplýsingaþjónusta
*Berglind Hanna Jónasdóttir, upplýsingafræðingur*

*Hafliði Eirikur Guðmundsson, upplýsingafræðingur*

*Riina Pauliina Tarkianinen, starfsmaður á bókasafni*

*Sara Stef Hildardóttir, forstöðumaður*

*Sigrún Sveinsdóttir, upplýsingafræðingur*

## Tölvu- og vefþjónusta
*Ágúst Loftsson, forstöðumaður*

*Bjarni Þórisson, vefþjónusta*

*Sigurður Sveinn Halldórsson, Forritari og vefhönnuður (frá 1. febrúar 2013)*

*Sigurþór Heimisson, notendaþjónusta*

## Fjármál og rekstur
*Anna Biering, aðalbókari (til janúar 2013)*

*Jóna Finnsdóttir, framkvæmdastjóri (til janúar 2013)*

*Magnús Loftsson, framkvæmdastjóri (frá 1. janúar 2013)*

*Ólafur Hallgrímsson, umsjónarmaður húseigna*

*Sigríður Guðmundsdóttir, aðalbókari (frá 1. nóvember 2012)*

*Sigurlaug Sæmundsdóttir, bókari*

*Sylvía Hlín Matthíasdóttir, launafulltrúi og gjaldkeri*

## Mötuneyti
*Andrea G. Guðmundsdóttir, forstöðumaður Þverholti*

*Ester Halldórsdóttir, starfsmaður Laugarnesi*

*Halldóra Emilsdóttir, forstöðumaður Sölvhólsgötu*

*Lilja Guðmundsdóttir, starfsmaður Sölvhólsgötu*

*Margrét Þóra Þorláksdóttir, forstöðumaður Þverholti*

*Snjólaug Soffía Óskarsdóttir, forstöðumaður Laugarnesi*

# ALÞJÓÐAMÁL

## STARFSEMIN Á SKÓLAÁRINU

Helstu verkefni á skólaárinu voru nemenda- og kennaraskipti, starfsnám nemenda og útskrifaðra nemenda og þátttaka í öðrum erlendum samstarfsverkefnum.

Við upphaf skólaársins 2012 tók tónlistardeild við stjórn evrópska meistaranámsins Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf. Forstöðumaður alþjóðaskrifstofu fer með verkefnisstjórnun námsins næstu tvö árin, sem felur m.a. í sér umsjón með vefsíðu námsins og skipulagningu hraðnámskeiðs sem er árlegt tíu daga námskeið fyrir nemendur samstarfsskólanna. Samstarfsskólar eru Prince Claus Conservatoire í Groningen, Royal Conservatoire í den Haag og Konunglegi tónlistarháskólinn í Stokkhólmi. Að auki hafa Guildhall School of Music and Drama í London, Sibelius Academy í Helsinki, Helsinki Metroplia University of Applied Sciences, Norwegian Academy of Music í Osló og University of Minnesota tekið þátt í hraðnámskeiðum námsins.

Listaháskólinn hlaut tvær gæðaviðurkenningar frá Landskrifstofu Menntaáætlunar ESB (LME) á skólaárinu. Í fyrsta lagi voru stúdenta- og starfsmannaskipti Listaháskólans valin sem fyrirmyndarverkefni en í viðurkenningunni kom fram að miðað við stærð skólans sé þátttaka LHÍ margföld á við aðra háskóla í landinu. Skólinn kom einnig áberandi best út hjá úttekt LME þar sem niðurstaðan var sú að framkvæmd stúdenta- og starfsmannaskipta við skólann væri til fyrirmyndar. Í annan stað var verkefnið Starfsþjálfun fyrir nýútskrifaða nemendur Listaháskólans valið sem fyrirmyndarverkefni innan Leonardo, starfsmenntahluta Menntaáætlunar ESB. Í umsögn dómnefndar kom fram að verkefnið fengi verðlaun fyrir ávinning og stjórnun. Þá vakti það athygli dómnefndar hversu mikinn metnað LHÍ leggur í evrópskt samstarf og stuðning við nemendur sína eftir að þeir ljúka námi.

## STARFSFÓLK

Á alþjóðaskrifstofu starfa Alma Ragnarsdóttir, forstöðumaður í fullu starfi og Helga Soffía Einarsdóttir, alþjóðafulltrúi í hálfu starfi.

## ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF

Alþjóðaskrifstofa veitir ráðgjöf til nemenda varðandi nemendaskipti og starfsnám. Margar fyrirspurnir berast til skrifstofunnar erlendis frá vegna fyrirhugaðs skiptináms eða náms til prófgráðu við Listaháskólann. Alþjóðaskrifstofa hefur jafnframt umsjón með dvalarleyfisumsóknum erlendra nema og aðstoðar þá við að skrá búsetu o.fl. við komuna til landsins.

Þá veitir alþjóðaskrifstofa þjónustu og ráðgjöf til starfsfólks skólans varðandi starfsmanna- og kennaraskipti. Alþjóðaskrifstofa hefur jafnframt milligöngu um og annast fyrirspurnir vegna fyrirhugaðra kennaraskipta til skólans eða möguleika á annars konar samstarfi. Hér er oftast um að ræða samstarfsverkefni í tengslum við samskipta- og styrkjaáætlanir á borð við Erasmus, Nordplus og EEA Grants. Alþjóðaskrifstofa tekur einnig á móti fyrirspurnum einstaklinga sem hafa áhuga á að dvelja eða starfa við Listaháskólann í tengslum við rannsóknarstyrki, t.d. Fulbright og American Scandinavian Foundation.

## NEMENDA OG KENNARASKIPTI

Á skólaárinu fór 31 nemandi í hefðbundið skiptinám í þrjá mánuði eða lengur og 31 nemandi til viðbótar sótti námskeið við erlenda samstarfsskóla. Níu nemendur fóru í starfsnám til Evrópu í gegnum Erasmus menntaáætlunina en vaxandi áhuga gætir hjá nemendum skólans á starfsnámi erlendis. Þetta gerir alls 71 ferð nemenda frá skólanum vegna þátttöku í erlendu samstarfi en tekið skal fram að einhverjir nemendur ferðuðust oftar en einu sinni.

Að venju var mikil aðsókn erlendra nemenda um að koma í skiptinám til Listaháskólans. Umsóknir voru 119 talsins en alls voru teknir inn 36 skiptinemar. Að auki tók skólinn á móti 16 nemendum til styttri dvalar eða starfsnáms.

Tuttugu og einn starfsmaður Listaháskólans fór í kennara- eða starfsmannaskipti, sautján akademískir starfsmenn og fjórir starfsmenn stoðsviða. Á móti komu 19 kennarar í kennaraskipti og einn starfsmaður í starfsmannaskipti.









## ÖNNUR VERKEFNI

Listaháskólinn tók þátt í 19 erlendum samstarfsverkefnum á árinu sem flest tengjast þátttöku í evrópsku og norrænu menntaáætluninni. Um er að ræða styttri námskeið og verkefni á sviði þróunar í kennslu og endurmenntunar.

Með þátttöku í Leonardo starfsmenntahluta Mennta-áætlunar Evrópusambandsins var skólanum unnt að styrkja tíu útskrifaða nemendur skólans til starfsnáms í Evrópu á skólaárinu. Listaháskólinn lítur svo á að afar mikilvægt sé fyrir nemendur að kynnast atvinnuumhverfinu að loknu námi. Með starfsnámi erlendis eykst sjálfstraust þeirra, þeir læra að tjá sig um starfsgrein sína á öðru tungumáli og ávinna sér tengsl á alþjóðavettvangi.

## FERÐIR OG FUNDIR

Forstöðumaður alþjóðaskrifstofu tók þátt í fjórum ársfundum norrænna samstarfsneta á skólaárinu; á sviði tónlistar, sviðslista, myndlistar og hönnunar. Að auki sótti forstöðumaður fjóra samstarfsfundi vegna verkefnisstjórnunar evrópska meistaranámsins Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf. Í maí heimsótti forstöðumaður samstarfsskóla LHÍ í Berlín, þ.e. Universität der Kunste, Weissensee Kunsthochschule og Hanns Eisler Music Academy. Tilgangur ferðarinnar var að styrkja tengslin við þessa skóla, ræða samstarfið og hitta fyrir íslenska nemendur í skiptinámi. Í júní sótti forstöðumaður undirbúningsfund í Kaupmannahöfn vegna ársfundar tónlistarnetsins Nordplus Music sem haldinn verður í tónlistardeild í október 2013.

## ÞÁTTTAKA Í ERLENDUM SAMSTARFSNETUM

Listaháskólinn tekur virkan þátt í eftirtöldum samtökum og samstarfsnetum:

*AEC – Samtök evrópskra tónlistarháskóla*

*ARCTIC SUSTAINABLE ARTS AND DESIGN – Samstarfsnet háskóla á norðurslóðum á sviði hönnunar og sjónlista*

*CUMULUS– Alþjóðleg samtök hönnunarháskóla*

*EAAE– Samstarfsnet háskóla í Evrópu á sviði arkitektúrs*

*ELIA – Samtök listaháskóla í Evrópu*

*E:UTSA – Samtök evrópskra sviðslistaskóla*

*PARADOX – Samtök háskóla í Evrópu á sviði sjónlista*

Samstarfsnet í Nordplus, norrænu menntaáætluninni eru 7 talsins:

*CIRRUS – Samstarfsnet hönnunarháskóla*

*DAMA – Þverfaglegt samstarfsnet á sviði nýmiðla og samtímadans*

*ECA – Þverfaglegt samstarfsnet í listum*

*KUNO – Samstarfsnet myndlistarháskóla*

*NORDIC ACADEMY OF ARCHITECTURE – Samstarfsnet háskóla á sviði arkitektúrs*

*NORTEAS – Samstarfsnet sviðslistaháskóla*

*SIBELIUS – Samstarfsnet tónlistarháskóla*

## SAMSTARFSSKÓLAR

Samstarfsskólar Listaháskólans eru alls 204 talsins og hefur þeim fjölgað um tíu frá fyrra ári. Þetta eru samstarfsskólar Nordplus samstarfsnetanna á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum, samstarfsskólar í evrópsku menntaáætluninni Erasmus og aðrir skólar sem LHÍ hefur gert tvíhliða samninga við. Slíkir samningar fela í sér nemenda- og kennaraskipti auk möguleika á annars konar samstarfi. Samstarfsskólar utan Evrópu eru átta talsins og eru þeir staðsettir í New York, Michigan, Utah, Mexíkóborg, Nýju Delí, Pétursborg, Peking og Jerúsalem.

## STARFSEMI FRAMUNDAN

Alþjóðasamstarf Listaháskólans hefur verið blómlegt allt frá stofnun skólans. Með fjölgun námsbrauta og deilda hafa umsvifin vaxið ár frá ári og þátttaka skólans í Evrópsku menntaáætluninni aukist til muna. Styrkir úr áætluninni til skólans á skólaárinu eru tæplega 32 milljónir króna. Fram undan er áframhaldandi uppbygging alþjóðlegs samstarfs í tengslum við nám á meistarastigi. Við Listaháskólann eru nú starfræktar fjórar framhaldsnámsbrautir en stefnt er á að þær verði fimm talsins á komandi skólaári. Þetta eykur möguleika á nemendaskiptum og erlendum samstarfsverkefnum enn frekar.

Á skólaárinu leit ný stefna Listaháskólans dagsins ljós en um er að ræða stefnumótun skólans til ársins 2017. Stefna um alþjóðlegt samstarf miðar að því að styrkja stöðu skólans með virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Stefnt er á að styrkja tengsl við skóla og stofnanir utan Evrópu og að kynna skólann á alþjóðlegum vettvangi á grundvelli faglegrar stöðu hans og fjölbreytileika. Þótt skólinn standi vel að vígi hvað varðar þátttöku í evrópsku samstarfi er stefnt á að hlúa enn frekar að þessu samstarfi, m.a. með því að efla eftirfylgni og kerfisbundið mat á verkefnum.

Árið 2014 hefur ný menntaáætlun Evrópusambandsins göngu sína sem ber yfirskriftina Erasmus+. Alþjóðaskrifstofa Listaháskólans vinnur þessa dagana að því að meta hvaða áhrif hin nýja menntaáætlun kemur til með að hafa og leita sóknarfæra með það að markmiði að tryggja virka þátttöku skólans og kanna nýja möguleika í samstarfi við evrópska háskóla og vinnumarkað.

# BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

## STARFSEMIN Á SKÓLAÁRINU

Starfsemi Bókasafnsins í öllum húsum var með hefðbundnum hætti undanfarið ár að undanskildum skertum afgreiðslutíma vegna manneklu og umfangsminni innkaupum á efni vegna fjárskorts skólans.

Nemendur og kennarar sóttu eftir sem áður mikið í söfnin og má þar nefna námsbókasöfn sérstaklega en þar eru eintök aðgengileg nemendum í ákveðnum námskeiðum, einstaklings- og hópavinnu í kringum verkefni eða sér til gagns og gamans með fram námi. Almenningur sækir einnig söfnin en bókasafn Listaháskóla Íslands er leiðandi sérfræðisafn á sviðum lista, varðveislusafn á fræðasviðum skólans og opið almenningi gegn vægu ársgjaldi.

## STARFSFÓLK OG AFGREIÐSLUTÍMI

Starfsmenn voru 5 talsins í 4.8 stöðugildum. Forstöðukona, Sara Stef. Hildardóttir (1.0), Berglind Hanna Jónsdóttir (1.0) í leyfi, Sigrún Sveinsdóttir (0.8), Riina Paulina Finnsdóttir (1.0) og Hafliði Eiríkur Guðmundsson (1.0). Afgreiðslutími var frá kl. 10.00–16.00 auk þess sem hvert safn var lokað í alls einn dag í viku frá september til október 2012. Frá janúar til maí 2013 lengdist afgreiðslutíminn svo aftur í kl. 10–16 alla virka daga.

## ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF

Á liðnu ári var áfram lögð áhersla á aukna fræðslu til nemenda í heimildaleit og -skráningu með bættum leiðbeiningum og kennslu. Kennarar fá ráðgjöf og aðstoð starfsfólks við uppsetningu námsbókasafna í upphafi námskeiða auk þess sem kennarar nýta sér æ meir fræðslu bókasafnsins í námskeiðum. Nemendum í lokaverkefnum bauðst einnig að sækja sér persónulega fræðslu um heimildavinnu þar sem farið var í leit að heimildum og heimildaskráningu. Þessi þjónusta hefur vakið ánægju meðal nemenda sem nýta sér hana.

## VERKEFNI

### Leitir.is

Áfram var unnið að því að kynna nýtt leitarviðmót fyrir lánþega bókasafna og notendur Gegnis: Leitir.is. Viðmótið bætir til muna aðgengi nemenda og kennara að safnkostinum þar sem nú má leita með einfaldaðri leið í safnkosti bókasafna Listaháskóla Íslands auk þess sem hægt er að skrá sig inn sem aðila að LHÍ og fá þannig rafrænt aðgengi að t.d. séráskriftargagnasöfnum sem bókasafn LHÍ kaupir fyrir öll fræðasvið skólans.

### Heimildaskráning

Bókasafnið hefur frá ársbyrjun 2012 kennt nemendum á lokaári nokkurra deilda og brauta að setja upp og nota forritið Zotero við heimildaskráningu. Tilgangur þess að nota forrit við heimildaskráningu umfangsmeiri verkefna þar sem vísað er í fjölda heimilda er að auka gæði verksins sem eftir stendur. Noktun á forritinu stuðlar að auknum fræðilegum gæðum verkefna við þá skóla sem benda nemendum sínum á það. Seinka þurfti innleiðingu á nýjum heimildaskráningarstaðli skólans þar sem vinna við þýðingu tafðist af ófyrirsjáanlegum ástæðum. Fagstjórar allra deilda eru sammála um að skipta út Oxford-staðlinum sem er óuppfærður síðan 2005 fyrir Chicago Manual Style staðlinum sem einnig er nothæfur með Zotero-forritinu ólíkt Oxford-staðlinum.

### Áskriftarkrækjur Bókasafnsins á Internetinu

Bókasafn Listaháskólans hefur enn ekki getað nýtt sér að fullu kosti sfx-krækjukerfisins en stefnt er að því að þeirri vinnu verði lokið vorið 2014. Sfx krækjukerfið gefur nemendum og kennurum LHÍ óheftan aðgang að efni í áskrift bókasafnsins þar sem það finnst á netinu og er þá merkt LHÍ með krækju skólans.

### Turnitin Ritstuldarforrit

Árið 2011 hófst samstarfsverkefni háskólanna við innleiðingu á ritstuldarforritinu Turnitin. Listaháskóli Íslands er í samvinnu við háskólana á Bifröst og í Reykjavík við að innleiða forritið en þessir skólar nota allir sama kennslu- og nemendaskráningarkerfið Myschool sem hefur áhrif á innleiðingu forritsins. Innleiðing Listaháskóla Íslands er enn á frumstigi.

Forritið verður aðgengilegt bæði kennurum í námskeiðum sem og nemendum. Kennarar nota það til að skima eftir líkum á ritstuldi eftir að verkefni hefur verið skila en einnig er hægt að bjóða nemendum að hafa aðgang til að skima eftir því sama áður en verkefni er skilað. Erlendis hafa háskólar boðið annað eða hvort tveggja.

Listaháskólinn hefur tvo fulltrúa sem starfa í samráðsnefnd Turnitin; Söru Stef. Hildardóttur, tengilið bókasafns og deilda og Bryndísi Björgvinsdóttur, tengilið fræðakennara. Fundir hafa verið haldnir yfir árið sem fulltrúar Listaháskólans hafa sótt. Háskólarnir eru allir mislangt komnir með innleiðingu á forritinu en Listaháskólinn horfir til Háskólans á Bifröst sem er lengst kominn af þessum þremur fyrrnefndu háskólum í að innleiða kerfið.

## VEFUR BÓKASAFNSINS

Efni vefsins er umfangsmikið og enn vantar upp á að vefsíður sem voru á gamla vef safnsins skili sér á nýjan vef. Vinna við það stendur yfir af hálfu tölvudeildar LHÍ.

Bókasafnið nýtir samfélagsmiðlinn facebook í sínu starfi sem hefur aukið samskipti við lánþega.

## GJAFIR

Gjafir berast safninu reglulega yfir allt árið en verkefni tengd þeim eru grisjun, skráning og flokkun áður en hægt er að búa eintök undir frágang í hillur. Tekið er á móti gjöfum með þeim formerkjum að safnið leyfir sér að grisja úr það sem það telur sig geta nýtt.

Sl. vor barst safninu ómetanleg gjöf frá byggingalistadeild Listasafns Reykjavíkur en vinna við að koma eintökum gjafarinnar í hillu og geymslu er nýhafin. Einn starfsmaður sinnir þessari vinnu með hléum eftir vinnu á milli húsa.

Fjöldi fleiri gjafa fékk viðtöku á safninu á árinu en vinnsla úr þeim hefur tafist vegna manneklu og tímaskorts en mikill tími fer í að sinna afgreiðslu og almennum störfum á bókasöfnunum sem taka tíma frá nauðsynlegri bakvinnu svo safnið geti borið sig með góðu móti. Starfsmenn eru einir við störf í húsunum svo almenn afgreiðsla og upplýsingaþjónusta við lánþega tekur oft drjúgan hluta af vinnudeginum.

## HÚSNÆÐI

Plássleysi í öllum söfnum olli því að vorið 2013 lá fyrir að fara yrði í grisjun á safnkosti til að rýma fyrir nýju efni.

Vinna við verkefnaáætlun grisjunar var undirbúin og fyrir liggur að fara í verkefnið í öllum bókasöfnum skólans.

## RÁÐSTEFNUR OG FÉLAGSSTÖRF

Sigrún Sveinsdóttir er fulltrúi skólans í nefnd Arlis, félags listbókasafna á Norðurlöndum. Hafliði Eiríkur Guðmundsson var fulltrúi skólans í verkstjórn Skemmunnar og sat fundi hennar. Sara Stef. Hildardóttir, forstöðukona, sótti samráðsfundi háskólabókavarða á árinu, sinnti varaformennsku Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræðinga og kom fyrir allsherjarnefnd Alþingis vegna breytinga á lögum um bókasöfn ásamt fleiri fulltrúum bókasafna og sat fund menntamálaráðherra vegna rafbókavæðingarinnar ásamt fulltrúum rithöfunda og útgefenda; Sara sat einnig sem fulltrúi bókasafns LHÍ í samráðshópi háskólanna um innleiðingu ritstuldarforritsins Turnitin.

## KYNNINGAR

Bókasafnið tekur þátt í árlegum stoðsviðskynningum deilda og kynnti nýnemum allra deilda starfsemina og safnkostinn á prenti og neti fyrir veturinn. Þessum kynningum er fylgt eftir með innkomu bókasafnsins í námskeiðum hjá þeim kennurum sem þess óska. Fræðsla bókasafnsins í námskeiðum hefur skilað sér í áhugasamari nemendum sem verða bæði sjálfsöruggari og sjálfbjarga í upplýsingalandslaginu. Nemendur geta betur nýtt sér leitargrunna prents og rafræns efnis ef þeir fá fræðslu en það skilar sér í meiri gæðum verkefna og góðu orðspori skólans.

## ÚTLÁN

Útlán safnsins á skólaárinu eru skráð 8.990 fyrir veturinn 2012–2013 en voru fyrir veturinn 2011–2012 samtals 14.029. Þetta mælist sem næstum helmingsfækkun í skráðum útlánum safnsins og er afleitt. Vegna fjárskorts glímdi safnið við manneklu og hafði aðeins brot af því fjármagni sem áður hefur verið til innkaupa. Aukning í eintökum safnsins má rekja til skráninga á gjöfum sem teknar voru inn til safnsins. Stíft var haldið um innkaup og færri nýjar bækur í boði sem skilar sér í færri útlánum.

## LÁNÞEGAR

Lánþegar safna voru fyrst og fremst nemendur, kennarar og starfsfólk skólans. Aðrir lánþegar voru stundakennarar við LHÍ, kennarar og nemendur annarra skóla, sérfræðingar og almenningur.Skráðir lánþegar voru samtals 903. Mest aukning milli ára hefur orðið á almenningi og nemendum annarra skóla.

## TÍMARIT

Tímarit eru vinsæll safnkostur og mikið notaður af nemendum og kennurum skólans sem og öðrum sem nota söfnin. Bókasafnið er áskrifandi að um 60 tímaritstitlum sem keypt eru inn í samstarfi við deildir skólans. Titlum hefur fækkað um 40% frá því árið 2011 þegar titlar voru um 100 talsins. Aðgangur að rafrænum tímaritstitlum er eftir sem áður um 8.500 í gegnum Landsaðgang á leitir.is.

## LOKARITGERÐIR

Lokaritgerðir og verkefni nemenda við Listaháskóla Íslands eru aðgengileg á skemman.is sem er varðveislusafn háskóla á Íslandi fyrir lokaverkefni á BA- og MA-stigi. Lokaverkefni nemenda LHÍ hafa verið skráð þar inn síðan 2008. Langflest verkefnin eru í opnum aðgangi en nemendur geta óskað eftir tímabundinni lokun á verkefni sínu. Tilgangur varveiðslusafnsins er að bæta aðgengi að lokaverkefnum háskólanna og því er mælst til þess að nemendur LHÍ loki ekki verkefnum sínum.

## NÓTUR

Hægst hefur á skráningu nótna með brotthvarfi sérhæfðs starfsmanns í skráningu nótna. Haustið 2008 hófst skráning á nótum íslenskra tónskálda en skráningu lauk snemmsumars 2012. Eftir stendur að skrá nótur úr gjöfum sem safninu hafa borist á árinu sem enn á eftir að grisja, skrá og flokka og ljóst að þar er talsvert starf fyrir höndum.

## TÓNLISTARSAFN HALLDÓRS HANSEN

Styrkur var veittur úr Styrktarsjóði Halldórs Hansen á árinu. Styrkurinn hljóðaði upp á 1.000.000 kr. og var notaður til að byggja upp bóka- og nótnasafn tónlistardeildar. Yfirumsjón með kaupunum hafði Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarfræðingur og Þorbjörg Daphne Hall, fagstjóri tónlistardeildar. Tónlistarsafn Halldórs Hansen er enn til húsa í læstri geymslu í Laugarnesi en þangað var það flutt úr Sölvhólsgötu árið 2010. Nemendur og kennarar geta fengið aðgang að safninu til að hlusta á plötur sem varðveittar eru í safninu.

# RANNSÓKNARÞJÓNUSTA

## STARFSEMIN Á SKÓLAÁRINU

Starfsemi rannsóknaþjónustunnar má aðgreina í tvo hluta, annars vegar þjónustuhlutverk og hins vegar akademískt starf sem lýtur að stefnumótun og uppbygging rannsóknainnviða skólans. Þessi tvö hlutverk haldast í hendur en vaxa stundum í ólíkum takti þannig að annar þátturinn fer fram úr hinum. Á starfsárinu má segja að hægst hafi á báðum þessum starfsþáttum, en mörg þeirra markmiða sem sett voru í upphafi tímabilsins náðust ekki, s.s. samningur við hið opinbera um skilgreint fjármagn til rannsókna & nýsköpunar, innri styrktarsjóðir lágu í dvala allt árið vegna skorts á fjármagni (Rannsóknasjóður, Útgáfusjóður), auk þess sem afar lítið svigrúm var aflögu fyrir akademíska starsfmenn til að helga sig innra uppbyggingarstarfi um rannsóknir vegna álags í kennslu, sem rekja má til almenns niðurskurðar til skólans. Á sama tíma mynduðust áhugaverðar glufur í samtali við fulltrúa Rannís um aðgengi fræðasviðs lista í Rannsóknasjóð og Tækniþróunarsjóð, en góður skilningur ríkir gagnvart sviðinu og þeim rannsóknaferlum og miðlunarleiðum sem skilgreina rannsóknavirkni listamanna og hönnuða. Ekki hefur verið stofnað til sérstaks fagráðs lista og hönnunar í þessum sjóðum, enda taka slíkar breytingar tíma og þessir sjóðir nú þegar undirfjármagnaðir og samkeppnin því mikil um rannsóknafé. Í þessu ljósi er afar mikilvægt að umsóknir á sviði listrannsókna berist sjóðunum til að ryðja þeim til rúms. Þá átti umræða um R&N stærri þátt en áður í almennri stefnumótun skólans, sér í lagi í lok tímabilisins þegar ný stefna var gefin út fyrir árin 2013–2017. Þar er lögð fram metnaðarfull áætlun um næstu skref og vörður í uppbyggingu listrannsókna sem starfsemi næstu ára mun leiða í ljós.

Lögð var fram sérstök umsókn við þjónustuviðauka til Mennta- og menningarmálaráðuneytis, þar sem skilgreint var hlutverk skólans í rannsóknum & nýsköpun í listum og hönnun og leiðum lýst til að styrkja þennan starfsþátt með auknu fjármagni. Þegar skólaárinu lauk var ekki komin niðurstaða í málið.

## STARFSFÓLK

Í rannsóknaþjónustunni starfar einn starfsmaður í fullu starfshlutfalli, Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, sem jafnframt er forstöðumaður.

## ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF

Rannsóknaþjónustan er eitt af stoðsviðum Listaháskólans og hefur það hlutverk að auka veg rannsókna & nýsköpunar við skólann og þar með stuðla að frumsköpun þekkingar á þeim fagsviðum sem skólinn starfar á. Eitt aðalhlutverk hennar er að aðstoða við fjármögnun rannsóknaverkefna sem unnin eru innan vébanda skólans, auk þess að veita upplýsingar og ráðgjöf og styðja við umsóknarskrif í opinbera samkeppnissjóði.

Rannsóknaþjónustan hefur einnig það hlutverk að miðla þeim verkefnum kennara sem falla undir starfsþáttinn í sérstökum gagnagrunni á heimasíðu skólans. Þar að auki er það hlutverk hennar að aðstoða við tengslamyndun og afla sambanda til samstarfs um rannsóknaverkefni, hvort sem er hérlendis eða erlendis. Þá tekur forstöðumaður þátt í stefnumótun R&N í samvinnu við kennara og stjórnendur skólans, og stuðlar að viðræðum við utanaðkomandi aðila þar að lútandi.

## RANNSÓKNARVERKEFNI STYRKT AF OPINBERUM SAMKEPPNISSJÓÐUM

Verkefni Kartans Ólafssonar, prófessors í tónsmíðum, CALMUS AUTOMATA: Hugbúnaður fyrir rauntíma tónsköpun – á tónleikum, í tölvuleikjum og heima, hlaut styrk frá Tækniþróunarsjóði til tveggja ára. Er þetta í fyrsta sinn sem sjóðurinn úthlutar til nýsköpunar á sviði tónlistar. Á meðal samstarfsaðila verkefnisins eru tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík, tónlistardeild tölvufyrirtækisins CCP, Sibeliusar Akademían í Finnlandi, auk þess sem leiklistar- og dansdeild Listaháskólans tekur þátt í verkefninu. Um verkefnið má lesa nánar í opnum gagnagrunni skólans um rannsóknir & nýsköpun á vefsvæði rannsóknaþjónustunnar.

Innsendar umsóknir án styrkveitinga voru ein í Innviðasjóð og ein í Rannsóknasjóð. Hvorugar hlutu styrk. Ljóst er að auka þarf verulega stuðning við kennara í að koma saman umsóknum og veita þeim þjónustu á þessu sviði, þrátt fyrir skort á opinberu fjármagni eru fjölmörg áhugaverð rannsóknaverkefni í gangi við skólann, eins og skráning í gagnagrunn R&N ber vitni. Á sama tíma og ekkert sérstakt fagráð lista er til staðar hjá Rannís er mikilvægt að þrýsta á um stofnun slíks fagráðs með því að sýna fram á verkefnaflóruna sem nú þegar er til staðar innan skólans.

## NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NÁMSMANNA

Alls úthlutaði sjóðurinn styrkjum til 5 verkefna með aðsetur hjá Listaháskólanum sumarið 2013, samanborið við 12 verkefnið árið áður. Að þessum verkefnum unnu 11 nemendur skólans í samtals 33 mannmánuði. Sum verkefnanna eru einstaklingsverkefni meðan önnur eru stærri hópverkefni unnin í samstarfi við fyrirtæki, stofnanir eða aðra háskóla. Verkefnin voru á sviði listfræði, arkitektúrs, leiklistar og tónlistar:

### Íslensk samtímalistfræði

*Leiðbeinendur: Aðalheiður L. Guðmundsdóttir og Jón Proppé. 12 mannmánuðir fyrir 4 nemendur.*

### Litla tónleikhúsið

*Leiðbeinendur: Atli Ingólfsson og Steinunn Knútsdóttir. 3 mannmánuðir fyrir 1 nemanda.*

### Veru- og fyrirbærafræðileg gæði torfbæjarins í arkitektónísku samhengi

*Leiðbeinendur: Björn Þorsteinsson og Hildigunnur Sverrisdóttir. 3 mannmánuðir fyrir 1 nemanda.*

### Rannsóknir á íslenskri tónlist 20. og 21. aldar: Þorkell Sigurbjörnsson, kammer- og einleiksverk

*Leiðbeinendur: Hróðmar Sigurbjörnsson og Þorbjörg Daphne Hall. 12 mannmánuðir fyrir 4 nemendur.*

### Calmus Automata: Rafræn nótnaskrift í rauntíma í iPad

*Leiðbeinendur: Kjartan Ólafsson og Snorri Agnarsson. 3 mannmánuðir fyrir 1 nemanda.*

Rannís skráir yfirlit styrkja út frá aðsetri leiðbeinenda og því birtast hér einöngu þau verkefni sem skráð eru með leiðbeinanda hjá Listaháskólanum.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands eru veitt árlega þeim námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið áður. Að þessu sinni hlaut verðlaunin Rafharpa Úlfs Hanssonar, útskriftarnema úr tónlistardeild. Hljóðfærið er 26 strengja rafstrokin harpa með snertitökkum en er að auki sjálfspilandi með hjálp tölvu. Leiðbeinandi Úlfs í verkefninu var Hans Jóhannsson, fiðlusmiður. Þetta er í annað sinn sem verkefni nemenda Listaháskólans hlýtur þessi virtu verðlaun, sem án efa hefur mikla þýðingu fyrir þróun skapandi greina og stöðu þeirra í samfélaginu.

## FORSTÖÐUMAÐUR

Forstöðumaður fékk Erasmus-styrk til að fara í kynnisferð til Listasviðs Gautaborgarháskóla (Faculty of Fine, Applied and Performing Arts) í febrúar. Tilgangur ferðarinnar var að deila reynslu og ráðfæra sig við kollega í svipaðri stöðu, sér í lagi leita upplýsinga um þróun mælikvarða fyrir afrakstur í listrannsóknum og leiðir til að stýra gæðum á sviði R&N. Ferðin var afar nytsamleg og kom í ljós að skrásetning í gagnagrunn R&N er svipuð í báðum skólum, en í Gautaborg er gengið skrefinu lengra í að leggja hlutbundna stigagjöf á afrakstur starfsmanna á sviðinu, sem aftur stýrir fjármagni sem skólanum er úthlutað til R&N. Þá var áhugavert að læra um uppbyggingu doktorsnáms í listum í Svíþjóð, en Gautaborg er einn tveggja skóla í landinu sem veita doktorsgráðu á sviðinu, auk Malmö Art Academy (í gegnum Lund Univeristy).

## VÍSINDAVAKA

Vísindavaka var haldin á vegum Rannís þann 28. september í Háskólabíói. Vakan er haldin ár hvert í tengslum við European Researcher's Night og fer fram á sama tíma í öllum helstu borgum Evrópu síðasta föstudag í september. Á Vísindavöku gefst kennurum skólans tækifæri á að kynna rannsókna- og nýsköpunarverkefni sín, en með þátttöku sinni ljá þeir einnig fræðasviði lista rödd í fræða- og háskólasamfélaginu hér á landi.

Fulltrúi Listaháskólans var Kjartan Ólafsson, prófessor í tónsmíðum, en hann kynnti verkefni sitt CALMUS AUTOMATA – rannsóknaverkefni í rauntímatónsköpun með aðstoð gervigreindar og nútímaflutningstækni. Markmið verkefnisins er að skapa nýjar leiðir til sköpunar og flutnings nýrra tónverka í rauntíma. Með Calmus Automata opnast nýjar leiðir til fjölbreyttrar tónsköpunar í nútímatækniumhverfi. Gestir Vísindavökunnar gátu kynnt sér verkefnið og tekið þátt í að skapa tónverk með því að gefa skipanir sem hugbúnaðurinn nýtt til tónsköpunar á rauntíma. Kjartan kynnti einnig verkefnið á stóra sviði Háskólabíós meðan á vökunni stóð.

## SHARE, KORTLAGNING DOKTORSNÁMS Á FRÆÐASVIÐI LISTA

Forstöðumaður er fulltrúi Listaháskólans í alþjóðlegu tengslaneti SHARE, sem stýrt er af ELIA og GradCam á Írlandi. SHARE er alþjóðlegt tengslanetaverkefni 39 þátttökulanda sem sameiginlega vinna að því að skapa doktorsnámi í listum brautargengi, auk þess að skapa evrópskan vettvang til að deila ólíkri reynslu og þekkingu og skiptast á fjölbreyttum skoðunum sem mynda grundvöllinn fyrir rannsóknir í listum og menningu. Verkefnið fer fram 2010–2013 og hefur 39 þátttökuskóla innanborðs. Á skólaárinu voru haldnir vinnufundir í Vínarborg og Feneyjum, þar sem síðasti fundur vinnuhópsins var haldinn. Verkefninu mun ljúka í árslok 2013 með útgáfu. Nánar um verkefnið má sjá á *http://www.sharenetwork.eu/*.

## RANNSÓKNARHÓPUR FAGSRÁÐS

Sérskipaður rannsóknahópur fagráðs hefur verið starfandi innan skólans frá nóvember 2009. Hópurinn hefur starfað að afmörkuðum málefnum með forstöðumanni rannsóknaþjónustu um nokkurt skeið, en ekki náðist sett markmið um að ljúka við skilgreiningu mælikvarðanna á skólaárinu. Haldnir voru 7 fundir, þar af einn fundur með rýnihópi akademískra starfsmanna, þar sem drög að tillögu hópsins voru reynd. Mæltust mælikvarðarnir vel fyrir og vantaði einunigs herslumuninn til að ljúka vinnunni, sem stefnt er að á haustönn 2013. Í hópnum sátu Hulda Stefánsdóttir, fagstjóri og prófessor í myndlistardeild, Kjartan Ólafsson, prófessor í tónsmíðum, Magnús Þór Þorbergsson, fagstjóri og lektor í leiklistarfræðum, og Sigrún Birgisdóttir, fagstjóri og lektor í arkitektúr. Á miðju tímabilinu kom Ólafur Sveinn Gíslason, prófessor og fagstjóri í myndlistardeild, til liðs við hópinn þegar Hulda Stefánsdóttir, prófessor í myndlistardeild fór í rannsóknaleyfi.

## UMRÆÐUVETTVANGUR UM R&N Í LISTUM OG HÖNNUN

Dagana 16.–17. maí efndi skólinn í annað sinn til ráðstefnu um tengsl listsköpunar og rannsókna undir yfirskriftinni Hugarflug. Ráðstefnan er mikilvægur liður í uppbyggingu listrannsókna við skólann og býður upp á tækifæri til umræðna, tengslamyndunar og almennrar miðlunar á þeim rannsóknum sem eiga sér stað á sviðinu. Í ár kynntu tæplega 80 listamenn, hönnuðir, sjálfstætt starfandi fræðimenn, háskólakennarar og framhaldsnemar rannsóknaverkefni sín út frá heimspeki, arkitektúr, listkennslu, myndlist, safnafræði, leiklist, tónlist og listfræði. Rýnt var í rannsóknaferlið út frá efnistökum, aðferðum, samstarfi, miðlum, kenningum eða niðurstöðum verkefna. Síðari dagur ráðstefnunnar var tileinkaður verkefnum meistaranema í listkennslu, myndlist og hönnun. Ráðstefnan var afar vel sótt og ánægjulegt að umræða um listrannsóknir sé nú orðin regluleg og föst viðbót við þann umræðuvettvang sem fyrir er í háskólasamfélaginu hér á landi. Í ráðstefnunefnd sátu Ásthildur Jónsdóttir, lektor við listkennsludeild og Sigrún Alba Sigurðardóttir, fagstjóri og lektor við hönnunar- og arkitektúrdeild, auk Ólafar Gerðar Sigfúsdóttur, forstöðumanns rannsóknaþjónustu. Nánari upplýsingar um dagskrá ráðstefnunnar má finna á vef rannsóknaþjónustunnar.

Málþing var haldið þann 19. janúar í fyrirlestrasal myndlistardeildar í tengslum við alþjóðlega myndlistarsýningu undir yfirskriftinni Dómgreindin er spegill. Sýningin fór fram í Nýlistasafninu á tímabilinu 19. janúar til 24. mars. Á málþinginu ræddu listamenn sýningarinnar með hvaða hætti og hvers vegna umfjöllunarefni sýningarinnar á erindi til listmenntunar dagsins í dag með hliðsjón af uppbyggingu listrannsókna.

Sú sjálfsmatsvinna sem fram fór í myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild í tengslum við formlegar úttektir á gæðum háskólastarfs á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis skapaði nytsamlegan grundvöll til umræðna um R&N. Heimsóknir utanaðkomandi sérfræðinga í tengslum við þessa vinnu myndaði tækifæri til gagnrýnins samtals um uppbyggingu rannsókna og nýsköpunar við skólann, sem fór fram ýmist á vinnufundum eða á opnari vettvangi í formi vinnusmiðja fyrir akademíska starfsmenn skólans. Eitt það helst sem komið hefur fram í þessari sjálfsmatsvinnu er að til að skapa megi rannsóknum og nýsköpun veigameira pláss í starfsemi skólans þurfi að endurskoða kennslustrúktúr deilda m.t.t. til óvenjulega mikils fjölda námskeiða, stuttra lota og almennt mikla veltu í kennslu. Mælst er til að einfalda eigi þennan flókna stúrktúr til að auðveldara sé að framfylgja hlutfalli til R&N miðað við starfssamninga og áætlanir deildar um fjárfestingu og uppbygginu í þessum starfsþætti.

Árlegir vinnumatsfundir um rannsóknir og nýsköpun voru haldnir með nýju sniði í ár. Þar er akademískum starfsmönnum, deildarforsetum, rektor og forstöðumanni rannsóknaþjónustu stefnt saman þar sem hver akademískur starfsmaður flytur stutta kynningu á helstu viðfangsefnum sínum undir þessum starfsþætti, en til grundvallar umræðunni liggur árleg skráning í gagnagrunn skólans um R&N, en fundurinn er hugsaður sem vettvangur meðal jafningja til gagnrýninnar og uppbyggilegrar samræðu um verkefni kennara sem falla undir þennan starfsþátt á nýliðnu skólaári.

## GAGNAGRUNNUR R&N

Akademískir starfsmenn skólans með rannsóknaþátt skrásetja og lýsa eigin verkefnum sem falla undir starfsþáttinn R&N, hvort sem það er listsköpun, rannsóknir, útgáfa eða tengsl við samfélagið. Afrakstur R&N getur verið í öllum mögulegum birtingarmyndum þeirra listsviða sem skólinn starfar á, og helst í hendur við þá miðla sem kennarar skólans vinna í. Sem dæmi má nefna bókverk, tónverk, myndverk, sýningarstjórnun, bækur, tímaritagreinar, framlag á ráðstefnu, byggingar og manngert umhverfi, forvarsla, gjörningar og hvers kyns sviðsflutningur í rauntíma, hlutir, hönnunarverk, hönnunartillögur, sýningar og kvikmyndir. Skráning í gagnagrunninn nær aftur til skólaársins 2009–2010, en fram að því hafa rannsóknastörf kennara verið talin fram í árlegum skýrslum til rektors. Gagnagrunnurinn er opinn öllum.




Á mynd 29 má sjá hlutfall R&N af heildarvinnuframlagi deilda, sem er hæst í myndlistardeild, eða 18%, og lægst í listkennsludeild og sviðslistadeild, eða 11%.

Nokkur munur er á hlutfalli rannsóknaþáttar milli deilda, sem skapast meðal annars vegna mismunandi eðlis kennsluhátta eftir greinum (einkatímar á móti fjöldafyrirlestrum), eða vegna mismunandi nemendafjölda á námsbrautum. Þá er

hlutfall aðjúnkta miðað við lektora og prófessora mismunandi eftir deildum, en það er lægst í myndlistardeild og rannsóknaþáttur því hærri þar en í öðrum deildum. Stjórnendur skólans eru meðvitaðir um að enn frekar þurfi að styrkja þennan starfsþátt miðað við núverandi hlutfall, m.a. með því að auka veitingar á akademískum störfum og fjárfesta þannig í hærra rannsóknahlutfalli meðal starfsmanna. Það er aftur háð grunnfé til R&N frá ráðuneyti, sem enn hefur ekki tekist að gera samninga um.

Samkvæmt skráningu fyrir yfirstandandi skólaár var heildarfjöldi færslna í flokkana listir og rannsóknir 95, en skráningin nær yfir verkefni sem miðlað var opinberlega á árinu, s.s. myndlistarverk, hönnunarverk, tónverk eða tónflutningur, leikverk, dansverk, ritverk eða hvaða aðrar birtingarmyndir sem starfsemi kennara skólans kann að taka á sig. Á heildina litið er augljóst að kennarar skólans eru afar virkir í að miðla listsköpun sinni út fyrir veggi skólans og eru mikilvægir þátttakendur í lista- og menningarlífi á opinberum vettvangi. Akademískir starfsmenn skólans með rannsóknaþátt voru 35 talsins og fyllti þessi starfsþáttur um 6 heil stöðugildi. Að jafnaði hafa aðjúnktar 13% rannsóknahlutfall, lektorar 20% og prófessorar 30% rannsóknahlutfall, en af þessum starfsheitum eru flest stöðugildi í flokki aðjúnkta yfir allan skólann. Að meðaltali er rannsóknaþáttur um 13% miðað við heildarvinnuframlag deilda.

Á skólaárinu voru 33 útgáfur á vegum starfsmanna skólans. Með útgáfu er átt við birtingar í tímaritum, bókum, sýningarskrám og á öðrum formum, s.s. hljóðritanir og mynddiskar, sem og útgáfa á handritum og nótum, sem beint er til faghópa sem og almennings. Heildarfjöldi birtinga á ritrýndum vettvangi voru 4 á skólaárinu, 1 í listkennsludeild, 2 í tónlistardeild og 1 í hönnunar- og arkitektúrdeild.

MYND 30 - FJÖLDI VERKA AKADEMÍSKRA STARFSMANNA SEM MIÐLAÐ ER OPINBERLEGA




MYND 31 - ÚTGÁFUR




MYND 32 - SAMSTARFSVERKEFNI




Á skólaárinu voru 82 samstarfsverkefni skipulögð innan deilda skólans, ýmist í samstarfi við ríki, sveitarfélög, opinberar stofnanir, félagasamtök og hátíðir af ýmsu tagi. Listaháskólinn leggur áherslu á virk tengsl við atvinnulíf, samfélag, fyrirtæki og stofnanir, auk þess sem samstarf við aðra háskóla hérlendis sem erlendis er mikilvægur þáttur í starfsemi skólans. Á mynd 32 má sjá skiptingu verkefna eftir eðli samstarfsins. Yfirlit verkefnanna er aðgengilegt á vefsvæði rannsóknaþjónustunnar, en til stendur að auka sýnileika þeirra til muna og draga fram þessa gróskumiklu starfsemi kennara og nemenda með mun sterkari hætti en hefur verið.

## STARFSEMI FRAMUNDAN

Í markmiðum sem sett eru fyrir skólaárið 2013–14 er lögð áhersla á að hrinda Rannsóknasjóði og Útgáfusjóði skólans í framkvæmd, auk þess að styrkja markvissan stuðning og innviði skólans til uppbyggingar þekkingar á fræðasviði lista, m.a. með því tryggja grunnfé til R&N, móta regluverk utan um rannsóknaleyfi og gæðamat R&N við skólann, auka hlutfall akademískra stöðugilda með starfsheiti lektors, dósents og prófssors miðað við aðjúnkta, auka rannsóknahlutfall akademískra starfsmanna, skrásetja og miðla með virkari hætti því mikla rannsókna- og nýsköpunarstarfi sem nú þegar á sér stað innan veggja skólans en er lítt sýnilegt í samfélaginu, þróa áfram gagnagrunn R&N og árlegt gæðaeftirlit með þessum starfsþætti með jafningjamati, bjóða upp á relgulegar vinnusmiðjur um listrannsóknir út frá mismunandi fagsviðum sem skólinn starfar á. Þá liggur fyrir að þróa leiðir til að gera rannsóknaþjónustuna skilvirkari og sýnilegri og þróa leiðir til að auka aðsókn kennara og nemenda í þjónustu og ráðgjöf stoðsviðins, auk þess að bjóða upp á námskeið og vinnusmiðjur um umsóknatækni, rannsóknaþjálfun og vettvang til að þróa færni í akademískum skrifum.

Ný stefnumótun skólans er góður leiðarvísir að frekari uppbyggingu á sviðinu, ásamt aðgerðaáætlun sem varðar leiðina að settum markmiðum fram til ársins 2017 og tekur gildi á komandi starfsári.

# NÁMS- OG KENNSLUÞJÓNUSTA

## STARFSEMIN Á SKÓLAÁRINU

Náms- og kennsluþjónusta hefur það meginhlutverk að sjá um sameiginleg málefni sem tengjast námi og kennslu. Þar fer fram umsjón með nemendabókhaldi, stundaskrám, úthlutun kennslurýmis ásamt innritun og útskriftargögnum, skóladagatali, kennslukönnun og útgáfu kennsluskrár. Náms- og kennsluþjónustan annast ýmis málefni sem tengjast stjórnsýslu skólans svo sem endurskoðun og útgáfu skólareglna.

Deildarskrifstofur tilheyra náms- og kennsluþjónustunni og þar geta nemendur og kennara fengið aðstoð og upplýsingar af ýmsu tagi. Nemendur geta nálgast þar vottorð og námsferla.

Náms- og starfsráðgjafi starfar innan náms- og kennsluþjónustu og hefur það að markmiði að efla vitund einstaklinga um viðhorf sín, áhuga og hæfileika þannig að þeir fái notið sín í námi.

Náms- og kennsluþjónustan var stofnuð um áramótin 2012-2013 í kjölfar nýs skipurits skólans. Í stefnumótun Listaháskólans frá 2013- 2017 kemur fram að búa eigi námi og kennslu viðeigandi umgjörð og þar sem þessi starfsemi er nýlega tekin til starfa mun hún verða í þróun innan skólans á næstu misserum.

# TÖLVU- OG VEFÞJÓNUSTA

## STARFSEMIN Á SKÓLAÁRINU

Tölvu- og vefþjónusta Listaháskóla Íslands sinnir rekstri og þjónustu á tölvukerfum skólans auk þess að sinna forritun og hönnun á vef LHÍ.

Tölvu- og vefþjónusta veitir nemendum og starfsmönnum alla almenna þjónustu við tölvutækni og hugbúnað, auk þess að sjá um uppsetningu vefsíðu skólans og aðra netþjónustu sem skólinn þarf á að halda. Jafnframt hefur sviðið umsjón með almennum prentunarmálum og viðhaldi sameiginlegs tækjabúnaðar alls skólans.

Skil urðu á síðasta skólaári þegar eitt starfsgildi deildarinnar fór í að sinna heimasíðu skólans, og við minnkaði önnur þjónusta sem deildin veitti.

Starfsemi tölvu- og vefþjónustu fer fram í þremur húsum en eðli málsins samkvæmt heldur deildin að mestu til í tölvuverinu í Þverholti þar sem aðsetur sviðsins eru svo og skjalaþjónarnir. Þó er tölvu- og vefþjónusta með fasta viðverudaga á Sölvhólsgötu og í Laugarnesi, auk þess sem brugðist er við eftir þörfum.

Það sem hefur einkennt síðasta ár er frágagngur eftir flutninginn í Þverholt og barátta tölvusviðs fyrir því að fá kælingar í vélarrými skólans, sem lauk með því að ráðist var í það sl. vor að kaupa loftkæli í vélarrýmið. Eftir nokkra byrjunarörðugleika virðist sem deildin hafi náð tökum á kælingunni.

## STARFSFÓLK

Tölvu- og vefþjónusta telur þrjú starfsgildi, auk þess sem keyptir er tímar af 1984 ehf í net og kerfisþjónustu.

Starfsmannaskipti urðu á síðasta vetri þegar Bjarni Þórisson hætti og Sigurður S. Halldórsson tók við af honum sem forritari og vefhönnuður.

# LYKILTÖLUR

## NEMENDUR

Skólaárið 2012-13 voru samtals 472 nemendur í skólanum. Það eru heldur fleiri en hafa verið í skólanum undanfarin ár. Fjölmennasta deild skólans er hönnunar- og arkitektúrdeild með 177 nemendur eða um 38% nemenda. Fimm meistaranámsbrautir voru við skólann með 82 nemendur skráða eða rúm 17% af heildarfjölda nemenda. Langflestir nemendur stunda nám á bakkalárstigi eða um 83%.

MYND 33 - NEMENDUR LISTAHÁSKÓLANS




MYND 34 - NEMENDUR EFTIR NÁMSSTIGI




MYND 35 - KYNJAHLUTFÖLL NEMENDA



## ÚTSKRIFAÐIR NEMENDUR

Á skólaárinu útskrifuðust 150 nemendur, fimm að hausti, sjö að vetri og 138 að vori. Einn nemandi útskrifaðist með diplóma, 122 með bakkalárpróf og 27 með meistarapróf.

Flestir nemendur skólans, eða 54%, eru 25 ára og yngri, en einungis 9% nemenda skólans eru eldri en 40 ára. Meðalaldur nemenda er því undir 25 ára. Stærstur hluti nemenda sem eru eldri en 40 ára stunda meistaranám í listkennslu.







## UMSÓKNIR OG INNTAKA

Fyrir skólaárið 2012–13 bárust 649 umsóknir um skólavist og fengu 188 nemendur inngöngu í skólann. Inntökuhlutfall fyrir skólann í heild var tæplega 30%.



## STARFSFÓLK

Við Listaháskólann störfuðu á árinu 101 starfsmenn í 77 stöðugildum. Þar af eru rúmlega 45 akademísk stöðugildi og tæplega 33 stöðugildi á stoðsviðum. Að auki samsvara vinnustundir stundakennara 15,5 stöðugildum, en 339 stundakennarar kenndu við skólann á árinu.

Kynjahlutfall fastráðins starfsfólks Listaháskólans er 39% karlar og 61% konur í heild. Meðal starfsmanna stoðsviða eru 81% starfsmanna konur en í hópi akademískra starfsmanna eru 54% konur og 46% karlar.

Ef litið er á skólann í heild eru 10 nemendur að meðaltali á hvert akademískt stöðugildi, hlutfallið er hæst í listkennsludeild. Að meðtöldum stöðugildum stundakennara verður hlutfallið 7,4 nemendur á hvert stöðugildi að meðaltali.

MYND 39 - AKADEMÍSK STÖÐUGILDI EFTIR DEILDUM




MYND 40 - STÖÐUGILDI FASTRÁÐINNA




MYND 41 - FASTRÁÐNIR OG STUNDAKENNARAR




MYND 42 - KYNJAHLUTFALL STARFSMANNA STOÐSVIÐA (STÖÐUGILDI)




MYND 43 - KYNJAHLUTFÖLL AKADEMÍSKRA STARFSMANNA (STÖÐUGILDI)



# VIÐAUKAR

# LYKILTÖLUR

## 2012 - 2013

### Tölur miðast við skólaárið
### en nemendafjöldi við áramót

## 1.NEMENDUR

| | HEILDARFJÖLDI | H & A | L & D | LIS | MYN | TON |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1.1 Heildarfjöldi ársnemenda á almanaksári** | **452** | **172** | **64** | **51** | **86** | **79** |
| **1.2 Heildarfjöldi nemenda á skólaárinu** | **472** | **177** | **65** | **54** | **92** | **84** |
| **Arkítektúr** | **49** | **49** | | | | |
| 1.ár | | 16 | | | | |
| 2.ár | | 14 | | | | |
| 3.ár | | 19 | | | | |
| **Fatahönnun** | **30** | **30** | | | | |
| 1.ár | | 11 | | | | |
| 2.ár | | 8 | | | | |
| 3.ár | | 11 | | | | |
| **Grafísk hönnun** | **59** | **59** | | | | |
| 1.ár | | 20 | | | | |
| 2.ár | | 18 | | | | |
| 3.ár | | 21 | | | | |
| **Vöruhönnun** | **31** | **31** | | | | |
| 1.ár | | 11 | | | | |
| 2.ár | | 10 | | | | |
| 3.ár | | 10 | | | | |
| **Hönnun MA** | **8** | **8** | | | | |
| **1. ár** | | 8 | | | | |
| 2. ár | | 0 | | | | |
| **Leikarabraut** | **21** | | **21** | | | |
| 1.ár | | | 11 | | | |
| 2.ár | | | 0 | | | |
| 3.ár | | | 10 | | | |
| **Samtímadans** | **23** | | **23** | | | |
| 1.ár | | | 14 | | | |
| 2.ár | | | 0 | | | |
| 3.ár | | | 9 | | | |
| **Fræði og framkvæmd** | **21** | | **21** | | | |
| 1.ár | | | 10 | | | |
| 2.ár | | | 0 | | | |
| 3.ár | | | 11 | | | |
| **Diplomanám til kennsluréttinda** | **6** | | | **6** | | |
| 1.ár | | | | 6 | | |
| **Meistaranám til kennsluréttinda MA** | **3** | | | **3** | | |
| 1.ár | | | | 0 | | |
| 2.ár | | | | 3 | | |
| **Meistaranám til kennsluréttinda M.Art.Ed** | **45** | | | **45** | | |
| 1.ár | | | | 21 | | |
| 2.ár | | | | 24 | | |
| **BA í myndlist** | **84** | | | | **84** | |
| 1.ár | | | | | 30 | |
| 2.ár | | | | | 30 | |
| 3.ár | | | | | 24 | |
| **MA í myndlist** | | | | | **8** | |
| 1.ár | | | | | 8 | |
| 2.ár | | | | | 0 | |
| **Hljóðfæraleikur / söngur Diploma** | **4** | | | | | **4** |
| 1.ár | | | | | | 2 |
| 2.ár | | | | | | 1 |
| 3.ár | | | | | | 1 |
| **Hljóðfæraleikur / söngur BA** | **21** | | | | | **21** |
| 1.ár | | | | | | 5 |
| 2.ár | | | | | | 8 |
| 3.ár | | | | | | 6 |
| 4.ár | | | | | | 2 |
| **Kirkjutónlist** | **0** | | | | | **0** |
| 1.ár | | | | | | 0 |
| 2.ár | | | | | | 0 |
| 3.ár | | | | | | 0 |
| **Skapandi tónlistarmiðlun** | **10** | | | | | **10** |
| 1.ár | | | | | | 5 |
| 2.ár | | | | | | 4 |
| 3.ár | | | | | | 1 |
| **Tónsmíðar BA** | **37** | | | | | **37** |
| 1.ár | | | | | | 13 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 4.ár | | | | | | 1 |
| Tónsmíðar MA | 2 | | | | | 2 |
| 1.ár | | | | | | 0 |
| 2.ár | | | | | | 2 |
| Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf M.Mus | 10 | | | | | 10 |
| 1.ár | | | | | | 5 |
| 2.ár | | | | | | 5 |
| Nýnemar á Bakkalárstigi | 123 | 58 | 35 | 0 | 30 | 0 |
| Nýnemar Meistarastigi | 48 | 8 | 0 | 27 | 8 | 5 |
| Nemendur í fullu námi | 415 | 169 | 62 | 41 | 78 | 65 |
| Nemendur með 25 einingar eða minna á önn | 61 | 9 | 3 | 13 | 17 | 19 |
| **1.3 Kynjahlutföll nemenda** | | | | | | |
| Konur | 285 | 99 | 44 | 41 | 57 | 44 |
| Karlar | 187 | 78 | 21 | 13 | 35 | 40 |
| **1.4 Aldursdreifing nemenda** | | | | | | |
| 25 ára eða yngri | 257 | 91 | 47 | 2 | 58 | 59 |
| 26 - 30 ára | 106 | 57 | 14 | 7 | 20 | 8 |
| 31 - 40 ára | 66 | 20 | 4 | 18 | 12 | 12 |
| 41- 49 ára | 27 | 7 | 0 | 15 | 1 | 4 |
| Eldri en 50 ára | 16 | 2 | 0 | 12 | 1 | 1 |
| **1.4.1 Hlutfall nemenda eldri en 30 ára** | **23%** | **16%** | **6%** | **83%** | **15%** | **20%** |
| **1.5 Fjöldi brautskráðra nemenda á skólaárinu** | **150** | **55** | **25** | **23** | **22** | **25** |
| **1.6 Bakkalárnemar** | **390** | **169** | **65** | **0** | **84** | **72** |
| **1.7 Meistaranemar** | **82** | **8** | **0** | **54** | **8** | **12** |
| **1.8 Hlutföll** | | | | | | |
| **1.8.1 Inntökuhlutfall** | **29%** | **26,0%** | **16,6%** | **77,1%** | **31,7%** | **50,0%** |
| **Fjöldi umsókna á deild / braut** | **649** | **223** | **211** | **35** | **120** | **60** |
| Arkítektúr | | 53 | | | | |
| Fatahönnun | | 30 | | | | |
| Grafísk hönnun | | 73 | | | | |
| Vöruhönnun | | 67 | | | | |
| Hönnun MA | | 13 | | | | |
| Leikarabraut | | | 149 | | | |
| Samtímadans | | | 28 | | | |
| Fræði og framkvæmd | | | 34 | | | |
| Diplomanám til kennsluréttinda | | | | 4 | | |
| Meistaranám til kennsluréttinda MA | | | | 0 | | |
| Meistaranám til kennsluréttinda M.Art.Ed | | | | 31 | | |
| BA í myndlist | | | | | 110 | |
| MA í myndlist | | | | | 10 | |
| Hljóðfæraleikur / söngur Diploma | | | | | | 2 |
| Hljóðfæraleikur / söngur BA | | | | | | 11 |
| Kirkjutónlist | | | | | | 0 |
| Skapandi tónlistarmiðlun | | | | | | 6 |
| Tónsmíðar BA | | | | | | 34 |
| Tónsmíðar MA | | | | | | 2 |
| Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf M.Mus | | | | | | 5 |
| **Fjöldi nýnema í deild / á braut** | **188** | **58** | **35** | **27** | **38** | **30** |
| Arkítektúr | | 16 | | | | |
| Fatahönnun | | 11 | | | | |
| Grafísk hönnun | | 20 | | | | |
| Vöruhönnun | | 11 | | | | |
| Hönnun MA | | 8 | | | | |
| Leikarabraut | | | 11 | | | |
| Samtímadans | | | 14 | | | |
| Fræði og framkvæmd | | | 10 | | | |
| Diplomanám til kennsluréttinda | | | | 6 | | |
| Meistaranám til kennsuréttinda MA | | | | 0 | | |
| Meistaranám til kennsluréttinda M.Art.Ed | | | | 21 | | |
| BA í myndlist | | | | | 30 | |
| MA í myndlist | | | | | 8 | |
| Hljóðfæraleikur / söngur Diploma | | | | | | 2 |
| Hljóðfæraleikur / söngur BA | | | | | | 5 |
| Kirkjutónlist | | | | | | 0 |
| Skapandi tónlistarmiðlun | | | | | | 5 |
| Tónsmíðar BA | | | | | | 13 |
| Tónsmíðar MA | | | | | | 0 |
| Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf M.Mus | | | | | | 5 |
| **1.8.2 Endurkomuhlutfall** | **92%** | **98%** | **NA** | **NA** | **89%** | **90%** |
| Fjöldi nemenda sem hóf nám síðasta ár (h. 2011) | | 49 | NA | NA | 27 | 29 |
| Fjöldi nemenda sem skila sér á 2.námsár (h.2012) | | 48 | NA | NA | 24 | 26 |

## 2. STARFSFÓLK

| | HEILDARFJÖLDI | H & A | L & D | LIS | MYN | TON |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **2.1 Heildarfjöldi ársverka alls starfsfólks á almanaksárinu** | 77 | | | | | |
| **2.2 Heildarfjöldi alls starfsfólks (höfðatala)** | 101 | | | | | |
| **2.3 Heildarfjöldi ársverka starfsfólks stoðsviða** | 32,72 | | | | | |
| **Heildarfjöldi starfsfólks stoðsviða (höfðatala)** | **39** | | | | | |
| Skrifstofa rektors | 2 | | | | | |
| höfðatala | 2 | | | | | |
| Framkvæmda- og fjármálasvið | 4,85 | | | | | |
| höfðatala | 6 | | | | | |
| Hákólaskrifstofa | 12,07 | | | | | |
| höfðatala | 15 | | | | | |
| Bókasafn | 4,8 | | | | | |
| höfðatala | 5 | | | | | |
| Rannsóknaþjónusta | 1 | | | | | |
| höfðatala | 1 | | | | | |
| Tölvusvið | 3 | | | | | |
| höfðatala | 4 | | | | | |
| Mötuneyti | 5 | | | | | |
| höfðatala | 6 | | | | | |
| konur (höfðatala) | 29 | | | | | |
| karlar(höfðatala) | 10 | | | | | |
| konur (stöðugildi) | 26,52 | | | | | |
| karlar (stöðugildi) | 6,2 | | | | | |
| **2.4 Fjöldi akademískra starfsmanna (stöðugildi)** | **45,31** | **11,38** | **8,89** | **2,55** | **8,66** | **13,83** |
| Fjöldi akademískra starfsmanna (höfðatala) | 62 | 14 | 12 | 3 | 11 | 22 |
| konur (höfðatala) | 33 | | | | | |
| karlar(höfðatala) | 29 | | | | | |
| konur (stöðugildi) | 24,46 | | | | | |
| karlar (stöðugildi) | 20,85 | | | | | |
| 25 ára eða yngri | 0 | | | | | |
| 26 - 30 ára | 1 | | | | | |
| 31 - 40 ára | 12 | | | | | |
| 41- 49 ára | 23 | | | | | |
| eldri en 50 ára | 26 | | | | | |
| með Bakkalárgráðu | 0 | | | | | |
| með Meistaragráðu | – | | | | | |
| með P.hd | – | | | | | |
| **2.5 Skipting starfsþátta** | | | | | | |
| kennsluþáttur | 50,6% | 49% | 50% | 34% | 47% | 57% |
| stjórnunarþáttur | 25,3% | 26% | 28% | 55% | 17% | 23% |
| rannsóknaþáttur | 13,8% | 13% | 11% | 11% | 21% | 13% |
| þjónusta (fín- og gróf verkstæði) | 10,3% | 12% | 11% | 0% | 15% | 7% |
| **2.5.1 Deildarforsetar** | **5** | **1** | **1** | **1** | **1** | **1** |
| **2.5.2 Prófessorar(stöðugildi)** | **8** | **2,5** | **1** | **0** | **3** | **1,5** |
| **Prófessorar (höfðatala)** | **9** | **3** | **1** | **0** | **3** | **2** |
| í fullu starfi | 7 | 2 | 1 | 0 | 3 | 1 |
| í 50 - 100% stöðu | 2 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| í minna en 50% stöðu | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| kennsluþáttur | 54,8% | 17,0% | 6,1% | 0% | 20,5% | 10,2% |
| stjórnunarþáttur | 17,5% | 6,1% | 2,7% | 0% | 5,8% | 2,9% |
| rannsóknarþáttur | 28,7% | 8,1% | 3,8% | 0% | 11,3% | 5,6% |
| **2.5.3 Lektorar(stöðugildi)** | **5,33** | **1** | **2,33** | **1** | **0** | **1** |
| **Lektorar (höfðatala)** | **6** | **1** | **3** | **1** | **0** | **1** |
| í fullu starfi (höfðatala) | 5 | 1 | 2 | 1 | 0 | 1 |
| í 50 - 100% stöðu | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| í minna en 50% stöðu | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 |
| kennsluþáttur | 52,3% | 10,2% | 21,6% | 10,2% | 0% | 10,2% |
| stjórnunarþáttur | 26,1% | 4,8% | 11,6% | 4,8% | 0% | 4,8% |
| rannsóknarþáttur | 21,6% | 3,7% | 10,5% | 3,7% | 0% | 3,7% |
| **2.5.4 Aðjúnktar (stöðugildi)** | **26,98** | **6,9** | **4,52** | **0,6** | **4,66** | **10,3** |
| **Aðjúnktar (höfðatala)** | **43** | **11** | **8** | **1** | **8** | **18** |
| í fullu starfi | 9 | 3 | 0 | 0 | 1 | 5 |
| í 50 - 100% stöðu | 21 | 5 | 5 | 1 | 6 | 4 |
| í minna en 50% stöðu | 16 | 3 | 3 | 0 | 1 | 9 |
| kennsluþáttur | 58,9% | 14,1% | 10,6% | 1,3% | 8,0% | 25,1% |
| stjórnunarþáttur | 15% | 4,6% | 2,6% | 0,5% | 1,4% | 6,1% |
| rannsóknarþáttur | 8% | 2,2% | 0,3% | 0,3% | 1,2% | 4,2% |
| þjónusta (fín- og gróf verkstæði) | 18,7% | 5,2% | 3,8% | 0,0% | 4,7% | 3,8% |
| **2.5.5 Stundakennsla (stöðugildi)** | **15,55** | **7,11** | **2,75** | **0,64** | **3,01** | **2,04** |
| **Stundakennarar,erlendir gestakennarar og fyrirlesarar (höfðatala)** | **339** | **123** | **50** | **39** | **64** | **63** |
| stundakennarar (höfðatala) | **301** | 112 | 41 | 31 | 57 | 60 |
| erlendir gestakennarar (höfðatala) | **29** | 10 | 9 | 2 | 5 | 3 |
| fyrirlesarar (höfðatala) | **9** | 1 | 0 | 6 | 2 | 0 |
| **2.6 Fjöldi ársnemenda á akademíska starfsmenn (stöðugildi)** | **10** | **15** | **7** | **20** | **10** | **6** |
| Akademísk stöðugildi og stöðugildi stundakennslu | 60,86 | 18,49 | 11,64 | 3,19 | 11,67 | 15,87 |
| **2.7 Fjöldi ársnemenda á akedemíska starfsmenn og stundakennslu** | **7,4** | **9,3** | **5,5** | **16,0** | **7,4** | **5,0** |
| **2.8 Fjöldi ársnemenda á akedemíska starfsmenn, stundakennslu og stoðsvið** | **4,9** | **1,9** | **0,7** | **0,6** | **0,9** | **0,9** |

| 3. KENNSLA | HEILDARFJÖLDI | MA | M.Art. Ed | M.Mus | BA | B.Mus | Diploma á bakkalárstigi | Diploma á meistarastigi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3.1 Fjöldi viðurkenndra prófgráða í boði við skólann | 7 | | | | | | | |
| 3.2 Fjöldi námsleiða við skólann. | 20 | 4 | 1 | 1 | 11 | 1 | 0 | 2 |
| 3.2.1 Hönnunar og Arkítektúrdeild | 5 | 1 | 0 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 |
| Arkítektúr | | | | | 1 | | | |
| Fatahönnun | | | | | 1 | | | |
| Grafísk hönnun | | | | | 1 | | | |
| Vöruhönnun | | | | | 1 | | | |
| MA Hönnun | | 1 | | | | | | |
| 3.2.2 Leiklistar- og dansdeild | 3 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 |
| Leikarabraut | | | | | 1 | | | |
| Samtímadans | | | | | 1 | | | |
| Fræði og framkvæmd | | | | | 1 | | | |
| 3.2.3 Listkennsla | 3 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Diplomanám til kennsluréttinda | | | | | | | | 1 |
| Meistaranám til kennsluréttinda | | | 1 | | | | | |
| Meistaranám til kennsluréttinda | | 1 | | | | | | |
| 3.2.4 Myndlistardeild | 2 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | | 0 |
| BA í myndlist | | | | | 1 | | | |
| MA í myndlist | | 1 | | | | | | |
| 3.2.5 Tónlistardeild | 7 | 1 | 0 | 1 | 3 | 1 | | 1 |
| Hljóðfæraleikur / söngur - diploma | | | | | | | | 1 |
| Hljóðfæraleikur / söngur | | | | | | 1 | | |
| Kirkjutónlist | | | | | 1 | | | |
| Skapandi tónlistarmiðlun | | | | | 1 | | | |
| Tónsmíðar | | | | | 1 | | | |
| Meistaranám í tónsmíðum | | 1 | | | | | | |
| Meistaranám í Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi | | | | 1 | | | | |
| 3.3 Fjöldi sameiginlegra prófgráða á árinu | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| skipulagðar með innlendum háskólastofnunum | 0 | | | | | | | |
| skipulagðar með erlendum háskólastofnunum | 1 | | | 1 | | | | |

## 4. RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

| | | |
|---|---|---|
| **4.1. Akademískir starfsmenn með rannsóknarþátt á bilinu 13-30% af heildarvinnuframlagi.** | **STÖÐUGILDI** | **HÖFÐATALA** |
| | **28,41** | **35** |
| **Hönnun og arkitektúr** | **7,8** | **10** |
| | **STÖÐUGILDI** | **HÖFÐATALA** |
| Arkitektúr | 1,5 | 2 |
| Fatahönnun | 1 | 1 |
| Grafísk hönnun | 3 | 3 |
| Vöruhönnun | 1,05 | 2 |
| Menningarfræði | 1,25 | 2 |
| **4.1.2 Leiklistar- og dansdeild** | **4** | **4** |
| | **STÖÐUGILDI** | **HÖFÐATALA** |
| Leiklist | 2 | 2 |
| Dans | 1 | 1 |
| Leiklistarfræði | 1 | 1 |
| **4.1.3 Listkennsla** | **1,55** | **2** |
| | **STÖÐUGILDI** | **HÖFÐATALA** |
| Kennslufræði leiklistar | 0,55 | 1 |
| Kennslufræði sjónlista | 1 | 1 |
| **4.1.4 Myndlistardeild** | **5,16** | **6** |
| | **STÖÐUGILDI** | **HÖFÐATALA** |
| Myndlist | 4,16 | 5 |
| Listfræði | 1 | 1 |
| **4.1.5 Tónlistardeild** | **9,9** | **13** |
| | **STÖÐUGILDI** | **HÖFÐATALA** |
| Tónl.flutningur | 5,6 | 8 |
| Tónsmíðar | 3,3 | 4 |
| Tónlistarfræði | 1 | 1 |
| **4.2 Heildarfjöldi list- og rannsóknaverkefna akademískra starfsmanna sem miðlað er opinberlega, s.s. myndlistarverk, hönnunarverk, tónverk eða -flutningur, leikverk, dansverk ,ritverk eða hvaða aðrar þær birtingarmyndir sem starfsemi kennara kann að taka á sig.** | | **95** |
| **Hönnun og arkitektúr** | | **19** |
| Arkitektúr | | 11 |
| Fatahönnun | | 0 |
| Grafísk hönnun | | 3 |
| Vöruhönnun | | 4 |
| **Leiklist og dans** | | **2** |
| Leiklist | | 3 |
| Samtímadans | | 0 |
| **Myndlist** | | **4** |
| **Tónlist** | | **68** |
| Tónlistarflutningur | | 49 |
| Tónsmíðar | | 19 |
| **4.3 Heildarfjöldi birtinga akademískra starfsmanna á ritrýndum vettvangi** | | **4** |
| **4.3.1 Hönnunar- og arkitektúrdeild** | | **1** |
| Hönnunarfræði | | 1 |
| Arkitektúr | | 0 |
| Fatahönnun | | 0 |
| Grafísk hönnun | | 0 |
| Vöruhönnun | | 0 |
| **4.3.2 Leiklistar- og dansdeild** | | **0** |
| Leiklistarfræði | | 0 |
| Leiklist | | 0 |
| Samtímadans | | 0 |
| **4.3.3 Listkennsla** | | **1** |
| Kennslufræði leiklistar | | 0 |
| Kennslufræði sjónlista | | 1 |
| Kennslufræði tónlistar | | 0 |
| **4.3.4 Myndlistardeild** | | **0** |
| Listfræði | | 0 |
| Myndlist | | 0 |
| **4.3.5 Tónlistardeild** | | **2** |
| Tónlistarfræði | | 2 |
| Tónlistarflutningur | | 0 |
| Tónsmíðar | | 0 |
| **4.4 Allar útgáfur birtar í tímaritum, bókum, sýningarskrám og öðrum formum, s.s. hljóðritanir og mynddiskar, sem og útgáfa á handritum og nótum, sem beint er til viðkomandi fagsviðs sem og almennings** | | **34** |
| **4.3.1 Hönnunar- og arkitektúrdeild** | | **12** |
| Hönnunarfræði | | 3 |
| Arkitektúr | | 6 |
| Fatahönnun | | 0 |
| Grafísk hönnun | | 2 |
| Vöruhönnun | | 1 |
| **4.3.2 Leiklistar- og dansdeild** | | **1** |
| Leiklistarfræði | | 0 |
| Leiklist | | 0 |
| Samtímadans | | 1 |
| **4.3.3 Listkennsla** | | **2** |
| Kennslufræði leiklistar | | 1 |
| Kennslufræði sjónlista | | 1 |
| Kennslufræði tónlistar | | 0 |
| **4.3.4 Myndlistardeild** | | **2** |
| Listfræði | | 1 |
| Myndlist | | 1 |
| **4.3.5 Tónlistardeild** | | **17** |
| Tónlistarfræði | | 9 |
| Tónlistarflutningur | | 6 |
| Tónsmíðar | | 2 |
| **4.5 Fjöldi verkefna á árinu sem unnin eru í samstarfi við opinberar stofnanir, sveitarfélög, ríki, fyrirtæki, menningar- og listahátíðir eða félagasamtök.** | | **80** |
| **Með menningarstofnunum og faghópum** | | **21** |
| **Með lista- og menningarhátíðum** | | **11** |
| **Með ríki og sveitarfélögum** | | **7** |
| **Með fyrirtækjum og atvinnulífi** | | **11** |
| **Með grunn- og framhaldsskólum** | | **4** |
| **Með háskólum innanlands** | | 7 |
| **Með erlendum háskólum og tengslanetum** | | **19** |

| | HEILDARFJÖLDI | H & A | L & D | LIS | MYN | TON |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **5.1 Hlutfall nýnema með erlent prófskírteini af heildar innritun á námsbrautir skólans.** | 1% | 1% | 2% | 0% | 0% | 5% |
| 5.1.1 Nýnemar með erlent prófskírteini | **6** | 1 | 1 | 0 | 0 | 4 |
| **5.2 Hlutfall nemenda sem koma til LHÍ gegnum alþjóðlegt samstarf af heildarfjölda nemenda.** | 11% | 9% | 14% | 0% | 18% | 12% |
| 5.2.1 Nemendur sem koma til LHÍ | 52 | 16 | 9 | 0 | 17 | 10 |
| Skiptinám | 36 | 15 | 1 | 0 | 15 | 5 |
| Önnur nemendaskipti | 15 | 1 | 8 | 0 | 2 | 4 |
| Starfsþjálfun | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| **5.3 Inntökuhlutfall skiptináms** | 30% | 26% | 17% | 0% | 33% | 56% |
| Umsóknir um skiptinám | 119 | 58 | 6 | 0 | 46 | 9 |
| **5.4 Hlutfall nemenda sem fara frá LHÍ í gegnum alþjóðlegt samstarf af heildarfjölda nemenda.** | 15% | 5% | 37% | 4% | 32% | 8% |
| 5.4.1 Nemendur sem fara frá LHÍ | 71 | 9 | 24 | 2 | 29 | 7 |
| Skiptinám | 31 | 7 | 8 | 0 | 13 | 3 |
| Önnur nemendaskipti | 31 | 1 | 12 | 2 | 12 | 4 |
| Starfsþjálfun | 9 | 1 | 4 | 0 | 4 | 0 |
| **5.5 Kennaraskipti** | | | | | | |
| 5.5.1 Fjöldi kennara sem koma til LHÍ | 19 | 0 | 1 | 3 | 1 | 14 |
| 5.5.2 Fjöldi kennara sem fara frá LHÍ | 21 | 1 | 5 | 1 | 3 | 11 |
| **5.6 Starfsmannaskipti á stoðsviðum** | | | | | | |
| 5.6.1 Fjöldi starfsmanna sem koma til LHÍ | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 5.6.2 Fjöldi starfsmanna sem fara frá LHÍ | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **5.7 Þátttaka í alþjóðlegum samstarfsverkefnum** | 19* | 6 | 5 | 3 | 5 | 6 |
| **5.8 Styrkir til útskrifaðra nemenda - Leonardo** | 10 | 4 | 2 | 0 | 2 | 2 |

## 5. ALÞJÓÐLEGAR ÁHERSLUR

| | HEILDARFJÖLDI | H & A | L & D | LIS | MYN | TON | Stoðsvið |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **5.1 Hlutfall nýnema með erlent prófskírteini af heildar innritun á námsbrautir skólans.** | 1% | 1% | 2% | 0% | 0% | 5% | - |
| 5.1.1 Nýnemar með erlent prófskírteini | 6 | 1 | 1 | 0 | 0 | 4 | 0 |
| **5.2 Hlutfall nemenda sem koma til LHÍ gegnum alþjóðlegt samstarf af heildarfjölda nemenda.** | 11% | 9% | 14% | 0% | 18% | 12% | - |
| 5.2.1 Nemendur sem koma til LHÍ | 52 | 16 | 9 | 0 | 17 | 10 | 0 |
| Skiptinám | 36 | 15 | 1 | 0 | 15 | 5 | 0 |
| Önnur nemendaskipti | 15 | 1 | 8 | 0 | 2 | 4 | 0 |
| Starfsþjálfun | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 |
| **5.3 Inntökuhlutfall skiptináms** | 30% | 26% | 17% | 0% | 33% | 56% | - |
| Umsóknir um skiptinám | 119 | 58 | 6 | 0 | 46 | 9 | 0 |
| **5.4 Hlutfall nemenda sem fara frá LHÍ í gegnum alþjóðlegt samstarf af heildarfjölda nemenda.** | 15% | 5% | 37% | 4% | 32% | 8% | - |
| 5.4.1 Nemendur sem fara frá LHÍ | 71 | 9 | 24 | 2 | 29 | 7 | 0 |
| Skiptinám | 31 | 7 | 8 | 0 | 13 | 3 | 0 |
| Önnur nemendaskipti | 31 | 1 | 12 | 2 | 12 | 4 | 0 |
| Starfsþjálfun | 9 | 1 | 4 | 0 | 4 | 0 | 0 |
| **5.5 Kennaraskipti** | | | | | | | |
| 5.5.1 Fjöldi kennara sem koma til LHÍ | 19 | 0 | 1 | 3 | 1 | 14 | 0 |
| 5.5.2 Fjöldi kennara sem fara frá LHÍ | 21 | 1 | 5 | 1 | 3 | 11 | 0 |
| **5.6 Starfsmannaskipti á stoðsviðum** | | | | | | | |
| 5.6.1 Fjöldi starfsmanna sem koma til LHÍ | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| 5.6.2 Fjöldi starfsmanna sem fara frá LHÍ | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 |
| **5.7 Þátttaka í alþjóðlegum samstarfsverkefnum** | 19* | 6 | 5 | 3 | 5 | 6 | 1 |
| **5.8 Styrkir til útskrifaðra nemenda - Leonardo** | 10 | 4 | 2 | 0 | 2 | 2 | 0 |
| **5.9 Samstarfsskólar** | 204** | 87 | 38 | 0 | 62 | 65 | 0 |

*sum verkefni tengjast inní fleiri en eina deild

**sumir skólar eiga í samstarfi við fleiri en eina deild

## 6. BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

| | HEILDARFJÖLDI | Þverholt | Laugarnes | Sölvhólsgata |
|---|---|---|---|---|
| 6.3.1 Skráðir lánþegar * | 903 | | | |
| 6.1. Skráð eintök bókasafnsins | 56147 | 14152 | 12660 | 29335 |
| 6.2 Útlán á skólaárinu | 8990 | 2587 | 3210 | 3193 |
| Heimildaleit í tíma BA** | 197 | | | |
| Heimildaleit í tíma MA** | 83 | | | |

*allir lánþegar eru skráðir í Þverholt

**upplýsingafræðingur kennir heimildaleit í námskeiði. Mættir nemendur taldir

# Listaháskóli Íslands

## Ársreikningur

## 2012 / 2013

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5-6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-12 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og hluthafa í Listaháskóla Íslands.**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Listaháskóla Íslands fyrir reikningsárið 1/8/2012-31/7/2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðenda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Ábending**
Án þess að gera um það fyrirvara viljum við vekja athygli á skýringu 9 með ársreikningnum þar sem bent er á að Listháskóli Íslands var rekinn með 19,9 milljóna króna hagnaði á reikningsárinu og eigið fé var í lok tímabilsins neikvætt um 56,3 milljónir króna til samanburðar við neikvætt eigið fé á fyrra ári um 76,3 millónir króna.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á reikningsárinu 1/8/2012-31/7/2012, efnahag þess 31. júlí 2013 og breytingu á handbæru fé á reikningsárinu 1/8/2102-31/7/2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 18. október 2013.

**Deloitte ehf.**

Þorsteinn Pétur Guðjónsson
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Listaháskóla Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu Listaháskóla Íslands í lok rekstrarársins, rekstrarafkomu 1/8 2012 – 31/7 2013 og fjárhagslegri þróun.

Stjórn og framkvæmdastjóri Listaháskóla Íslands staðfesta hér með ársreikning Listaháskóla Íslands fyrir reikningsárið 1/8 2012– 31/7 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. október 2013

Í stjórn

Kolbrún Halldórsdóttir

Kolbeinn Einarsson

Markús Þór Andrésson

Anna Líndal

Jón Olafur Olafsson

Rektor

Fríða Björk Ingvarsdóttir

Framkvæmdastjóri

Magnús Loftsson

# Rekstrarreikningur 1/8 2012 til 31/7 2013

| | Skýr. | 2012 / 2013 | 2011 / 2012 |
|---|---|---|---|
| Tekjur úr ríkissjóði | | 755.491.099 | 658.706.098 |
| Skólagjöld | | 173.498.250 | 135.313.194 |
| Aðrar tekjur | | 32.481.372 | 50.276.562 |
| | | 961.470.721 | 844.295.854 |
| Laun, launatengd gjöld og verktakagreiðslur | 3 | (588.428.676) | (572.039.002) |
| Húsnæðiskostnaður | | (193.636.169) | (183.758.561) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (139.219.864) | (153.767.720) |
| Afskriftir | 6 | (17.731.287) | (20.193.997) |
| | | (939.015.996) | (929.759.280) |
| **Rekstrarhagnaður (tap)** | | 22.454.725 | (85.463.426) |
| Fjármunatekjur | 4 | 618.289 | 1.310.773 |
| Fjármagnsgjöld | 5 | (3.073.767) | (3.666.175) |
| **Hagnaður (tap)** | | 19.999.247 | (87.818.828) |

# Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | 31.07.2013 | 31.07.2012 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 6 | 50.961.229 | 58.671.347 |
| Eignarhlutar í félögum | 7 | 950.000 | 950.000 |
| | | 51.911.229 | 59.621.347 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | 8 | 3.524.186 | 1.389.156 |
| Aðrar skammtímakröfur | 8 | 5.329.937 | 5.276.952 |
| Handbært fé | 8 | 1.204.922 | 1.070.991 |
| | | 10.059.045 | 7.737.099 |
| **Eignir** | | 61.970.274 | 67.358.446 |

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 31.07.2013 | 31.07.2012 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Eigið fé í upphafi árs | 9 | (76.353.730) | 11.465.098 |
| Afkoma ársins | 9 | 19.999.247 | (87.818.828) |
| Eigið fé (neikvætt) | | (56.354.483) | (76.353.730) |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 10 | 3.975.410 | 7.003.411 |
| | | 3.975.410 | 7.003.411 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 11 | 8.296.059 | 10.064.469 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 18.362.170 | 50.249.224 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 11 | 3.407.495 | 9.498.161 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 23.253.200 | 16.886.670 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 11 | 61.030.423 | 50.010.241 |
| | | 114.349.347 | 136.708.765 |
| Skuldir | | 118.324.757 | 143.712.176 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 61.970.274 | 67.358.446 |

# Yfirlit um sjóðstreymi 1/8 2012 til 31/7 2013

| | Skýr. | 2012 / 2013 | 2011 / 2012 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður (tap) | | 22.454.725 | (85.463.426) |
| Afskriftir | 6 | 17.731.287 | 20.193.997 |
| Veltufé frá/(til) rekstrar án vaxta | | 40.186.012 | (65.269.429) |
| Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun) lækkun | | (2.393.565) | 6.390.024 |
| Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun) | | 15.618.302 | 24.636.267 |
| Handbært fé til/(frá) rekstri án vaxta | | 53.410.749 | (34.243.138) |
| Innborgaðir vextir | | 618.289 | 1.310.773 |
| Greiddir vextir | | (3.073.767) | (2.645.652) |
| **Handbært fé frá/(til) rekstri** | | 50.955.271 | (35.578.017) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | 6 | (10.021.169) | (31.053.609) |
| Dansmennt | | 3.855 | (85.171) |
| Styrktarsjóður Halldórs Hansen | | 201.695 | (48.840) |
| Sameinuð stoð- og þekkingarstofnun á Austurlandi | | 0 | (50.000) |
| | | (9.815.619) | (31.237.620) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | | (9.118.667) | (14.057.372) |
| Breyting á skammtímaskuldum við lánastofnanir | | (31.887.054) | 50.249.224 |
| | | (41.005.721) | 36.191.852 |
| Hækkun (lækkun) handbærs fjár | | 133.931 | (30.623.785) |
| Handbært fé í upphafi tímabilsins | | 1.070.991 | 31.694.776 |
| Handbært fé í lok tímabilsins | | 1.204.922 | 1.070.991 |